

allt

MATTHÍAS MÁR MAGNÚSSON:

Ekki hægt að sofa í náttbuxum

tíska • heimili  
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



AUSTURLAND

SKORTUR Á GISTIRYMI:

Álver og Kárahnjúkar smita út frá sér

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júní 2005 – 154. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Orkuveitan á að selja til stóriðju

Sigrún Elsa Smáradóttir segir að sala á orku til stóriðju sé einn af lykilkættum þess að Orkuveita Reykjavíkur skili hagnaði og mikilvægur þáttur í því að fyrirtækið geti vaxið og dafnað.

UMR/EDAN 24



Svið Group


Hefur innreið sína í íslenskt menningarlíf. Stúlkurnar eru einn af þeim hópum sem vinna að Skapandi sumarstarfi Hins Hússins.

UNGT FÓLK 44

Jafntefli á Akureyri

Ísland og Svíþjóð skildu jöfn í síðari vináttulandsleik sínum sem fram fór á Akureyri í gærkvöld.

ÍPRÓTTIR 33



VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ VERÐUR RIGNING MED MORGNIÐUM suðaustanlands en annars yfirleitt þurr. Skýjað með köflum syðra en bjart norðan- og austanlands.

VEÐUR 4

Mr. & Mrs. Smith  
NÚ Í BÍÓ  
FM 957  
spron

## Fjárlaganefnd fjallar ekki frekar um sölu ríkisbankanna

Minnihluti fjárlaganefndar vill kanna hvort Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hafi verið vanhæfur til að fjalla um bankasöluna vegna hugsanlegra tengsla fjölskyldufyrirtækis hans við kaupendur Búnaðarbankans.

**EINKAVÆÐINGIN** Löngum fundi fjárlaganefndar með ríkisendurskoðanda og framkvæmdanefnd um einkavæðingu lauk í gær með samþykkt meirihlutans um að nefndin fjallaði ekki frekar um málið.

„Við mótmæltum þessu,“ segir Lúðvík Bergvinsson þingmaður Samfylkingarinnar og talsmaður minnihlutans í málinu. „Það kom margt fram á fundinum sem kallaði á frekari útskýringar. Þess vegna óskuðum við eftir því að halda þessari umræðu áfram og klára hana í næstu viku. Á það var ekki fallist. Samt eigum við eftir að fara yfir upplýsingar og vinna

úr þeim. Í rauninni er okkur þingmönnum bent á að spyrja viðkomandi ráðherra sjálfa, en þing-ið kemur ekki saman fyrr en fyrsta október,“ segir Lúðvík.

Magnús Stefánsson þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar segir að það hafi verið mat meirihluta fjárlaganefndar að búið væri að fá upplýsingar og svör sem varpi skýru ljósi á málið. „Ég hafði boðið ákveðna leið til þess að ljúka málinu með sátt í nefndinni í næstu viku. Því miður náði það ekki fram að ganga,“ segir Magnús.

Stjórnarandstæðingar í fjár-

laganefnd stöldruðu sérstaklega við bréf sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu barst 2. september 2002 áður en Búnaðarbankinn var seldur. Þar er staðhæft að félagið Hesteyri hf. hafi þá verið að fullu og öllu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Hálfum mánuði fyrr, 16. ágúst 2002, var Hesteyri að hálfu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og að hálfu í eigu Skinn-eyjar-Þinganes, fyrirtækis í eigu fjölskyldu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.

Á þessum tíma var Halldór Ásgrímsson varaformaður ráðherra-nefndarinnar um einkavæðinguna. „Það þarf að kanna sérstak-

lega hvort þau tengsl kunni að gera það að verkum að Halldór Ásgrímsson hafi verið vanhæfur til þess að fjalla um málið. Við vöktum sérstaka athygli á því að það væri óþægilegt að ljúka málinu með þetta upp í loft og reyndum því að fá frekari fundi,“ sagði Lúðvík Bergvinsson.

Magnús Stefánsson formaður fjárlaganefndar segir að þetta bréf hafi verið rætt við einkavæðingarnefndina. „Um er að ræða eitt bréf sem nefndinni mun hafa borist frá einum aðila. Þeir munu senda okkur gögn í framhaldinu og það verður upplýst,“ segir Magnús.

-jh



LOKSINS, LOKSINS, LOKSINS Íslenska landsliðið tók sig loks saman í andlitinu í gærkvöld og sýndi Maltverjum í tvo heimana á Laugardalsvelli. Lyktir leiksins urðu 4-1 Íslendingum í vil. Það voru þeir Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Eiður Smári Guðjohnsen, Tryggvi Guðmundsson og Veigar Páll Gunnarsson sem skoruðu mörk Íslands. Tæplega 5.000 manns horfðu á leikinn í blíðskaparveðri og skemmtu allir sér hið besta. Sjá síður 30-32

## Kuldakast í Evrópu: Snjókoma í Austurríki

VÍN. AP Þótt júní sé genginn í garð þá er kalt í Evrópu. Þegar íbúar í austurrísku Ölpunum vöknúðu í gærmorgun blasti við þeim fjörutíu sentímetra jafnfallinn snjór. Í landbúnaðarhéruðum nærri Verönu í norðaustanverðri Ítalíu varð skyndilegur uppskerubrestur þegar þriðjungur ferskja og epla urðu kuldabola að bráð.

Í Króatíu sem er vinsæl sumarleyfisparadís skortuðu fjallatöpparnir hvítum kollum og hitinn fór niður í þrjár gráður.

Skotar fóru heldur ekki varhluta af kuldunum og fór hiti þar víða niður fyrir frostmark í gær. Breski flugherinn mældi lægsta hita í júní síðan mælingar hófust í Oxfordskíri en þar mældist hitinn einungis 0,3 gráður. ■

Aðstoðarlandlæknir segir öllum aðferðum beitt:

## Tugir falsaðra morfínlyfseðla

**HEILBRIGÐISMÁL** Algenzt er að fíklar úti vegi sér morfín og önnur ávanabindandi efni með því að falsa lyfseðla, að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis. Hann segir líklegt að fjöldi lyfseðla af því tagi hlaupi á tugum það sem af er þessu ári, en kveðst ekki hafa nákvæma tölu yfir þá. Slíkt athæfi verði lögreglumál.

„Þessi lyf sem um ræðir komast með ýmsu móti á svokallaðan fíkniefnamarkað,“ sagði Matthías.

„Embættinu hafa til dæmis borist ábendingar um verkjasjúklinga og fyrrum krabbameinssjúklinga sem eru sagðir halda áfram að fá sterk verkjalyf hjá lækni sínum eftir að þeim er batnað en selja þau síðan og þá með góðum hagnaði. Það getur verið óskaplega erfitt fyrir lækna að neita fólki sem segist vera með mikla verki. Þá leita fíklar allra leiða til að ná sér í efni. Þess eru meira að segja dæmi að leitað hafi verið til land-

lækniseimbættisins eftir uppskrift til að reyna að næla sér í verkjalyf.“

Matthías sagði að landlækniseimbættið hefði svipt einn lækni leyfi til að skrifa út tiltekin verkjalyf það sem af væri þessu ári. Ef embættið hefði sannanir fyrir því að lækarn misnotuðu aðstöðu sína með þeim hætti, þá hik- aði það ekki við að beita slíkum úrræðum.

-jss

Sjá síðu 6

IGveiði vörur  
Fást á þjónustustöðvum  
Esso  
1604 / IG 10



## SPURNING DAGSINS

Hannes, fyrst þú á Járnfrúna?

„Nei, ég gaf mér ekki tíma til þess.“

Breska hjónsveitin Iron Maiden hélt tónleika í Egilshöll í gær. Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur miklar mætur á Margaret Thatcher sem gárungar uppfundu stundum járnfrúna.

Breytingar í hluthafahópi Íslandsbanka:

# Steinunn seldi Burðarási

**VÍÐSKIPTI** „Okkur buðust þessi bréf í dag og við ákváðum að kaupa þau með stuttum fyrirvara,“ sagði Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðarás, í gær eftir að tilkynnt var að félagið hefði keypt rúm fjögur prósent í Íslandsbanka. Seljandi hlutabréfanna var Steinunn Jónsdóttir, stjórnarmaður í bankanum.

Söluverðmæti hlutanna er um 7,3 milljarðar króna. Steinunn keypti hlut í Íslandsbanka í júlí á síðasta ári og bætti við sig hlutum í október. Erfitt er að fullyrða um hagnað hennar af söluinni en líklegt er að hann sé á annan milljarð.

Eftir að Jón Helgi Guðmundsson í BYKO, faðir Steinunnar, seldi nýlega sinn hlut í bankanum til stjórnenda Íslandsbanka hefur verið hörd barátta um hennar hlut. Tengjast þau átök valdabaráttu innan Íslandsbanka. Ekkert liggur fyrir um hvort knúid verður á um stefnubreytingu í bankanum með boðun hluthafafundar. Ef til átaka kemur er líklegt að Burðarás verði samstíga Straumi, stærsta hluthafa banks, en Steinunn hefur stutt núverandi stjórnendur bankans. Salan í gær getur því breytt valdahlutföllum í bankanum þótt ekki sé víst að á það reyni á næstunni.

Friðrik vildi ekkert segja til um það hvort Burðarás ætlaði að bæta við sig í bankanum. Steinunn vildi ekki tjá sig um þessi viðskipti í gær.

- bg



ÁTÖK Í ÍSLANDSBANKA Ófriður í hluthafahópi Íslandsbanka heldur áfram.

Stórtækur þjófur:

## Þrjú innbrot sömu nóttina

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir þrjú þjófnaði og þrjár tilraunir til innbrots.

Öll brotin voru framin aðfaranótt 27. maí á bifreiðastæði við Hátún 10 og 12. Innbrotin voru öll í bíla og tókst manningum að stela munum að verðmæti yfir fimmtíu þúsund króna.

Maðurinn var einnig dæmdur til þess að greiða allan sakakostnað en hann játaði brot sín fúslega.

Þjófurinn sleppur þó við fangelsisvistina haldi hann almennt skilorð í tvö ár.

- mh



HÖFUÐSTÖÐVARNAR Kostnaður við lóðina fór 150 prósent fram úr áætlunum.

Orkuveitan:

## Allt of dýrar framkvæmdir

**BORGARMÁL** Komið hefur í ljós að kostnaður við frágang lóðar höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi nemur 250 milljónum króna og er farið þar duglega fram úr áætlunum.

„Ég veit ekki hvað á að segja um framkvæmd sem fer 150 prósent fram úr áætlun annað en að ég er ekki mjög hissa,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn.

Vilhjálmur segir þetta enn eitt dæmið um það hvernig höndlað er með peninga borgarbúa af skeytingarleysi og það ekki í fyrsta skipti. ■

## BANDARÍKIN

### LÍKAMSHLUTAR AF HIMNUM

**OFAN** Íbúa nærri JFK-flugvællinum í New York brá í brún þegar fótleggur og búkur féllu af himnum ofan á dögnum. Talið er að laumufarþegi hafi komið sér fyrir í hjólakáp farþegaþotu á leið frá Dakar í Senegal en klemmist í hjólabúnaðinum í aðfluginu með þessum hörmulegu afleiðingum.

## LÖGREGLUFRETTIR

### ÚTKÖLL HJÁ SLÖKKVILÐINU

Slökkvilið í Reykjavík fór í tvö útköll á svipuðum tíma í gærkvöldi. Í fyrri tilvikinu reyndist sjónvarpstæki í heimahúsi hafa brætt úr sér og í hinu kviknaði eldur í áhalda- og leikjaskúr við Austurbæjarskólann. Engan sakaði og skemmdir urðu litlar.

# Margir um hituna

Margir eru nefndir sem mögulegt leiðtogaefni sjálfstæðismanna í fyrirhuguðu prófkjöri flokksins í Reykjavík. Oddviti borgarstjórnarflokksins óskar eftir umboði til að leiða flokkinn. Aðrir bíða átektu og tilkynna um framboð síðar.

**STJÓRNMÁL** Svo getur farið að þrír eða fleiri muni keppa um fyrsta sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík í haust. Enginn hefur þó lýst því opinberlega yfir að hann gefi kost á sér til forystu fyrir flokkinn í Reykjavík að Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, oddvita borgarstjórnarflokksins, undanskildum.

„Ég leiði hópinn í dag og tel mig hafa ágæta þekkingu, reynslu og áhuga til að sinna því starfi vel og gef því kost á mér áfram,“ segir Vilhjálmur.

Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, er einn þeirra sem eru að íhuga framboð. „Ég hef notað undanfarna daga til að ræða við menn og konur og þær samræður hafa verið mjög ánægjulegar. Ég tek á næstunni endanlega ákvörðun,“ segir hann.

Gísli Marteinn Baldursson varaborgarfulltrúi ætlar að taka þátt í prófkjörinu en segir óvíst hvort hann stefni á efsta sætið. „Það er ekki kominn sá tímapunktur fyrir mig að tilkynna að ég stefni á tiltekið sæti en ég stefni á eitthvert gott sæti og vona að ég fái stuðning í það,“ segir Gísli Marteinn. Fastlega er búist við því að Gísli Marteinn muni gefa kost á sér í efsta sætið og sama má segja um Júlíus Vífil ef hann tekur á annað borð þátt. Nafn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar borgarfulltrúa hefur einnig verið nefnt í þessu samhengi.

Aðrir borgarfulltrúar flokksins staðfestu í samtali við Fréttablaðið að þeir myndu taka þátt í prófkjörinu að Birni Bjarnasyni frátdum og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur en ekki náðist í hana. Eftir því sem næst verður komist hyggst enginn þeirra blanda sér í slaginn um efsta sætið enda eru



PRÓFKJÖR Í HAUST Búist er við því að margir muni blanda sér í slaginn um efsta sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í haust.



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLMSSON



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

þar fyrir sterkir frambjóðendur. Allur undirbúningur er þó á byrjunarstigi enda prófkjörið haldið í haust.

Nokkur nöfn hafa einnig verið nefnd meðal nýrra frambjóðenda, þar á meðal nafn Þorbjargar

Helgu Vigfúsdóttur varaborgarfulltrúa sem sagði í samtali við Fréttablaðið að hún væri að íhuga alvarlega að gefa kost á sér. „Ég er að skoða málin þessa dagana,“ sagði Þorbjörg.

hjalmar@frettabladid.is



RÚSTIR EINAR Að minnsta kosti fjögur börn létust þegar húsið hrundi.

Fimmtán lík fundin:

## Hús hrundi í Alexandríu

**KAÍRÓ, AP** Í það minnsta fimmtán lík hafa verið grafin úr rústum húss sem hrundi í fyrradag í borginni Alexandríu í Egyptalandi. Á meðal hinna látnu eru fjögur börn.

Húsið féll á vegg skóla sem stóð uppi við það en þar beið hópur kvenna eftir börnum sínum sem voru í skólanum. Þjörgunar-sveitir hafa unnið myrkranna á milli að því að ná konunum á lífi úr steinsteypu- og járnhrúgunni og í gær bjargaðist ein þeirra. Ekki er nákvæmlega vitað hversu margir voru í sjálfu húsinu.

Talið er að byggingin hafi gefið sig en ofan á hana hafði verið staflað þremur aukahæðum í trássi við byggingarreglugerð. ■

## INDLAND

### RÚTA ÓK Á HÁSPENNULÍNU

Hörmulegt sly varð í Andhra í Pradeshríki á Indlandi þegar rúta ók á háspennulínu. Ellefu manns dóu samstundis og fimmtán slösuðust alvarlega. Talið er að of miklum farangri hafi verið hlaðið ofan á þak rútnunnar og því rakst hún í vírinn.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18



Opið virka daga: 10-18 laugardaga: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Kristinn kveðst ekki á leið úr flokknum:

## Dagný ætti að benda á dæmi

**STJÓRNMÁL** Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, telur að Kristinn H. Gunnarsson, flokksbróðir hennar á Alþingi, sé vandamál í Framsóknarflokkinum og þingmaðurinn tæti niður mál sem séu flokknum góð og þörf. Þessu hélt Dagný fram á RÚVAK í gær í umræðum um fylgi flokksins og skoðanakannanir. Kristinn H. Gunnarsson segir að orð Dagnýjar þarfnist rökstuðnings.

„Mér finnst að hún ætti að rökstyðja mál sitt og benda á dæmi því til stuðnings. Afstaða mín til einstakra mála svo sem fjölmiðlamálsins, synjunar forseta á undirritun laganna og kvótakerfisins eru kannski ekki að hennar skapi en ég tel að skoðanakannanir hafi sýnt að flokksmenn séu frekar á þeirri línu sem ég hef lagt áherslu á,“ segir Kristinn.

Hann segir ekki ástæðu til að



KRISTINN H. GUNNARSSON Segist taka afstöðu með vilja flokksmanna.

endurskoða stöðu sína í Framsóknarflokkinum. „Nei, ég held nú ekki en það liggur auðvitað fyrir hvernig ákveðin hlutir hafa gerst. Ég held að það sé rétt að

hafa áhyggjur af stöðu flokksins og ráðlegg mönnum að taka stefnu sem þeir verða svo að framfylgja,“ segir Kristinn.

-hb

Aðeins í 3 daga

Enn eru til heimar þarna úti til að leggja undir sig.

Forstjóri News Corporation.

## Sterkar og stæltar frá Samsonite



30% afsláttur!

Saho ferðatöskur eru einstaklega fallegar og þægilegar töskur á hjólum með útdregnu handfangi. Töskurnar eru í 50, 60 og 74 sm á hæð og fást í þremur litum: rauðum, svörtum og dökkgráum.

Verð frá: 7.489 kr



30% afsláttur!

Saho hliðartaska úr er mjög rúmgóð axlataska sem einnig er hægt að festa á draghandfang á stærri tösku. Taskan er 42 x 32 x 21 sm að stærð og fæst í þremur litum.

Verð áður: 6.199 kr  
Verð nú: 4.339 kr



30% afsláttur!

Saho snyrtitaska er þægileg snyrtitaska fyrir bæði kynin. Taskan er 32 x 25 x 13 sm að stærð og er til í þremur litum.

Verð áður: 2.999 kr  
Verð nú: 2.099 kr



30% afsláttur!

Saho svigskutlan er ein sinnar tegundar. Taskan er á fjórum hjólum og er afar fim í frumskógum stórborganna. Taskan er 54 x 77 x 30 sm að stærð og fæst í þremur litum: rauðum, svörtum og dökkgráum.

Verð áður: 18.999 kr  
Verð nú: 13.299 kr

Verlanir Odda

Borgartúni 29 • 105 Reykjavík • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-18 og lau. 10-17  
Höfðabakka 3 • 110 Reykjavík • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18



www.odd.is





## Verðsprengja

10 stk. stjúpur, hreinir litir

Verð: **399**

# Stórlækkað verð

á sumarblómum



Hengilobelia

**399**



Margaríta  
4 stk.

**999**



Nellíka

**299**



Petúnía

3 stk. **299**



Flauelsblóm

10 stk. **499**

**blómaval**  
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Kringlan - Smáralind



## KJÖRKASSINN

Er rigningin síðustu daga kærkomin?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já 86%  
Nei 14%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að tengja Vatnsmýri og Álfþanes með brú yfir Skerjafjörð?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Nýr lyfjagagnagrunnur þegar farinn að sanna sig:

# Læknafélagið fagnar framtakinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður Læknafélags Íslands fagnar því að landlæknir hafi brugðist við vegna lækna sem ávísad hafa morfinlyfjum óvarlega.

„Þetta sýnir og sannar hversu lítinn hluta læknafélagsins er þarna um að ræða og það er fagnadarefni að landlæknir geti tekið á málum tengdum þeim er ávísad ávanabindandi efnum í meira mæli en eðlilegt er,“ segir Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands.

Hann segir ekkert nýtt að hér á landi séu einstöku læknafróðir ávísad sjúklingum sínum óeðlilegu magni af morfíni eða öðrum ávanabind-



**SIGURBJÖRN SVEINSSON** Segir gagnagrunninn sem notaður er til að fylgjast með lyfjaávisunum lækna þegar hafa sannað sig en Læknafélagið barðist fyrir að honum yrði komið á fót.

andi efnum en nú sé hægt að finna viðkomandi aðila strax með hjálp nýs lyfjagagnagrunns sem land-

læknir hefur aðgang að en Læknafélagið barðist fyrir því að sá grunnur yrði settur á laggirnar. Grunnurinn gerir allt eftirlit með lyfjaávisunum mun einfaldara en áður var og öll óvenjuleg frávik eru rannsökuð.

„Hér á landi eru um 800 starfandi lækna og það er alveg við því að búast að stöku lækna sýni útbrunaeinkenni eins og gerist í öllum öðrum starfsstéttum. Einkenni eru fjármálaóreiða og almennt kærleysi og þessu fólki og skjólstæðingum þeirra þarf að koma til hjálpar. Því ber að fagna að hægt sé að finna viðkomandi fljótt og örugglega.“

- aðe

Stjórnvöld í Kína:

## Ritskoða vefsíður

**VEFURINN** Stjórnvöld í Kína hyggjast taka upp sérstakt eftirlit með blogg síðum og umræðuvefjum.

Opinberrar skráningar vefsíðna hefur lengi verið krafist í Kína. Breska ríkisútvarpið greindi frá því í gær að yfirvöld hefðu nú ákveðið að blogg síður skyldu einnig lúta ríkisvaldi.

Kínverska upplýsingaráðuneytið segir að þjónustur sem halda úti blogg síðum verði nú að skrá allar persónuupplýsingar þeirra sem rita blogg. Verði misbrestur á skráningu liggja við háar sektir. Allar blogg- og vefsíður þarf að skrá fyrir lok mánaðarins. ■

Hermannaveiki í Noregi:

## Upptökin fundin

**NOREGUR, AP** Upptök hermanna-veikifaraldurs í Noregi, sem orðið hefur 10 manns að aldurtila og valdið veikindum yfir 50, hafa verið rakin til loftræstikerfis Borregaard-efnaverksmiðjunnar í Sarpsborg í suðausturhluta landsins.

„Við erum nær fullviss um að hafa þarna fundið upptök veikinnar,“ sagði Svein Roensen læknir við norska fjölmiðla í gær. Fyrstu tilfellin greindust 21. maí í Fredrikstad, nærri Sarpsborg.

Hermannaveiki er sérstaklega skæð eldra fólki og sjúklingum og leggst á öndunarfæri fólks. Bakterían berst gjarnan með loftræstikerfum og vatnskerfum húsa, en smitast ekki á milli manna. Sjúkdómurinn er talinn banvænn í 5 til 30 prósentum tilfella. ■

# Fjörutíu og sjö nýir morfínfíklar komu á Vog í fyrra

Morfínfíklum hefur árlega fjölgað um rúmlega fjörutíu að meðaltali síðustu ár. Síðastliðinn áratug hafa samtals 272 morfínfíklar sem sprautu sig í æð komið til meðferðar á Vog. Af þeim eru fjórtán látnir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Undanfarin fjögur ár hafa rúmlega fjörutíu nýir morfínfíklar bæst árlega í hóp þeirra sprautufíkla sem koma til meðferðar á Vog, að sögn Þórarins Tyrtingssonar yfirlæknis. Á síðasta ári voru nýgreindir morfínfíklar 47 talsins. Af þeim 272 sjúklingum sem leitað hafa meðferðar á Vog undanfarin ár vegna morfínfíklar eru fjórtán látnir.

Landlæknisembættið hefur skorið upp herðir gegn óhóflegum

ávisunum lækna á morfínlyf, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Einkum er um að ræða morfínlyfjöldi contalgin, sem gefið er í forðatöflum við verkjum, í mismunandi styrkleikaflokkum. Að sögn Þórarins kaupa fíklarnir töfluna á 2.500-3.500 krónur eftir því hve styrkleikinn er mikill.

„Við vitum að contalgin-töflur ganga kaupum og sölum,“ sagði Þórarinn. „Það veldur okkur áhyggjum að talsvert virðist vera af contalginu á þessum ólöglega vímuefnamarkaði og menn geta náð í það nokkuð auðveldlega ef þeir eiga peninga. Mikil aukning hefur orðið á morfínlyfjum á markaði á síðari árum. Morfínfíklar voru ekki til fyrir 1999. Þetta eykst frá ári til árs. Við höfum ekki undan, þótt okkur gangi vel að ná fólki út úr þessu. Þá virðist fólk eiga greiðan aðgang að kódeini og verkjalyfjum almennt, sem eykur enn á þennan vanda.“

Þórarinn sagði ýmsar leiðir til að contalgin og önnur morfínlyf kæmst á vímuefnamarkað. Stundum væri þeim stolið frá stofnunum sjúklingum eða ávísad beint af læknum á sjúklinga sem síðan seldu það. „Þá eru sjálfsagt dæmi þess að læknar séu að ávísa á þessi lyf og telji að þeir séu að gera fíklunum gott,“ sagði hann. „En ég kann ekki að segja ná-




**YFIRLÆKNIRINN** Þórarinn Tyrtingsson segir meðferðarstöðina á Vog ekki hafa undan við að aðstoða morfínfíkla og aðra sprautufíkla.

kvæmlega frá þessu ferli. Það er landlæknis og lögreglu að gera það. Við erum á hinum endanum, að reyna að minnka eftirspurnina.“

Þórarinn sagði vonir standa til að þessi mál skýrðust þegar lyfjagagnagrunnur landlæknisembættisins yrði kominn í fulla notkun. [jss@frettabladid.is](mailto:jss@frettabladid.is)

### Sjúklingar sem sprautu morfíni í æð á Sjúkrahúsinu Vog 1993-2004



### FJÖLDI GREINDRA ÓPIUEFNAMISNOTENDA OG FÍKLA Á ÁRNUM 1994-2004

	Konur	Karlar	Alls	Látnir	Konur	Karlar
Morfín misnokun	27	89	126	4	1	3
Morfín fíkn	44	102	146	10	4	6
Morfíntilfelli alls	71	191	272	14	5	9

Landlæknisembættið hefur skrifað út morfín:

## Fíklar eru slyngir að villa á sér heimildir

**MORFÍN** Aðstoðarlandlæknir sýnir læknum sem ávísa morfíni óvarlega nokkra samúð því hann telur fíklana slynga við að leika á fólk.

„Starfsmenn Landlæknisembættisins hafa ávísað ávanabindandi lyfjum þegar fíklar hafa haft samband, borið sig illa og kvartað undan því að ná ekki í lækni til að fá lyf til að lina kvalirnar.“ Þetta sagði Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir, í Hádegisútvarpinu á Talstöðinni í gær.

„Það getur verið að aðgengið að morfíni sé orðið of mikið en það er ekki endilega vegna brots-

legs athæfis hjá læknum. Sumir fíklar eru snjallir í því að leika á fólk, lækna jafnt sem aðra. Það hefur komið fyrir að þeir hafi leikið á okkur hjá landlæknisembættinu, sagst ekki ná í nokkurn lækni, vera krabbameinssjúklingar og illa haldnir af verkjum. Kannski hefur það einhvern tímann því miður leitt til þess að við höfum skrifað út örfáar töflur fyrir þetta fólk sem á alls ekki að gera,“ sagði hann.

Matthías kvaðst skilja lækna. Þeir lendi í klemmu þegar mikið sé um frí og fólk beri sig illa.

„Fíklarnir ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.“

-ghs



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** AÐSTOÐARLANDLÆKNIR

Jóhann Sebastián Bach:

## Áður óþekkt lag fundið

**ÞÝSKALAND, AP** Fundið er í Þýskalandi áður óþekkt aria eftir Jóhann Sebastián Bach. Sagnfræðingar fundu nóturnar innan um bókasafnspappíra í borginni Weimar í Austur-Þýskalandi, að því er fram kom í tilkynningu á vef Bach-safnsins í Leipzig í gær.

Sönglagið samdi Bachs fyrir hertogann af Saxlandi árið 1713, en Bach starfaði við hirð hans. Ekki er vitað hvort verkið hefur einhvern tímann verið flutt. Bach-safnið segir lagið vel samíð, en þó ekki stórkostlegt. Baerenreiter útgáfan þýska hyggst gefa verkið út í haust. ■



**JÓHANN SEBASTÍAN BACH.**

Taktu þátt... [visir](http://visir.is)

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á [visir.is](http://visir.is) og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

**GRÍMAN**  
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við:

BAUSUR GROUP | [actavis](http://actavis.com) | D A G U R group

Þetta er allt að koma

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Allra síðasta sýning föstudagskvöld!

# Vönduð regnföt á ótrúlegu verði



**weather  
report**

**Regnsett**  
sem andar  
svart, rautt  
st. 130-170

**4.999**kr



**weather  
report**

**Regnsett**  
margir litir  
st. 120-170

**2.999**kr

**weather  
report**

**Regnsett**  
bleikt, blátt  
st. 80-120

**2.999**kr



**Regnjakki**  
blár, bleikur  
st. 80-130

**2.499**kr



**Regnbuxur**  
m/ smekkk og án  
bláar, bleikar  
st. 80-130

**1.999**kr



**Gúmmistígvél**  
bleik, svört, st. 21-32

**1.699**kr



**Gúmmiskór**  
bleikir, gulir, svartir, st. 21-32

**1.499**kr



**Stígvél**  
Mjallhvít, Mikki mús  
blá, bleik, st. 20-32

**TILBOÐ**  
**2.499**kr  
Verð áður 2.999-



**Stígvél í bakpoka**  
blá, bleik, st. 22-35

**2.999**kr

Gildir til 12. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Skemmtilegast að versla





## VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir söngvari hljómsveitarinnar Iron Maiden?
- 2 Hvað heitir knattspyrnuliðið sem Guðjón Þórðarson þjálfar?
- 3 Hvar á landinu er Skorradalur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Saurmengun í Arnarneslæk í Garðabæ:

# Skólp var leitt í drenlög

**HEILBRIGÐISMÁL** Mælingar heilbrigðiseftirlits í Arnarneslæk í Garðabæ í maí sýndu saurgerla langt yfir öllum mörkum. Fyrir neðan Ljósamýri í Garðabæ mældust 17.000 saurkóligerlar í hverjum 100 millilítrum vatns og 73 þúsund saurkokkar. Til samanburðar má nefna að í Hraunholtslæk þar sem ástandið er „verst“ mældust 34 saurkóligerlar og 47 saurkokkar í hverjum 100 millilítrum vatns.

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, sagði ekki hafa verið ástæðu til að girða svæðið af. „Ef

þetta væri hreint skólp þá hlýu tölurnar á milljónum, en þetta er ekki til að vaða í og við viljum meina að þarna hafi eitthvað farið úrskeiðis.“

Guðstaf Jónsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar taldi síðdegis í gær að ástæða mengunarinnar væri fundin og rakti hana til mistaka við tengingu skólplagnar frá íbúðarhúsi. „Svo liggur þetta trúlega líka í því hversu lítið vatn er í læknum og þessar tölur því fljótar að fara upp,“ sagði hann.

„Við gerum við þetta í hvelli.“

-óka



ARNARNESLÆKUR NEÐAN LJÓSAMÝRI

Skotárás við leikskóla:

## Skotinn úr bíl á ferð

**SVÍÐJÓÐ** 37 ára gamall maður varð fyrir skotárás fyrir utan við leikskóla í Helsingjborg í Suður-Svíþjóð um helgina. Komu skotin úr Audi-bifreið sem ók þar framhá á fleygiferð. Vitni tók niður bílnúmerið og leiddi það lögreglu á spor hins grunaða, sem er góðkunningi hennar. Það er fórnarlambið reyndar einnig og því er talið líklegt að árársmaðurinn hafi átt einhverjar óuppgerðar sakir við það.

Maðurinn var lagður inn á spítala og að sögn sænsku lögreglunnar er ástand hans stöðugt. Málið er í rannsókn. ■

Sprengjuárás á Bandaríkjaher:

## Tveir drepnir í Afganistan

**AFGANISTAN, AP** Tveir bandarískir hermenn dóu og átta særðust í sprengjuvörpuárás á herstöð í austurhluta Afganistans í gær, að því er fram kom í tilkynningu Bandaríkjahers. Árásin var gerð í austurhluta Paktika-héraðs, nærri landamærum Pakistans.

Í fyrstu sagði herinn að aðeins einn hefði látist, en talsmaður hersins leiðréttaði þær upplýsingar síðar. Hermennirnir sem urðu fyrir árásinni voru að afferma CH-47 Chinook þyrlu. Leitað var að árársarmönnum úr lofti en þeir fundust ekki. ■

Niðurstöður nýrrar breskrar rannsóknar á tvíburum:

## Fullnægingarvandi bundinn erfðum

**BRETLAND** Breskir vísindamenn telja sig hafa fundið út að fullnægingarvandi kvenna kunnir að tengjast erfðum. Breska ríkisútvarpið, BBC, greinir frá rannsókn tveggja vísindamanna á 4.000 kvenkyns tvíburum á aldrinum 19 til 83 ára sem leiðir í ljós að fullnægingarvandi kvenna er ekki einvörðungu tengd sálarlífi og félagslegum þáttum líkt og sumir hafa haldið fram.

Þeir segja þessa ólíku eiginleika kvenna hugsanlega hafa þróast til að gera konum kleift að finna sem hentugastan maka auka.

Þá telja þeir að verði greint hvaða gen ráða þessum þáttum mætti mögulega nota þá vitneskju til að þróa lyf sem hjálpuðu konum að fá fullnægingu. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að konur sem auðvelt eiga með að fá fullnægingu séu líklegri til að setta sig við síður bólfiman maka.

Helmungur tvíburanna var eineggja og deila því sama erfðafni, en hinn helmungurinn ekki. Konurnar voru svo beðnar um að svara skriflega spurningum um ástarlífi sitt. ■



**UNDIRBÚA LEIÐTOGAFUND** Leiðtogar ESB-ríkanna tínast þessa dagana hver á eftir öðrum til formennskuríkisins Lúxemborgar til undirbúnings leiðtogafundarins í næstu viku. Í gær var danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen (t.h.) hjá hinum lúxemborgska starfsbróður sínum, Jean Claude Juncker. Blair hittir Juncker síðastur.

Fjárlög ESB:

# Blair hótar neitunarvaldi

**BRETLAND, AP** Fyrst stjórnarskrársáttmálinn og nú fjárlögin? Breski forsætisráðherrann Tony Blair varaði við því í gær að Bretar myndu beita neitunarvaldi gegn næsta fjárlagaramma Evrópusambandsins ef hin ESB-ríkin munu standa fast á þeirri kröfu að Bretar gefi eftir endurgreiðslu sem þeir hafa fengið úr sjóðum ESB frá því að Margaret Thatcher samdi um hana árið 1984.

Hótun Blairs setur sambandið í enn meiri vanda eftir að bæði franskir og hollenskir kjósendur höfnuðu stjórnarskrársáttmálanum í þjóðaratkvæðagreiðslum í síðustu viku. Til stendur að leggja endanleg drög að fjárlagaramma ESB á tímabilinu 2007-2013 á leiðtogafundi í næstu viku, Milljarða-endurgreiðslurnar

sem Bretar fá með þessum hætti eru þynnrir í augum ráðamanna í meginlandsríkjum ESB. Þeir telja þær vera tímaskekkju og tákni um að Bretar telji sig ekki eiga fulla samleið með meginlandinu. Gerhard Schröder Þýskalandskanslari lýsti vonbrigðum með afstöðu Bretlandsstjórnar. „Allir verða að hreyfa sig,“ sagði hann og knúði á um að samningum um fjárlagarammann 2007-2013 verði lokið án tafar.

Evrópuþingið ályktaði í gær að miða skyldi fjárlög ESB á þessu tímabili við 1,07 prósent af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna. Þessi tala er mitt á milli þeirra 1,14 prósent sem framkvæmdastjórn ESB leggur til og þess 1 prósent sem þau sex aðildarríki, sem mest greiða í sjóði ESB, hafa lagt til. - aa

Aldraðir og 75 prósent öryrkjar:

## Brýr og krónur greiddar niður

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldraðir og öryrkjar með 75 prósent örorkumat geta nú fengið greiddan niður kostnað við föst tanngervi, það er brýr og krónur, um 40 – 80 þúsund krónur á hverju almanaksári.

Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur sett reglugerð um þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar. Samkvæmt henni er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða kostnað aldraðra og öryrkja eins og að ofan greinir vegna fastra tanngerva. Reglugerðin tekur gildi við birtingu.

Auk þessarar breytingar verður TR nú heimilt að greiða niður tannlæknaðkostnað til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sýkinga í tönnum og



**NIÐURGREIÐSLA** Tryggingastofnun hefur nú fengið heimild til að greiða niður föst tanngervi fyrir aldraða og öryrkja.

tannvegi á heilsu ónæmisbæðra sjúklinga. Niðurgreiðslan tekur einkum til sjúklinga með hvítblæði eða krabbamein á höfuð- eða hálssvæði, væntanlega líffæraþega, sjúklinga sem þurfa mergskipti og annarra sambærilegra sjúklinga. - jss

# Sumarsprengja

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál

Alt að  
**30%**  
afsláttur

Verð frá  
aðeins kr.  
Stgr.

129.900.-

\*Tvöfaldir kæli- og frystiskápar

DVD spilari með karaoki  
Sprengjuverð kr.

6.490.-

ELFUNK 21" Sjónvarp og DVD spilari  
Sprengjuverð kr.

22.900.-

ELFUNK 14" Sjónvörp  
Sprengjuverð kr.

9.900.-

ELFUNK 20" Sjónvörp  
Sprengjuverð kr.

13.900.-

Fagor pottar og pottasett  
með miklum afslætti

2  
tæki saman

**Nardi ofn FEA971X**  
Fjölkerfa ofn með pizzastillingu og heitum blæstri  
**Edesa helluborð 3VET 132X**  
Keramík borð með snertitökum og stálramma

79.900.-

**WhiteKnight þéttþurrkari CL 767LDO**  
6kg barkalaus þéttþurrkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kællir niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

39.900.-

**WhiteKnight þurrkari CL 447**  
Frábær 5kg þurrkari með barka, tímastillingu og með krumpuvörn  
Hæð: 85 cm - Breidd: 60 cm Dýpt: 60 cm  
Að sjálfsgöngu fylgir barki með

18.700.-

**EDESA þvottavél L3126**  
6 kg, 1200 Sn, þvottavél. Auka skól í lokin, stoppi síðasta skolvatni, stór hurð sem opnast 180° Einfeld í notkun. Klukka sem sýnir þvottatíma.

1200 SNÚNINGA

44.900.-

**RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF**

- ANNO 1929 -

Skútvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Opið laugard, 11:00 - 16:00



VIÐ LÁNUM ÞÉR ALLT AÐ  
**80%** AF KAUPVERÐI

OPIN BÍLALÁN™

# VIÐ LÁNUM ÞÉR SAMAN HVAR ÞÚ TRYGGIR!

**Hagstæðustu kjörin** - engin lántökugjöld til 1. ágúst

**TM** býður nú fyrst tryggingafélaga bílalán án þess að gera kröfu um tryggingar hjá félaginu\*.

**TM** veitir nú þegar hagstæðustu kjör á lánamarkaðnum til ökutækjakaupa. Vextir óverðtryggðra lána eru **9,5%**, vextir verðtryggðra lána **6%**, lántökugjöld eru felld niður til 1. ágúst nk.

\*Þú velur hvar þú tryggir, en bifreiðin þarf að vera kaskótryggð á lánstímanum.

**Kynntu þér OPIN BÍLALÁN TM**

– þetta eru skilyrðislaust bestu bílalánin á markaðnum.



Skíðasvæði Dalvíkinga verður snævi þakið allan næsta vetur:

## Dalvíkingar hefja snjóframleiðslu í haust

**SKÍÐI** Skíðafélag Dalvíkur stefnir á að hefja snjóframleiðslu í Bökkvissstaðafjalli í haust. Kostnaðurinn er talinn vera um 21 milljón króna og segir Óskar Óskarsson, formaður félagsins, að fjármögnun gangi vonum fram. „Við erum að leita eftir framlögum frá aðilum innan og utan bæjarins og höfum nú þegar fengið loforð fyrir meira en helmingnum af kostnaðinum. Því verður varla til baka snúið,” segir Óskar.

Vegna snjóleysis hefur gengið erfiðlega að halda skíðasvæðunum á Norðurlandi opnum undanfarna vetur. Snjóframleiðsla

hefst í Hlíðarfjalli við Akureyri í haust og mun Vetraríþróttamiðstöð Íslands fjármagna kaup á snjóframleiðslukerfi sem kostar um 80 milljónir króna. Óskar segir að skíðasvæði Dalvíkinga sé smærri í sniðum og því sé kostnaðurinn við snjóframleiðslu þar minni en í Hlíðarfjalli. „Ákvörðun um snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli ýtti við okkur og það er ljóst að við höfum ekki hug á að sitja eftir með sárt ennið: með mannvirki í fjallinu upp á tugi milljóna króna en engan snjó,” segir Óskar.

- kk



**JACKSON-DÓMS BEIÐIÐ** Stuðningsmaður Michaels Jackson heldur á borða með áprentaðri mynd af poppgoðinu fyrir utan dómhúsið í Santa María í Kaliforníu, þar sem kvíðdómur í máli hans sat í gær á rökstólum þriðja daginn í röð. Í bakgrunni sést spjald með boðskap herskára andstæðinga Jacksons, sem vilja að „kynvilltir barnaniðingar“ verði tafarlaust teknir af lífi.



**SKÍÐASVÆÐI DALVÍKINGA** Formaður Skíðafélags Dalvíkur segir að uppbyggingarstarfið á skíðasvæðinu síðustu 30 ár verði að engu ef ekki verði brugðist við veðurfarabreytingum með framleiðslu á snjó.

Orrí Gunnarsson verkfræðingur ómyrkur í máli:

## Þörf á mun meiri þéttingu byggðar

**BORGARMÁL** „Með hliðsjón af viðmiðum um þéttbýli og þéttleika byggðar þá er ég ekki viss um að Reykjavík félli annars staðar undir þá skilgreiningu að teljast borg,” segir Orrí Gunnarsson verkfræðingur. Hann gagnrýnir hversu mikið landsvæði innan borgarmarkanna fer undir samgöngumannvirki og telur það óeðlilega mikið miðað við aðrar borgir af sömu stærðargráðu.

Bendir Orrí á tölur Niels Einar Reynissonar máli sínu til stuðnings en Niels komst að því að tæp 50 prósent landflæmis innan borgarmarkanna fara undir samgöngumannvirki. „Ég nefni sem dæmi fjölda mislægra gatnamóta í borginni en hvergi annars staðar

er hægt að finna tólf slík í 150 þúsund manna borg. Það eru til milljónaborgir sem aldrei hafa byggt ein slík gatnamót og almennt er staðan sú í dag að lagst er gegn slíkum mannvirkjum. Land undir slíkt er bæði stórt og dýrt, framkvæmdin er dýr, viðhald er dýrt og deila má um hvort þau leysa einhvern vanda.“

Orrí segir að rannsóknir hafi sýnt að ólíkt því sem áður var haldið þá dragi þétting byggðar úr umferð en ekki öfugt. Þá gefst meira og betra tækifæri til að nýta almenningssamgöngur og borgaryfirvöld þurfa að framfylgja stefnu sinni um þéttingu byggðar mun harðar fram.“

- aðe



**ÞÉTTING BYGGÐAR** Borgaryfirvöld hafa um hríð haft þéttingu byggðar í forgangi en Orrí Gunnarsson segir að enn harðara átak þurfi til.

Óeirðir í Eþíópíu vegna kosninga:

## Öryggissveitir skutu á mótmælendur

**EÞÍÓPÍA. AP** Að minnsta kosti tuttugu og tveir létust í skothríð öryggissveita eþíópísku ríkisstjórnarinnar í höfuðborginni Addis Ababa í gær.

Öryggissveitirnar hófu skothríðina þegar mótmælendur tóku að flegja grjóti á átt að þeim.

Miklar óeirðir hafa nú verið í höfuðborginni síðustu þrjá daga en mótmælendur saka ríkisstjórnarflokkinn og forsetann um að hafa svindlað í kosningum sem haldnar voru fyrir þremur vikum. Ríkisstjórnin segir að öryggissveitirnar hafi einungis verið að reyna að stilla til friðar og staðfestir ekki fregnir um mannfall.

Meles Zenawi, forseti landsins, bannaði öll mótmæli strax eftir kosningarnar 15. maí en mótmælendur létu bannið ekki stöðva sig. Þeir telja að forsetinn hafi brotið á kosningarétti fjölmargra.

Eftirlitsmenn frá Evrópusambandinu sem fylgdust með kosningunum á sínum tíma sögðu þær



**LÍK Á SJÚKRAHÚSI Í ADDIS ABABA** Mótmælendur vilja meina að ríkisstjórnarflokkurinn hafi svindlað í kosningum. Öryggissveitir skutu tugi til bana eftir að mótmælendur hófu grjótkast.

hafa verið þær lýðræðislegustu sem landið hefur upplifað. Engu að síður báru eftirlitsmennirnir vitni um allmörg brot á mannréttindum kjósenda. ■

Síðustu sætin í sólinu í júní og júlí.

# Sólarlottó

Sama sólin, sama friið en á verði fyrir þig.

- Þú velur áfangastað og ferðadag og tekur þátt í lottóinu um hvar þú gistir.
- Viku fyrir brottför staðfestum við gististaðinn.

Netverð frá **39.990\*** kr.

á mann miðað við 2 eða 4 í stúdíói eða íbúð. Enginn barnaafsláttur.

\*Innifalið er flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

**Spilaðu með!**

**plús FERDIR**

www.plusferdir.is

Hlíðasmíra 15 • 200 Kópavogur • Sími 535 2100

**Krit**  
27. júní, 4. 25. júlí  
22. og 29. ágúst

**Mallorca**  
15. 29. júní, 6. 13. júlí  
17. og 24. ágúst

**Costa del Sol**  
16. 23. 30. júní  
7. 21. júlí og 18. ágúst

**Portúgal**  
20. 27. júní, 4. 11. 18. júlí  
15. og 22. ágúst

## Menningarhátíð Seltjarnarness

**Fimmtudagur 9. júní**

**20:00 Seltjarnarneskirkja**

**Tónleikar Selkórins** Stjórnandi Jón Karl Einarsson, píanóleikari Dagný Björgvinsdóttir. Sérstakur gestur Auður Hafsteinsdóttir bæjarlistamaður 2005. Léttar veitingar.

**Föstudagur 10. júní**

**15:00 Bókasafn Seltjarnarness**

**Setning menningarhátíðar**

Opnun myndlistarsýningar leikskól barna. Afhending á fyrsta eintaki bókarinnar Myndlykils í ritstjórn Ásdísar Ólafsdóttur. Sýning á handgerðum brúðum Rínu Gísladóttur. Uppllestur Margrétar Helgu Jóhannsdóttur. Afhending á gjöf til Náttúrugripasafnsins.

**16:00-19:00 Mýrarhúsaskóli**

**Opið hús** Mýrarhúsaskóli 150 ára. Tónlistarmarapón Auðar Hafsteinsdóttur.

**17:00-20:00 Vinnustofa Tolla**

**Opið hús að Austurströnd 5** Hljómsveitin Papar spilar við opnun sýningar.

**18:30/20.00 Félagsheimili**

**Matur og leikhús** Leiklistarfélag Seltjarnarness sýnir Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson. Léttur kvöldverður fyrir sýningu.

**Laugardagur 11. júní**

**10:00 Eiðistorg**

**Morgunverður fyrir bæjarbúa** í boði menningarnefndar. Fjölbreytt dagskrá, m.a. sýna eldri borgarar dans. Lúðrasveit Tónlistarskólans spilar. Jónatan Arnar og Hólmfríður dansa. 6IJAZZ spilar. Atriði frá Ballettskóla Guðbjargar Björgvinsdóttur og Selkórinn syngur nokkur lög.

**14:00-18:00 Skemmtidagskrá við sundlaug**

**Opið hús í Selinu og í Ballettskóla**

**Guðbjargar. Hjólabrettapallur vígður** Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri klippir á borðann, hjólabrettakrakkar leika listir sínar.

**15:30-19:30 Bílastæði við sundlaug**

**Útítonleikar unglíngahljómsveita**

Nóbel, DjósúA, Amlóði, Torsio Testis, Bertel, Maximum, Blazer o.fl.

**19:30-24:00 Félagsheimili**

**Listaklúbburinn Nes Café** fær fjölda tónlistarmanna til liðs við sig. 6IJAZZ, Monika Abendroth, Jazztrío Sunnu Gunnlaugs, Inga Stefánsdóttir, Ingvi Þór Kormásson og JJ Soul Band o.fl. Kráarmatseðill Veislunnar.

**Sunnudagur 12. júní**

**11:00 Seltjarnarneskirkja**

**Messa** Sr. Sigurður Grétar Helgason, organisti Pavel Manasek. Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur. Ingibjörg Halldórsdóttir leikur á píanó og Geirþrúður Guðjónsdóttir á fiðlu. Margrét Helga Jóhannsdóttir bæjarlistamaður 2004 les sögu. Kaffi í safnaðarheimili.

**14:00-17:00 Hús eldri borgara við Skólbraut**

**Myndlistarnámskeið fyrir eldri borgara** Nikulás Sigfússon listmálarí leiðbeinir. Skráning hjá Þóru Einarssdóttur í síma 5959 133.

**20:00 Kisuklappir við Norðurströnd**

**Kvika, útilistaverk Ólafar Nordal vigt.**



SELTJARNARNES BÆR  
Menningarnefnd



**Vinnustofur opið hús**  
Auður Sigurðardóttir Bergi, Vesturströnd 10 Laugardag kl. 14-18

Gerður Guðmundsdóttir Unnarbraut 18 Laugardag kl. 14-18

Kristín Gunnlaugsdóttir Unnarbraut 20 Laugardag kl. 14-18

Messíana Tómasdóttir Vesturströnd 2 Laugardag kl. 14-18

Ragna Ingimundardóttir Strönd, Nesvegi 109 Laugardag kl. 14-18

Vinnustofa Tolla Austurströnd 5 Föstudag kl. 17-20 Laugardag kl. 14-18 Sunnudaginn kl. 14-18

**Vinnustofur í Bónushúsi** opnar laugardag kl. 14-18. Guðrún Einarssdóttir Helga Kristrún Hjálmarssdóttir Ilmur María Stefánsdóttir Rebekka Jónsdóttir Rína Gísladóttir Arnar Ásgeirsson Styrmir Örn Guðmunds. \*Einnig opið sunnudag.

# Staðreyndirnar tala

## – byggingavörur á **betra** verði



Málningavörur	MÚRBÚÐIN	Byko	Húsasmiðjan	Harpa Sjöfn
Útimálning 10 lítrar	<b>2.990</b> kr. Alfacryl	<b>4.390</b> kr. Byko úti/inni	<b>4.990</b> kr. Húsasm. útim.	<b>4.990</b> kr. Útitex
Innimálning 7% 10 lítrar	<b>2.690</b> kr. Dekacryl 7	Ekki til	<b>4.590</b> kr. Jotaprof 7%	<b>4.600</b> kr. Polytex 7%
Pakmálning 10 lítrar	<b>5.260</b> kr. Deka Tex	<b>12.203</b> kr. Pol	<b>10.990</b> kr. Jötun	<b>15.216</b> kr. Fjölakryl 50
Sílan (vatnsfæla) pr. líter	<b>492</b> kr. Deka sílan	<b>1.195</b> kr. Vatnsvari 40	<b>949</b> kr. Kíslill	<b>990</b> kr.
Epoxy gólfmálning pr. líter	<b>896</b> kr. Deka Topp 896	<b>2.179</b> kr. Málning	<b>1.585</b> kr. Sigural	<b>2.388</b> kr. Aqua epoxy
Samskeytaspartl 18 lítrar	<b>1.390</b> kr. Deka Rock	<b>2.300</b> kr. Sheetrock	<b>3.275</b> kr. Sheetrock	<b>3.516</b> kr. Sheetrock
Medium sandspartl 10 lítrar	<b>1.794</b> kr. Dalapro	<b>2.998</b> kr. Nordsjö	<b>2.995</b> kr. Jötun	<b>2.250</b> kr. Flugger
Spartlspaði 45 cm	<b>751</b> kr. Spekter	<b>1.481</b> kr. Spekter	<b>1.695</b> kr. Anza	<b>810</b> kr.
Bakki og rúlla	<b>649</b> kr. Fia	<b>814</b> kr. Anza	<b>1.195</b> kr.	<b>784</b> kr.
Ofnapensill 50 mm	<b>274</b> kr. Mako	<b>299</b> kr. Mako	<b>695</b> kr. Anza	<b>585</b> kr. Penslaverksmiðjan
<b>Múrefni / Flísavörur / Áhöld</b>				
Flotefni 25 kg	<b>1.519</b> kr. ABS 147	<b>1.558</b> kr. Flotgölf	<b>2.050</b> kr. Húsaflot	Ekki til
Glersteinamúr 20 kg	<b>1.560</b> kr. Optiroc	<b>2.690</b> kr. Optiroc	Ekki til	Ekki til
Flex flísalím grátt 25 kg	<b>1.595</b> kr. Deka Flex	<b>1.990</b> kr.	<b>2.795</b> kr. Mapei keraflex	Ekki til
Múrblanda 5 kg	<b>399</b> kr. Deka	<b>826</b> kr. Sika mörtel	<b>878</b> kr. Mapei grout	Ekki til
Múrfata 12 lítra	<b>294</b> kr.	<b>513</b> kr.	<b>845</b> kr.	Ekki til
Flísalímglattari 6x6 mm	<b>198</b> kr. Ranatools	<b>803</b> kr. Lux	<b>895</b> kr.	Ekki til
Flísaög 500 w	<b>5.490</b> kr. Einhell	<b>8.990</b> kr. Hanseatic	Ekki til	Ekki til
Hræripinni fyrir 20 kg	<b>995</b> kr. Mako	<b>1.645</b> kr. Meka	<b>1.995</b> kr. Unimixer	<b>940</b> kr. Perfecta
Demantsbolli 5" tvöfaldur	<b>6.990</b> kr. Dimo	<b>11.516</b> kr.	<b>20.095</b> kr.	Ekki til
Granít skurðarblað 300 mm	<b>10.147</b> kr. Dimo	<b>29.286</b> kr.	Ekki til	Ekki til
Steypuhrærivél	<b>34.900</b> kr. Betomix 134 l	<b>67.640</b> kr. Attika 165 l	<b>64.895</b> kr. Attika 165 l	Ekki til
Steypuskafa	<b>1.279</b> kr. Marshalltown	<b>3.776</b> kr. Kraft	<b>4.899</b> kr.	Ekki til
<b>Ýmsar byggingavörur</b>				
Rakavarnarplast 0,2 mm	<b>kr. 59</b> /m <sup>2</sup>	<b>kr. 102</b> /m <sup>2</sup>	<b>kr. 98</b> /m <sup>2</sup>	Ekki til
Byggingaplast 0,15 mm	<b>kr. 25</b> /m <sup>2</sup>	<b>kr. 69</b> /m <sup>2</sup>	<b>kr. 41</b> /m <sup>2</sup>	Ekki til
Festifrauð 750 ml	<b>495</b> kr. Deka	<b>899</b> kr. Sika	<b>899</b> kr. Sondal	Ekki til
Límkítta 300 ml	<b>539</b> kr. Danalim	<b>873</b> kr. Sika	<b>828</b> kr. Sondal	<b>1.590</b> kr. Casco
Verfærakista 22"	<b>1.990</b> kr. Keter Hammer	<b>1.990</b> kr.	<b>2.895</b> kr. Keter Hammer	Ekki til
Álréttskíð 2,5 m m/dropa	<b>4.133</b> kr.	<b>7.764</b> kr.	<b>6.419</b> kr.	Ekki til
Málband 5 m	<b>249</b> kr. Ranatools	<b>990</b> kr. Lux	<b>795</b> kr. KMC	Ekki til
Háprýstidæla 100 bör	<b>5.900</b> kr. Einhell	<b>9.900</b> kr. Bosch Aquat	<b>8.955</b> kr. Systema	Ekki til

 Táknar lægsta verð

Verðkönnun gerð af starfsmönnum Múrbúðarinnar 3. og 4. júní 2005. Leitast var við að velja vörur af sambærilegri gerð.

Hættum að taka mark á innantómum slagorðum

Lægra verð á byggingavörum fyrir ALLA – ALLTAF!

það besta þú getur  
þar sem þú ert  
Stóra sáttir þú veitir  
Besta verðið  
Tilboð  
Á VERÐI FYRIR ÞIG  
Ekkert mál



# MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**FLÓÐ Í BÚLGARÍU** Kona, sem hefur forðað sér upp á þak bíls síns, bíður björgunar í bænum Pernik um 30 km suðvestur af búlgörsku höfuðborginni Sofíu í gær. Mikil úrkoma síðustu vikur hefur valdið skaðræðisflóðum víða um landið sem hafa kostað nokkur mannlíf og valdið tjóni á mannvirkjum.

Raufarhafnarbúar eru óhressir með lítinn stuðning ríkisstjórnarinnar:

## Undrast aðgerðarleysi stjórnvalda

**RAUFARHÖFN** Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri í Raufarhafnarhreppi, segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með lítinn stuðning stjórnvalda, en þau hefðu gefið vilyrði fyrir aðstoð þegar staðurinn gekk í gegnum mikla erfiðleika. „Ég hélt að það væri meira kjöt á þessum beinum ríkisstjórnarinnar, því það hefur ekki farið mikið fyrir þeim stuðningi sem talað var um.“

Staða Raufarhafnar hefur batnað mikið, en að sögn Guðnýjar er það aðgerðum sveitarstjórnarinnar sjálfar að þakka. Væntingar sem gerðar hafi

verið til nefndar sem skipuð var af Valgerði Sverrisdóttir, ráðherra byggðamála, hafi verið miklar og því vonbrigði að henni hafi ekki tekist að standa undir þeim.

Valgerður Sverrisdóttir segir málið flóknara en svo að nefndastarf komi með endanlegar lausnir á svona málum. „Það er nú ekki svo að ríkisstjórnin geti dregið lausnir í svona málum upp úr hatt. Nefndin sem skipuð var kom hins vegar ýmsum málum á hreyfingu, og beitti sér fyrir því að koma upp meiri atvinnustarfsemi á svæðinu, sem síðar varð raunin.“



**FRÁ RAUFARHÖFN** Sveitarstjórnin í Raufarhafnarhreppi segir stuðning ríkisstjórnarinnar hafa verið lítinn.

Ekki til eftirbreytni:

## Níræð kona barði þjóf

**BANDARÍKIN, AP** Katherine Woodworth, 91 árs gömul kona, barði töskuþjóf með innkaupapoka sínum og hrakti á endanum á flötta á bílastæði verslunar í Toledo í Bandaríkjunum um helgina.

„Ég var ekki með heyrnar-tækið og vissi í fyrstu ekki hvað hann sagði,“ sagði hún og kvaðst í fyrstu hafa misskilið ræningjann. „Svo endurtók hann að hann vildi töskuna og ég hélt nú ekki.“

Í kjölfarið handtók lögregla tvítugan mann og kærði fyrir þjófnaðartilraun, árás og fyrir eiturfjaneyslu.

Lögregla taldi þó óráðlegt að konur á þessum aldri tækjust á við árásmenn. Konan taldi aldurinn þó litlu skipta. „Ég verð 92 í ágúst og er líklegra kjarkmeiri nú en þegar ég var yngri,“ sagði hún. ■

## Kennurum settir afarkostir

Skólastjórn Landakotsskóla sendi nokkrum kennurum skólans bréf í gær þar sem sagt er að skriflegur stuðningur við stjórnina sé skilyrði fyrir því að þeir haldi starfi sínu við skólann. Foreldrar funda með stjórninni í kvöld þar sem afsagnar hennar verður krafist lagist staðan ekki.

**SKÓLAMÁL** Nokkrir kennarar Landakotsskóla fengu í gær bréf frá skólastjórn Landakotsskóla. Í bréfinu kemur fram að þeir sem hafi hug á því að starfa áfram við skólann þurfi að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við stjórn hans. „Starfið felur að sjálfsgöðu í sér viðurkenningu á nýkjörinni stjórn Landakotsskóla,“ segir í bréfinu sem undirritað er af Margréti Halldórsdóttur og Irenu Kojic sem hefur verið falið að fara með starfsmannamál skólans meðan leitað er nýs skólastjóra.

Einn kennaranna sem fékk slíkt bréf sent kveðst ekki ætla að skrifa undir yfirlýsinguna. Hann segist hafa leitað álits lögfræðings sem sagt hafi að ólöglegt sé að beita slíkum aðferðum. Fleiri kennarar Landakotsskóla taka í svipaðan streng samkvæmt heimildum blaðsins.

Irena Kojic formaður kennararáðs segir að flestir kennarar skólans hafi lýst því yfir að þeir vilji starfa áfram við skólann.

Deilendur í málinu skiptast í tvær fylkingar. Annars vegar er það skólastjórn og kennararáð og hins vegar hluti kennaraliðsins sem styður Hjaltu Þorkelsson, fráfandi skólastjóra. Kennararnir



**LANDAKOTSSKÓLI** Deilurnar í Landakotsskóla halda áfram að magnast. Í dag ætti staða mála að skýrast því foreldrar sem eiga börn í skólanum halda á fund skólastjórnar í kvöld.

segja að kennararáð starfi ekki í umboði kennara þar sem vantraustsyfirlýsing á kennararáðið hafi verið samþykkt einróma þann 1. mars. Ástæðan fyrir því var meint nið kennararáðs um Hjaltu Þorkelsson, Bessi Jóhannsdóttur, aðstoðarskólastjóra, og nokkra nafngreinda kennara við skólann. Bessi var sagt upp af skólanefnd í

maí og skólastjóri sagði af sér síðastliðinn föstudag því hann taldi skólastjórn hafa farið inn á valdsvið sitt með uppsögn Bessiar.

Foreldrar barna við skólann ætla að funda með stjórninni í kvöld. „Við erum með yfirlýsingu tilbúna þar sem við förum þess á leit við stjórnina að hún segi af sér,“ segir Edda Björgvinsdóttir,

sem á barn í Landakotsskóla.

Giovanni Tonucci, erkibiskup og sendiherra páfastóls á Norðurlöndum, veit af ástandinu í Landakotsskóla en vildi ekki tjá sig um málið og vísaði á kaþólska biskupinn yfir Íslandi, Jóhannes Gjesen. Biskup sagðist ekkert hafa með málið að gera og vísaði á skólastjórn. [ingi@frettabladid.is](mailto:ingi@frettabladid.is)



## Kryddleggirnir bitar frá Holtakjúklingi



Læri í hvítlauskryddlegi



Leggirnir í texaskryddlegi



Vængirnir í mexikóskryddlegi



Þrjár tegundir af kryddleggnum bitum frá Holtakjúklingi.



**MÁLREKT KOSTAR** Þótt Málræktarsjóður eigi 116 milljónir og fjárfestingarhagnaður sjóðsins hafi verið 9 milljónir á síðasta ári nægir það sjóðnum ekki til að úthluta styrkjum.

Málræktarsjóður úthlutar engum styrkjum:

## Tapaði fé í áhættufjárfestingum

**MÁLREKTARSJÓÐUR** Málræktarsjóður hefur ekki úthlutað styrkjum síðustu þrjú ár vegna fjármagns sem tapaðist í áhættufjárfestingum árið 2000 og sennilega eru tvö ár í að hann geti úthlutað næst.

Samkvæmt reglum sjóðsins má hann ekki ganga á eigin höfuðstól og því hefur hann ekki úthlutað styrkjum þrátt fyrir hagnað á síðustu árum. Sjóðurinn hagnaðist um níu milljónir á síðasta ári en samt vantar enn um tju milljónir upp á að hann komist aftur upp í upprunalegan höfuðstól. Uppreiknaður höfuðstóll sjóðsins er 126 milljónir.

Í árskýrslu stjórnar Málræktarsjóðs fyrir síðasta ár kemur fram að ein helsta ástæða slakrar stöðu sjóðsins séu fjárfestingar Kaupþings fyrir hönd sjóðsins árið 2000 í sjóðnum Alpha 1 Venture, sem er áhættufjárfestingarsjóður á sviði upplýsingartækni.

Málræktarsjóður var stofnsettur árið 1991 af íslenskri málnefnd. Markmið sjóðsins er að beita sér fyrir og styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu og varðveislu hennar.

# •• Frelsaðu félagann!

•• þú og félagar þínir fá fría áskrift!



4Mb/s  
extra light

ADSL V16

•• Ótakmarkað niðurhal!

3.890 kr.

á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

## •• Frelsaðu félagann!

- Átt þú féлага með allt of lítinn hraða og takmarkað niðurhal?
- Átt þú féлага sem þráir að hafa óheftann aðgang að netinu?
- Eða viltu bara fá þér góða ADSL tenginu á frábæru verði?

Ef þú ert með BTnet getur þú bent féлага þínum á BTnet og þú færð einn mánuð frían í staðinn og félagi þinn líka. Ef þú frelsar fleiri féлага færðu frían mánuð fyrir hvern þann féлага sem skráir sig á [btnet.is](http://btnet.is).

Ef þú þekkir ekki neinn sem er með ADSL hjá BTnet þá getur þú samt skráð þig á netinu og fengið frían mánuð.

**Kynntu þér málið...  
aðeins á  
[www.btnet.is](http://www.btnet.is)**

Flottustu leikjapjónar  
landsins!  
[www.btnet.is](http://www.btnet.is) >>



**BTNET**  
[www.btnet.is](http://www.btnet.is)



# Vertu fjallhress í sumar

## Göngutjöld



### Omega Base 2ja og 3ja manna

Þriggja árstíða göngu-braggtjöld  
frá Salewa með góðu fortjaldi.  
Inngangur á hlið. Loftræstitúður.

Verð **19.990/23.990** kr.

## Bakpokar



### Millet Hiker 38 I

Frábær dagpoki.  
Innbyggð regnvörn.

Verð **9.990** kr.

Hiker 28 I verð 7.990 kr.  
Hiker 48 I verð 10.990 kr.



### Deuter Futura 32 AC

Futura línan, sú mest selda í Evrópu!  
Dagpoki ársins í Outdoor tímaritinu 2004.  
Regnvörn, Aircomfort burðarkerfi, 32 lítrar.

Verð **9.990** kr.

Futura 22 - 28 - 38:  
7.990 kr. - 8.990 kr. - 11.990 kr.

## Gönguskór



### Meindl Island Pro GTX

Flokkun BC  
Heil tunga og vandaður frágangur  
Ótrúlega léttir! Þyngd 830 g (stærð 42)  
Gore Tex vatnsvörn  
MFS fóður lagar sig að fætinum  
MultigriffVibram veltisóli með fjöðrun  
Mjög góður stuðningur við öklann  
Einnig fánlegir í dömstærðum (gráir)

Verð **22.990** kr.



### SCARPA Hekla

Flokkun BC  
Dömskórnir frábæru frá SCARPA  
Heil tunga, Goretex, Vibram veltisóli,  
góður stuðningur og þægindi  
Einnig til í herraútfærslu, Ladakh

Verð **24.990** kr.

Við skiptum skónum hjá okkur í flokka eftir því í hvaða notkun þeir eru hugsaðir: • A: Fyrir auðveldar g

## Svefnpokar



### Fiberpokar

Nanoq Compact

Nanoq Compact plus

Mountain Equipment Firewalker II



**Tadpole 2ja manna**  
Létt göngutjald frá The North Face.  
Þyngd aðeins 2,2 kg  
Verð **25.990 kr.**

**Merlin 2ja manna**  
3ja árstíða göngutjald frá  
The North Face. Þyngd 3,2 kg  
Verð **34.990 kr.**

**Mountain Equipment  
Dragonfly 2ja manna**  
Mjög létt göngutjald. Þyngd 1,9 kg  
Verð **34.990 kr.**

**Simex Coho 2ja manna**  
Einfalt og skemmtilegt göngutjald.  
Þyngd 2,6 kg  
Verð **12.990 kr.**

**deuter** Aircontact

pokarnir frá Deuter  
eru með stillanlegu baki,  
óviðjafnanlegu loftflæði,  
og innbyggðum regnpoka.  
Frábærir í lengri ferðir.



**Deuter Aircontact  
50+10SL**  
Dömpoki í Aircontactlínunni frá Deuter.  
Sérhannaður fyrir konur.  
Sumartilboð **17.990 kr.**  
Verð áður 19.990 kr.



**Deuter Aircontact  
65+10 I**  
Poki ársins í sínum flokki árið 2004  
hjá Outdoor timaritinu.  
Sumartilboð **19.990 kr.**  
Verð áður 23.990 kr.



**Deuter Aircontact  
75+10 I**  
Stór poki í Aircontact línunni.  
Fyrir þá sem fara lengra!  
Verð **24.990 kr.**



**Meindl Maine Mid GTX**  
Flokkun AB  
Mjúkir og léttir  
Nubuk leður  
Gore Tex vatnsvörn  
Þyngd 520 g (stærð 42)  
Einnig til í dömuútfærslu  
Verð **15.990 kr.**



**TNF Bruce Mid**  
Flokkun A  
Ofurstrigaskór!!  
Súperléttir gönguskór  
í léttari notkun  
Nubuk leður og nylon  
Til í dömuútfærslu  
Verð **11.990 kr.**



**Meindl Colorado Lady**  
Flokkun B  
Nubuk leður  
Gore Tex vatnsvörn  
Vibram Multigriff sóli  
Þyngd 750 g (stærð 42)  
Einnig til í herraútfærslu  
Tilboðsverð **14.990 kr.**  
Verð áður 17.990 kr.



**Lowa Renegade GTX**  
Bestu kaupin í útbúnaðar-  
prófun Útiveru 2005  
Flokkun AB  
Klassískir fjölnota skór  
Gore Tex vatnsvörn  
Nubuk leður  
Verð **13.990 kr.**

igu og daglega notkun • **AB:** Fyrir göngu á slóðum og láglendi • **B:** Fyrir lengri göngur og bakpokaferðalög • **BC:** Fyrir erfiðari göngur og fjallabrölt • **C:** Fyrir alpagöngur, kletta, ís og brodda

Mörgum finnst vandasamt að velja sér **svefnpoka** og undrast að hægt sé að fá poka sem gefnir eru upp fyrir sama hitastig en verðmunurinn er verulegur. Hér gildir að átta sig á því að hvernig nota á pokann. Athugið að stundum er gefið upp þægindahitastig en hjá öðrum mesti kuldi sem þola má í pokanum. **Eitt er samt víst: Hjá Útilíf færðu örugglega svefnpoka við hæfi!**

Efni	Kuldaþol	Þyngd	Verð	Dúnpokar	Efni	Kuldaþol	Þyngd	Verð
hollowfiber	-5°C mesta kuldaþol	1500 g	<b>tilboð 4.990 kr.</b>	Simex Viper 1000	andadúnn	-1°C þægindamörk	978 g	<b>14.990 kr.</b>
hollowfiber	-12°C mesta kuldaþol	1850 g	<b>tilboð 5.990 kr.</b>	Simex Viper 1400	andadúnn	-6°C þægindamörk	1395 g	<b>16.990 kr.</b>
polarloft	-12°C mesta kuldaþol	1420 g	<b>10.990 kr.</b>	Mountain Equipment Helium 600	gæsadúnn	-1°C þægindamörk	1060 g	<b>22.990 kr.</b>
				Marmot Sawtooth	gæsadúnn	-9°C þægindamörk	1304 g	<b>25.990 kr.</b>
				Marmot Never Summer	gæsadúnn	-18°C þægindamörk	1704 g	<b>31.990 kr.</b>
				TNF Blue Kazoo	gæsadúnn	0°C þægindamörk	1355 g	<b>29.990 kr.</b>

**ÚTILÍF**

## „ORÐRÉTT“

„Það getur vel verið að kápólska kirkjan hafi getað hagað sér svona fyrir 600 árum, en það getur hún ekki gert núna öðruvísi en að fólk rísi upp og segi eitthvað.“

„Við hlustum á og tökum á móti hljóðum af öllum gerðum. Það er margt sérstakt sem berst til jarðar en hvað það er veit ég ekki.“

ÁRDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR MÓDIR UM ÓLGUNA Í LANDAKOTSSKÓLA Í FRÉTTABLAÐINU.

EGGERT GUÐMUNDSSON VERKFRÆÐINGUR UM HLIÓÐUPPTÖKUR Í GEIMNUM Í FRÉTTABLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON LEIKARI

## Undirbýr víkingahátíðina í Hafnarfirði

„Við Helga Braga erum nýbyrjuð að gera gamanefni fyrir Rás 2 sem heitir Útvarp Bolur. Þetta verður fjölbreytt gamanútvarp sem verður frumflutt í Dægurmálaútvarpinu fyrir fimm fréttir á sama stað og Haukurinn var áður. Svo verður það endurflutt í helgarútgáfunni og væntanlega á morgnanna líka,“ segir Steinn Ármann Magnússon leikari og skemmtikraftur.

„Síðan er ég að undirbúa víkingahátíð í Hafnarfirðinum sem stendur núna sextánda til tuttugasta júní, það er alltaf alveg voðalega gaman að því,“ segir Steinn. Hann segist nú ekki vera í því að skyllast og berjast heldur einbeita sér að undirbúningnum, kynningum og öðru slíku.



Hann heldur utan um dagskrána og sér til þess að alltaf sé eitthvað í gangi á hátíðinni. „Svo höfum við nú alltaf verið með ýmiss konar sprell,“ bætir Steinn við.

Aðspurður að því hvort hann ætli ekkert að taka sér sumarfrí segir Steinn: „Nei, sem betur fer. Það er betra að hafa nóg að gera. Svo fer ég í húsasmíðar núna mjög fljótlega. Kannski maður nái nokkrum dögum í stutta helgarferð, meira verður það nú varla,“ segir Steinn Ármann Magnússon leikari, skemmtikraftur og athafnamaður allsherjar sem ætlar greinilega að hafa nóg að gera í sumar.

## tilveran nær og fjær

### ÁSTKÆRA YLHÝRA

## Að-letín ógurlega

Í töluðu máli detta smáorð oft út og þykir fáum tiltökumál, þótt vissulega megji telja það til mannkosta að tala skýrt og greinilega. Í rituðu máli verður útkoman hins vegar hallærisleg þegar skrifað er beint af augum og hljóði látið ráða. Sumir skrifa um að „fara sofa“, „byrja spila“, „ætla dansa“ og fleira slíkt, þar sem smáorðinu að er sleppt eins og gjarnan er gert í töluðu máli. Þessi „að-letí“ er lúmsk og til merkis um að flæði og hrynjandi talmálsins séu orðin undirliggjandi rökrænu ritmálsins yfirstærkari. Við skulum endilega fara AÐ passa okkur á þessu.

magnus@frettabladid.is

Klókir glæponar í Kambódíu:

## Nærbuxnagengið

KAMBÓDÍA. AP „Hann var háll sem áll.“ Þetta gætu allmörg fórnarlömb snjallra kambódískra glæpamanna sagt við lögregluna við skýrslutöku. Þannig er nefnilega mál með vexti að „nærbuxnagengið“ svokallaða fer hamföllum við að ræna kambódíska borgara.

Eins og nafnið gefur til kynna klæðast ræningjarnir nærbuxunum einum og olúbera líkamann til að reyna að renna úr greipum þeirra sem reyna að góma þá.

Íbúar hafa nú komið á eins konar nágrannavörslu til að reyna að koma í veg fyrir að nærbuxnabófarnir komist undan. Gengið tók skurk í Kambódíu í fyrra en lögreglan staðhæfði að henni hefði tekist að uppræta starfsemina. Greinilegt er að löggan hafði rangt fyrir sér, nema nýtt gengi sé farið að nota sömu aðferð. ■



ANNA GEORGDÓTTIR OG HELGA KRISTINDÓTTIR Helga hóf störf hjá félaginu árið 1997 en Anna hefur verið sjálfbodaliði í um 30 ár.

## Ullin laðar alltaf að

Í Austurstræti er rótgróinn basar Thorvaldsensfélagsins starfræktur, að mestu leyti í sjálfbodavinnu. Saga félagsins spannar ein 130 ár og allur ágóði þess rennur til góðgerðarmála.

„Það er alltaf þónokkur umferð hjá okkur, en langmest að gera á sumrin þegar ferðamannastraumurinn er sem mestur,“ segir Helga Kristinsdóttir, verslunarstjóri, í basar Thorvaldsensfélagsins í Austurstræti 4.

Saga félagsins nær aftur til ársins 1875 þegar nokkrar ungar konur voru fengnar til að skreyta Austurvöll í tilefni þess að afhjúpa átti stytta af Berthel

Thorvaldsen. Þeim líkaði samstarfið svo vel að þær ákváðu að halda því áfram og kenndu félagið við Thorvaldsen sjálfan. „Þær byrjuðu að kenna ungum stúlkum hannyrðir og árið 1901 stofnuðu þær basarinn sem enn er rekinn í dag. Basarinn var ætlað að hjálpa heimavininnandi listrænu fólki að koma hannyrðum sínum á framfæri og þannig hefur þetta haldið áfram á sömu nóttum og við ætlum að halda upp á 130 ára afmæli í nóvember.“

Félagið hefur eitt stöðugildi verslunarstjóra sem heldur utan um verslunina en að öðru leyti er hann rekinn með sjálfbodastarfi og Helga segir engan hörgul á sjálfbodaliðum þótt margir séu komnir á efri ár. „Þær slá ekkert af þótt þær séu komnar á níraðisaldur. Margar hverjar gengu í félagið því amma þeirra

eða móðir var í því, enda fylgir þessu félagi mikil hefð,“ segir Helga sem sjálf hóf störf hjá félaginu árið 1997.

Aðalsöluvara Thorvaldsensbasars er ull og aftur ull og að sögn Helgu laðar hún ferðamenn enn að í stórum stíl. „Langflestir sem koma hingað eru erlendir ferðamenn. Við erum innan um útlendinga allan ársins hring.“ Vörurnar fær félagið frá hannyrðakonum jafnt innan félagsins sem utan og allur ágóði af sölnunni rennur til góðgerðarmála.

„Það er stutt síðan við stofnuðum sjóð innan Barnaspítala Hringins handa sykursjúkum börnum, en það leita ýmsir til okkar eftir aðstoð. Og við reynum auðvitað að aðstoða fólk eftir megni.“

bergsteinn@frettabladid.is

## Sumar á Þingvöllum

Fornleifaskóli barnanna við Öxará.

Gönguferðir á laugardögum með landvörðum.

Margmiðlun í fræðslumiðstöð á fimm tungumálum.

Leiðsögn á ensku um þingstaðinn alla virka daga.

Helgihald í Þingvallakirkju, útimessur og kvöldbænir.

## Fimmtudagskvöld á Þingvöllum

• 9. júní / Jarðfræði og landrek á Þingvöllum

Árni Hjartarson jarðfræðingur

• 16. júní / Halldór Laxness á Þingvöllum

Halldór Guðmundsson rithöfundur

• 23. júní / Þingstaður, stærð og skipulag

Þórarinn Þórarinnsson arkitekt og fræðimaður

• 30. júní / Heiður kvenna á Þjóðveldisöld

Sólborg Una Pálsdóttir sagnfræðingur og fornleifafræðingur

og Ingibjörg Jónsdóttir íslenskufræðingur

• 7. júlí / Mannblót á Þingvöllum

Jón Hnefill Aðalsteinsson prófessor

• 14. júlí / Stefna Þjóðgarðsins á Þingvöllum

Björn Bjarnason formaður Þingvallaneftdar.

• 21. júlí / Þjóðargersemin Þingvellir

Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands

• 28. júlí / Heimsmynd Íslendinga 1100-1400

Sverrir Jakobsson sagnfræðingur

Gönguferðirnar hefjast allar við fræðslumiðstöðina við Hakið kl. 20:00

Upplýsingar um dagskrá þjóðgarðsins má finna í dagskrárdagatali á heimasíðu

þjóðgarðsins [www.thingvellir.is](http://www.thingvellir.is) og í síma þjónustumiðstöðvar 482-2660.

Einnig er hægt að sækja bæklung með dagskránni í helstu útibúum Landsbankans.

Þátttaka í fræðsludagskrá þjóðgarðsins er öllum opin og án endurgjalds.

Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

Maggi í Mangó stórtækur sem fyrr:

## Amerískur árdegisverður í boði

Það er óhætt að fullyrða að enginn þurfi að fara svangur frá Magga í Mangó-grilli á sunnudögum, en þá er boðið upp á árdegisverð að amerískum hætti. „Þetta eru egg og beikon, ommelettur, pönnukökur, steiktur pylsur og sýróp, alveg ekta bröns. Það er kjörið fyrir fjölskyldufólk að líta við í sunnudagsbúttinum og gæða sér á svona rétti,“ segir Maggi, sem hefur mikið dálæti á amerískri matreiðslu, enda lærði hann matargerð þar en auk þess hefur Maggi flutt inn kokk frá Bandaríkjunum til að hjálpa sér við matseldina.

Einhver gæti hugsað með sér að vaxtarlag Bandaríkjamanna væri líklega ekki til eftirbreytni og Maggi segir manneldisfræðingur vissulega hugsa sér þegjandi þörfina. „Ég bauð upp á landsins stærstu borgara um daginn og það hringdu nokkrir næringarfræðingar í mig til að skammast. En ég segi að maður er það sem maður borðar og komi þeir sem vilja. Það er ekkert að því að fá sér svona mat á meðan maður gætir hófs.“

Hægt er að líta við í hjá Magga í Mangó á sunnudögum milli klukkan 11 og 15 til að gæða sér á amerískum árdegisverði. - bs



MAGGI Í MANGÓ Maggi segir að sumir næringarfræðingar hugsi honum vissulega þegjandi þörfina, en það sé ekkert að því að fá sér staðgóðan miðdegisverð stöku sínum.






## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi þjóðgarða á Norðurlöndunum og samanlögð stærð þeirra.

Heimild: Hagstofan



# baksvið

fréttir og fróðleikur

## HVÆÐ ER? MORFÍN

## Afar ávanabindandi lyf

Morfín er verkjædefandi lyf og er eitt af hinum svokölluðu ópíumlyfjum. Hér á landi er morfín fyrst og fremst notað sem verkjædefandi lyf fyrir krabbameinssjúklinga og eitt afbrigði af því sem mikið er notað heitir contalgin. Contalgin er langvarandi lyf í töfluforni og fæst í mismunandi styrkleika eða allt frá fimm milligrömmum upp í tvö hundruð milligrömm. Lyfið hefur sljövandi áhrif og er ávanahætta af notkun þess mikil.

## HVERNIG ER LYFIÐ MISNOTAÐ?

Eins og áður segir er lyfið ávanabindandi og þegar notkun þess er hætt geta komið fram fráhrarfseinkenni. Þeir, sem ánetjast lyfinu í öðru formi en við venjulega inntöku eftir lækisráði, leysa töflurnar upp og sprauta þeim í líkamann. Þannig myndast víma sem getur varað í mismikinn tíma allt eftir magni

og styrk þess sem sprautar því í sig. Flestir þeir sem leita aðstoðar vegna morfíníknar til sjúkrahúss SÁÁ hafa ánetjast lyfinu með þessum hætti og fjöldi morfínsjúklinga hefur aukist ár frá ári.

## HVERJIR SKRIFA UPP Á LYFIÐ?

Contalgin gengur söllum á svörtum markaði en sala annarra aðila en lyfsala á því er óheimil. Læknar eru þeir einu sem hafa heimild til að skrifa lyfseðla fyrir contalginu. Ekki hafa þó allir læknar heimild til að ávísa á lyfið enda er um mikla hættu á misnotkun þess að ræða og eru leyfin þess vegna bundin við þá sem alla jafna hafa með sjúklinga að gera sem þurfa á slíkum lyfjum að halda. Lyfið er einnig eftirritunarskyt en með því er átt við að skráð er hvaða læknar ávísa lyfið, í hve miklu magni og til hverra.



## Hlæjum saman

Edda Björgvins og Helga Braga halda tvö sjálfsstyrkingar- og gleðinámskeið fyrir konur í Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði þann 6. til 10. júlí og 11. til 15. júlí.


Skráning og nánari upplýsingar eru í síma Heilsustofnunar 483 0300 eða á netinu beidnir@hnlfi.is. Frekari upplýsingar er að finna á www.hnlfi.is eða www.kvennaferdir.is



NÚPURINN VIÐ BRYGGJU Línubáturinn Núpur BA 69 er 182 lestir og stærsta skipið í eigu Odda.

## Útflutningsgreinum fórnað fyrir stóriðju

Staða krónunnar er að sligar útflutningsgreinarnar og fjöldauppsagnir að undanförunu gætu verið fyrirboði þess sem koma skal. Útflytjendur segja að þeir séu látnir bera kostnaðinn af verðbólgu sem fylgir stóriðjunni.



FRÉTTAVIÐTAL  
GENGIÐ OG SJÁVAR-  
ÚTVEGURINN

BERGSTEINN SIGURÐSSON  
BLADAMADUR

Hátt gengi, fjöldauppsagnir og nýjustu tíðindi frá Hafrannsóknarstofnun um stærð þorsstofnsins gefa ekki mikla ástæðu til bjartsýni fyrir þá sem standa í útflutningi sjávarafurða. Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda hf. á Patreksfirði og bæjarfulltrúi í Vesturbýggð tekur undir að það blæs ekki byrlega fyrir sjávarútveginn. „Allar okkar tekjur koma frá útflutningi og ráðast allar af genginu. Það hefur þar af leiðandi öll áhrif. Fyrirtækin sem pluma sig í þessu umhverfi og verða ekki fyrir miklu tapi eru þau sem eru búin að sérhæfa sig og tryggja sér góðan aðgang að hráefnismörkuðum og starfsmönnum. Það verður að segjast eins og er að það eru ekki mörg fyrirtæki í þeirri stöðu í dag. Fyrirtæki sem ekki eiga kvóta í dag eiga litla sem enga möguleika. Þau eru rekin á dugnaði og bjartsýni frekar en eiginlegri getu.“

## Engin nýliðun

Sigurður segir að þótt staðan sé vissulega erfið hafi Oddi komið ár sinni þannig fyrir borð að líklega þurfi ekki að stöðva vinnslu; jafnvel sé útlit fyrir að starfsfólki verði fjölgað þar sem fyrirtækið hafi keypt aflaheimildir og aukið veltuna undanfarið. Það standi hins vegar ljón í veginum fyrir hagræðingu. „Við höfum vissulega farið í gegnum öldudali en reynum að bregðast við aðstæðum sem þessum með því að draga úr rekstrinum og lækka hráefnis-kostnað. En því miður býður lög-gjöfin ekki upp á það og Verðlagsstofa skiptaverðs setur okkur

skorður. Þetta er gamalt kerfi og úr sér gengið og veldur því að við getum ekki lækkað hráefnisverðið eins mikið og við þyrftum og fært það til samræmis við lækkan afurðaverðs. En með því að lækka verðið eins og við megum tel ég að við munum spjara okkur.“

Sigurður dregur þó ekki dul á að mörg fyrirtæki í landinu eru illa stödd. Spurður um stöðu Þórsbergs, sem er stærsta fiskvinnslan á Tálknafirði, segir Sigurður



SIGURÐUR VIGGÓSSON Segir erfitt fyrir stjórnvöld að skella skollayrum við kröfum um sértækar aðgerðir fyrst þau fóru á annað borð í slíkar aðgerðir fyrir austan.

að um síðustu áramót hafi Oddi gert samning við fyrirtækið um að stjórnendur Odda komi að rekstri Þórsbergs. „Þórsberg hefur verið í verri stöðu en við, tapað fé og þurft að segja upp fólki. Næstu tveir til þrjú mánuðir eiga eftir að reynast þeim erfiðir en ef þeir halda rétt á spilunum fram á haust trúi ég að þeir muni pluma sig. Þetta verður auðveldara með nýju kvótaári.“

Sigurður segist vona að eigendur Bílddælings hafi orku til að séu koma vinnslu af stað aftur því það séu litlar líkur að nýir aðilar muni hefja rekstur miðað við núverandi aðstæður. „Það er augljós flótti úr greininni og mikill samdráttur því miðað við núverandi stöðu á genginu eru tekjurnar alltof litlar til að það borgi sig að reka útgerð og fiskvinnslu. Ef þetta ástand verður langvarandi er ég hræddur um

að það gæti endað illa því margar sjávarbyggðir sem eru veikar fyrir þola ekki slíka tekjuskeroðingu.“

## Stóriðja er sértæk aðgerð

Á sjómanna daginn flutti Kristinn H. Gunnarsson hátíðarræðu á Patreksfirði og reifaði sjónarmið sín um það hvernig mætti koma til móts við byggðir sem líða fyrir hátt gengi krónunnar. Lagði hann til að þau byggðarlög sem ekki nyttu góðs af stóriðju fengju úthlutað til sín viðbótaflaheimildum.

Sigurður segist skilja viðhorf Kristins, en er ekki sammála útfærslunni. „Hann nefndi í ræðunni að það þyrfti um tuttugu þúsund tonn af botnsfiskskvóta til að þetta næði fram að ganga. Það er vissulega rétt að slík viðbót myndi snúa möguleikum sjávarbyggðanna við og festa þær í sessi. Aðalgalli fiskveiðistjórnunarkerfisins er óöryggið sem það veldur íbúunum og verður til þess að þeir flytjast á brott. En almennt séð er ég á því að ríkið eigi ekki að gripa inn í með sértækum aðgerðum. Það tilheyrir liðinni tíð að gengið sé fellt og það ætti að vera eins með kvótann sem er jú fjármunir.“

Sigurður telur aftur á móti að ríkið standi þegar fyrir sértækum aðgerðum, til dæmis með stóriðju fyrir austan og norðan og geti þar með ekki hunsað kröfur um að önnur byggðarlög fái eitthvað fyrir sinn snúd. „Það er til dæmis stór spurning hversu lengi á að beita Seðlabankanum til að hækka stýrivexti og styrkja þar með krónuna. Það er hrein stjórnvalds-aðgerð. Hér fyrir vestan er hvorki verðbólga né þensla. Það sem okkur er ekki að gripa inn í með sértækum aðgerðum. Það tilheyrir liðinni tíð að gengið sé fellt og það ætti að vera eins með kvótann sem er jú fjármunir.“

**DV**

Helgafellsnauðgari Kristinn Óskarsson farinn úr landi:

Ógeðslegasti nauðgari Islands laus úr fangelsi

Þeirir þegar aðrir þegja!

LANCÔME  
PARIS

## ICY TUBES

GÓÐ VÖRN, FERSK OG SVALANDI...

### NÝJUNG

**KÆLANDI GEL MEÐ SPF 8 EÐA 15 – VARAGLOSS MEÐ SPF 15**

> GIRNILEGT OG FRÍSKANDI GEL SEM SVALAR ÞORSTA HÚÐARINNAR

> SÓLVARNARSÍURNAR MEXORYL® SX OG XL VERJA HÚÐINA GEGN UV GEISLUM

> DÁSAMLEGUR FERSKLEIKI Í SÓLINNI... OG HÚÐIN VERÐUR BRÚN.



**LANCÔME dagar í Hagkaupum Kringlunni 9. - 15. júní.**

### Girnileg sumartilboð:

Flott taska eða handklæði fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 5.000 kr. eða meira, þar af 2 sólkrem. Sjá mynd.

Fjöldi annarra sumarlegra tilboða í boði.

Gildir til 15. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni.

FYRIR ÞÚSUND ÁRUM  
UPPGÖTUVUÐU ÍSLENDINGAR

## AMERÍKU



## KAUPMANNAHÖFN

Danmörk

## Róaðu þig í Köben

Á bátaleigunni í Kristjánshöfn er hægt að leigja árabáta og róa um síkin hvort sem þú ert að leita að frábærri fjölskylduskemmtun eða rómantískri turtildúfuferð sem endar á kaffihúsi þar sem skilja má bátinn eftir.

## Sannkallaðir djassgeggjarar!

Það jafnast ekkert á við djasshátíðina í Kaupmannahöfn sem haldin er í júlí ár hvert og er stærsta uppákoma borgarinnar. Fyrstu 10 dagar mánaðarins eru hreinlega troðfullir af tónum enda yfir 800 tónleikar haldnir í görðum, kaffihúsum, torgum og börum borgarinnar.



## Sjávarþorp í seilingarfæri

Dragor er lítill og fallegur sjávarbær í strætófæri við Kaupmannahöfn. Þar eru ómótstæðilegir veitingastaðir þar sem fiskurinn er borinn fram beint úr sjónum og hellulögð mjóstrætin skapa ógleymanlega stemningu.

## Flóamarkaðurinn á Frederiksberg

Frederiksberg Fleemarket er haldinn alla laugardaga frá kl. 8–14. Þar fást notuð föt, antikmunir, skartgripir og alls kyns annar varningur sem vert er að skoða.

## Sólarlandið Danmörk

Á sumrin verður gjarnan mjög heitt í Kaupmannahöfn og þá er tilvalið að skella sér með lestinni niður á strönd á Amager eða Íslandsbryggju og skora á innfædda í strandblak.

[www.aok.dk](http://www.aok.dk)

## Vissir þú...

að 20% af rafmagni í Danmörku kemur frá vindmyllum, en það er heimsmet í nýtingu vindorku?



## Ekki!!!

»Ef þú vilt forðast það að reita frændur okkar Dani til reiði skaltu hafa eftirfarandi atriði bak við eyrað:

»Ekki kvarta yfir óbeinum reykingum

»Ekki sleppa því að ná augnsambandi við það fólk sem þú skálar við því ef þú gerir það boðar það 7 ára depurð í kynlífi þínu!

»Aldrei fara yfir á rauðu gönguljósi!

## LONDON

England



## Ég kemst í hátíðarskap...

City of London Festival er árleg menningarhátíð sem haldin er 27. júní til 13. júlí. Mjög mikið er um að vera á meðan hátíðinni stendur enda nær hún til flestra listageira og höfðar jafnt til ungra sem aldinna. Lestu þér til um hátíðina á [www.colf.org](http://www.colf.org).

## Vertu bræt og farðu til Brighton!

Þegar ríkar poppstjörnur fá nóg af ystum í London flytja þær til fallega sjávarbæjarins Brighton sem er í um klukkustundar fjarlægð frá höfuðstaðnum. Notaðu tækifærið og heimsæktu þessa háskólaborg sem er talin sú fjölskrúðugasta í Englandi. Röltu með fjölskyldunni eftir glæsilegri strandlengjunni þar sem þú finnur heilu torfurnar af frábærum veitingastöðum. Glæsilegt tívól er við endann á ströndinni og þar finnst meðal annars karóíkíbar sem opin er allan sólarhringinn... er hægt að biðja um meira?

[www.londontown.com](http://www.londontown.com)

## Mundu!

Horfa „í öfuga átt“ áður en þú ferð út á götu!  
Besta leiðin til að pirra Lundúnabúa er að standa vinstra megin í tvíbreiðum rúllustiga.



## Sigldu frá Camden Town til Notting Hill

Á Camden útmarkaðnum er margbrotið úrval af alls kyns fatnaði og varningi. Við bendum fólki sérstaklega á furðulegu pönkaratískubúðina Cyberdog sem er vel þess virði að skoða. Fáir vita að hægt er að sigla frá Camden fyrir lítinn pening alla leið til Notting Hill. Stórskemmtilegur möguleiki fyrir Lundúnafara.

## FRANKFURT HAHN

Þýskaland



## Frankfurtarhljóðið mikla

Í júlí er haldin stórhátíðin „Sound of Frankfurt“ þar sem allar tegundir tónlistar eru heiðraðar með stórkostlegu tónleikahaldi og fjöri.

## Ferðamöguleikarnir eru ótakmarkaðir

Flugvöllurinn Frankfurt Hahn er í miðju eins fallegasta héraðs Þýskalands, Hunsrück héraði, milli fljótanna Mósél, Rínar, Nahe og Saar. Á þessu svæði er fjöldi lítilla bæja, gamalla kastala, mylla og rómantískra dala sem tilvaldir eru til göngu- og hjólaferða og siglinga.

[www.flyhahn.com](http://www.flyhahn.com)


Verð frá **7.995 kr.\***  
Barnaverð **5.995 kr.\***

\* Verð aðra leið með sköttum. Barnaverð m.v. 12 ára og yngri og í fylgd með fullorðnum.

# ...NÚ ER KOMINN TÍMI Á EVRÓPU!

Reykjavík

London-Stansted

Kaupmannahöfn

Frankfurt-Hahn

Fljúgðu með Iceland Express til London, Köben eða Frankfurt og taktu þaðan strikið hvert sem er út í heim. Notfærðu þér til dæmis lággjaldaflugfélagið Ryanair sem flýgur til yfir 70 áfangastaða frá Stansted flugvöllinum í London eða Sterling sem flýgur um alla Evrópu frá Kaupmannahöfn. Skoðaðu verðdæmin hér að neðan og kynntu þér málið á [www.ryanair.com](http://www.ryanair.com) eða [www.sterling.dk](http://www.sterling.dk).

Verðdæmin miðast við flug aðra leið frá London með sköttum. Verðið var fengið af vefsíðu Ryanair þann 3. júní 2005.



## » Porto, Portúgal

Vissir þú að í Portúgal er ólöglegt að drepa naut í nautaati?

frá 1.654 kr.

## » Verona, Ítalíu

Vissir þú að á Ítalíu er ólöglegt að búa til líkkistur úr öðru en tré eða hnetuskurn?

frá 1.654 kr.

## » Sevilla, Spáni

Vissir þú að Sevilla er þekkt fyrir heit sumur og dómkirkju sem er að miklu leyti úr gulli?

frá 1.654 kr.

## » Dublin, Írlandi

Vissir þú að 1,5 milljón árum fyrir Krist var Írland fast við meginland Evrópu?

frá 1.654 kr.

## » Feneyjar, Ítalíu

Vissir þú að Ítalía umlykur algerlega tvö lönd: Vatíkanið og smáríkið San Marínó?

frá 1.771 kr.

## » Róm, Ítalíu

Vissir þú að höfuðstöðvar Mussolinis voru á Palazzo Venezia sem er 15. aldar bygging í miðborg Rómar?

frá 1.771 kr.

## » Stokkhólmur, Svíþjóð

Vissir þú að Stokkhólmur er umkringdur vatni og á hverju ári er haldin þar sérstök vatnahátíð í ágústmánuði?

frá 1.948 kr.

## » Berlín, Þýskalandi

Vissir þú að þýskur listamaður hefur sótt um leyfi til að opna gleðihús fyrir kynsvelta hunda í Berlín, en það myndi verða fyrsta sinnar tegundar í heiminum?

frá 1.830 kr.



## » Salzburg, Austurríki

Vissir þú að gjarnan er talað um Salzburg sem hliðið að Ölpunum?

frá 1.948 kr.

## » Mílanó, Ítalíu

Vissir þú að könnun sem gerð var meðal ungs fólks á Ítalíu árið 2003 leiddi í ljós að átrúnaðargoðin voru ekki poppstjörnur heldur móðir Teresa og páfinn.

frá 1.654 kr.

## » Granada, Spáni

Vissir þú að yfir 2,5 milljónir ferðamanna heimsækja Granada árlega?

frá 2.244 kr.

## » Riga, Lettlandi

Vissir þú að milli 1282 og 1891 var þýska opinbera tungumálið í Riga?

frá 2.244 kr.

## » Montpellier, Frakklandi

Vissir þú að elstu grasagarðar Frakklands eru í Montpellier, en þá stofnaði Henry IV árið 1593.

frá 2.244 kr.

## Akstursfjarlægðir frá Frankfurth Hahn

» París = 471 km ..... (4:53 klst)	» Brussel = 290 km ..... (3:25 klst)
» Trier = 70 km ..... (0:55 klst)	» München = 460 km ..... (4:21 klst)
» Luxembourg = 100 km ..... (1:17 klst)	» Amsterdam = 427 km ..... (4:18 klst)
» Frankfurt = 108 km ..... (1:12 klst)	» Hamburg = 574 km ..... (5:34 klst)
» Kaiserslautern = 125 km ..... (1:17 klst)	» Prag = 625 km ..... (6:19 klst)
» Köln = 167 km ..... (1:43 klst)	» Genf = 631 km ..... (6:08 klst)
» Stuttgart = 254 km ..... (2:35 klst)	» Berlin = 660 km ..... (6:15 klst)

## TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM

Frábært verð á bílaleigubílum víðsvegar um Evrópu. Kynntu þér málið á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**Budget**  
Car Rental



Búðu þig undir brottför á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

Iceland Express

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Landlæknir hefur átalíð nokkra lækna vegna ávísunar á morfín.

## Læknadóp

Nokkrir svartir sauðir í röðum lækna hafa oft á undanförunum árum komið öorði á læknastéttina vegna útgáfu lyfseðla til fíkniefnaneytenda og misindisfólks. Þegar upp hefur komist tekur umræðan í þjóðfélaginu kipp, rætt er um það hvernig megi koma í veg fyrir þetta, en sagan endurtekur sig. Oft hefur það verið svo að mörg nöfn lækna hafa verið nefnd til sögunnar varðandi læknadópið og orðrómurinn hefur dæmt saklausa lækna hart. Þeir hafa orðið fórnarlömb hinna svörtu sauða í stéttinni.

Talað er um að nú sé morfínaraldur hér og að hann hafi hafist fyrir um sex árum. Upp undir tíu af hundraði þeirra sem koma á Vog eru ofurseldir lyfjum sem lækna vísa á. Þar er um að ræða örvandi og róandi ávanalyf, sterk verkjalyf, ópiumefni eða morfínefni.

Nú hefur verið settur upp lyfjagagnagrunnur og hefur hann að hluta verið tekinn í notkun. Með tilkomu hans á að vera hægt að fylgjast með lyfseðlaútgáfu einstakra lækna og koma í veg fyrir misferli í þessum efnum.

Í Fréttablaðinu í gær greinir landlæknir frá því að nokkrir lækna hafi verið átaldir vegna ávísunar á morfín. Það er ótrúlegt að lækna með langt og mikið nám að baki skuli verða uppvísir að því að láta undan eitruvlyfjasjúklingum og ávísa á stórhættuleg lyf. Talað er um að nú sé morfínaraldur hér og að hann hafi hafist fyrir um sex árum. Upp undir tíu af hundraði þeirra sem koma á Vog eru ofurseldir lyfjum sem lækna vísa á. Þar er um að ræða örvandi og róandi ávanalyf, sterk verkjalyf, ópiumefni eða morfínefni. Ópiumfíklunum fjölga því stöðugt og hópur þeirra hefur aldrei verið stærri. Margt af þessu fólki leitar sér aðstoðar á Vog og öðrum sjúkrastofnunum, en það þarf að koma í veg fyrir að þessi hópur stækki og stækki og lækna þá sem þegar hafa ánetjast þessu eitri.

En hver er skýring landlæknis á því að lækna gefa út lyfseðla á þessi lyf: „Oft er það þannig að menn gera þetta af einhvers konar miskunnsemi, því þeir vorkenna fíklunum. Í öðru lagi geta fíklarnir talið fólki trú um hluti sem öðrum tekst ekki. Lækna geta verið móttækilegir fyrir því eins og annað fólk. En það er sem betur fer mjög lítið um verstu ástæðuna, að lækna séu að gera þetta til að auka tekjur sínar beinlínis. Ég get ekki sagt hversu stór sá hópur er, en hann er til. Sá hópur þarf mest á því að halda, að tekið sé í lurginn á honum,“ sagði landlæknir í viðtali við Fréttablaðið í gær.

Lyfjagrunnurinn ætti að verða það tæki sem yfirvöld eiga að geta notað til að koma í veg fyrir að lækna gefi út lyfseðla til fíkla. Grunnurinn ætti ekki síður að gagnast til að hreinsa saklausa lækna af því að hafa ekki gætt sín sem skyldi við útgáfu lyfseðla. Morfín og önnur slík kvalastillandi lyf eru nauðsynleg mörgum sem þjást af erfiðum sjúkdómum, ekki síst krabbameini, og því er af og frá að tala um að taka þessi lyf af markaði og koma þannig í veg fyrir misnotkun. Það verða líklega alltaf til lækna sem eiga það til að falla í þá freistingu að gefa út lyfseðla til fíkniefnaneytenda, en með öflugum eftirliti yfirvalda og víðeigandi ráðstöfunum er hægt að koma í veg fyrir eða minnka verulega hættuna á slíkri misnotkun. ■

Njótið sumarsins

**Sumarsæla**  
á Hótel Örk

**7.450,- krónur\***

- Þriggja rétta kvöldverður hússins
- Gisting í tvíbýli
- Morgunverður af hlaðborði
- Frítt golf á tveimur völlum
- Sundlaug, jarðgufubað, heitir pottar

\*Sæluylkill 14.900,- krónur. Gildir fyrir 2.

Paradís rétt handan hæðar!

Komdu maka þínum á óvart í sumar og bjóddu honum í sumarsælu á Hótel Örk.

**HÓTEL ÖRK**

Hveragerði  
Sími 483 4700, fax 483 4775  
info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjálslyndir með borgarstjóraefni

Í allri umræðunni um borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík má ekki gleyma F-lista Frjálslyndra og óháðra. Ólafur F. Magnússon gekk í raðir Frjálslynda flokksins í vor og mun því F-listinn að öllum líkindum bjóða fram undir merkjum Frjálslynda flokksins. Margrét Sverrisdóttir skipar að öllu óbreyttu annað sæti listans og mun flokkurinn vera sá eini sem þegar hefur valið borgarstjóraefni flokksins sem mun án efa blanda sér verulega í umræðuna.



### R-listi fundar

Viðræðunefnd R-listaflokkanna fundar enn í dag. Ekki verður séð að samkomulag milli flokkanna sé í nánd en á fundum er rætt til skiptis um menn og málefni. Ekki liggur heldur formlega fyrir að Vinstri grænir ætli sér að taka þátt í R-listasamstarfinu. Sjálfstæðismenn í borginni hafa því tekið nokkra forystu með því að tilkynna um prófkjör og vera með kynningu á skipulagsáherslum flokksins áður en sumarleyfin hefjast og fólk fer í fri.



### Orsök og afleiðing

Allir kenna öllum um lítið fylgi Framsóknarflokksins. Flokkurinn mælist nú í sögulegu lágmarki og er á brattann að sækja fyrir flokkinn sem leiðir ríkisstjórnarsamstarfið. Í RÚVAK fann Dagný Jónsdóttir alþingismaður það út að einn þingmaður flokksins hafi hagg að sér svo furðulega að ekki sé hægt annað en að kenna honum um fylgishrun flokksins. Enginn innan hinna flokkanna hefur lýst yfir opinberlega hverjum sé að þakka þeirra góða gengi en slíkt mun ekki tókast meðal stjórnmalamanna nema í þrengri hópum og almennt er farið mjög varlega með slíkar yfirlýsingar nema í aðdraganda kosninga.

hjalmar@frettabladid.is

## Og þjóðin svaf

Vinur minn einn bjó á Filippseyjum um hríð og hafði þjóna á hverjum fingri eins og tókast enn þar austur frá: bílstjóra, garðyrkjumann, húsvörð, kokk o.s.frv. Þau sátu þá að völdum í landinu Ferdinand Marcos og eiginkona hans, Ímelda. Hann var forseti landsins og hafði öll ráð í hendi sér, og hún var fyrrverandi fegurðardís, hafði verið kjörin Ungfrú Maníla (með svindli). Spillingin var æðisgengin: allir vissu það. Ekki þar fyrir að þau hjónin gengju endilega beint í ríkiskassann eins og hann væri þeirra einkaeign, þau notuðu aðrar aðferðir. Þau tóku toll af erlendu hjálparfé, þágu mútur úr ýmsum áttum og sölsuðu undir sig eigur almennings, þar á meðal ríkisfyrirtæki. Þau lifðu hátt, mjög hátt, og þjóðin svaf. Ferdinand Marcos og frú stálu 5-10 milljörðum Bandaríkjadollara af Filippseyjum, eftir því sem næst verður komizt. Til viðmiðunar er Móbutú forseti Saír, nú Kongó, talinn hafa stolið 5 milljörðum dollara og Súhartó Indónesíuforseti 15-35 milljörðum dollara: hann á heimsmetið. Heimildin er Transparency International í Berlín, en sú stofnun fylgist með spillingu víðs vegar um heiminn og birtir tölur um hana. Landsframléiðslan í ár hér heima nemur tæpum 15 milljörðum dollara til samanburðar.

Tilraunir vinar míns til að vekja andúð þjónustufólksins á heimilinu á auðgun forsetahjónanna á Filippseyjum báru ekki árangur. Skömmu eftir að Marcos hrökklaðist frá völdum í kjölfar kosningasvika 1986 eftir rösklega 20 ára valdasetu og þau hjónin bæði, var forsetahöllin eins og þau skildu við hana opnuð almennings. Þar gat m.a. að líta skóskápa frúarinnar: þar voru 3000 pör af skóm. Vini mínum fannst, að þetta þyrfti þjónustu-

### Í DAG

SVEFNPUNGAR ÞJÓÐIR



PORVALDUR  
GYLFASON

Þá ríður á því, að lög um t.d. einkavæðingu séu vandlega smíðuð með neyðarútgangi og öryggisventlum – og þjóðin vaki. Alþingi hefði þurft að byrgja brunninn, áður en bankarnir voru seldir

fólkið á heimili hans að fá að sjá, ef það mætti verða til þess að opna augu þeirra. Hann bauð þeim öllum í höllina og leiddi þau sal úr sal. Það er skemmt frá því að segja, að tilraunin fór út um þúfur: þjónustufólkinu fannst það ekki gott, að svo útsjónarsöm hjón hefðu verið flæmd frá völdum. Það getur ekki hver sem er eignast 3000 pör af skóm, sagði þvottakonnan. Var réttlætiskennnd þvottakonunnar ábótavant? Ekki endilega. Hún hafði um ýmislegt annað að hugsa á eigin vettvangi og hafði því e.t.v. ekki mikinn tíma til að gaungæfa fjármál forsetans. Ekki er heldur hægt að skella skuldinni á veika stjórnarandstöðu, þar eð Marcos hafði tekið sér einræðisvald og fangelsað ýmsa andstæðinga sína og trúlega látið myrða helzta leiðtoga stjórnarandstöðunnar, þegar hann steig á land 1983 eftir langa útleig. Við rannsókn morðmálsins búrast böndin að mönnum forsetans, en vasadómarar hans sýknuðu handbendin. Og ekki var mikið hald í fjölmiðlunum, því að þeir þögðu um fjármál forseta-

hjóanna og margt fleira.

Af þessu öllu leiddi, að þvottakonana vinar míns og þjóðin öll höfðu ekki fengið nógu góð skilyrði til að velta auðgun forsetahjónanna fyrir sér og mynda sér skýra skoðun á málinu. Samt svaf þjóðin ekki fastar en svo, að hún hrakti Ferdinand og Ímeldu í útleig, þegar forsetinn þóttist hafa borið sigurorð af ekkju hins myrta stjórnarandstöðuleiðtoga í forsetakosningunum 1986. Þá reis fólkið upp, nú var komið nóg, ekkjan varð forseti, og Ferdinand og Ímelda flúðu til Havaíeyja og settust að þar. Ferdinand þurfti að eyða þeim árum, sem hann átti ólifðu (hann dó 1989), í að verjast tilraunum nýrrar ríkisstjórnar Filippseyja til að ná aftur að lögum þeim auði, sem þau hjónin höfðu safnað í stjórnartíð hans. Bandaríkstjórn kærði þau fyrir fjárdrátt, og þau fengu dóm bæði tvö. Ímelda var þó sýknuð í Bandaríkjunum eftir hans dag, en hún var síðan dæmd fyrir spillingu í heimalandi sínu. Hún er enn á lífi og stendur í ströngu.

Réttarvandinn er oft mikill í málum sem þessum. Þegar einræðisstjórnir verða uppvísar að gripdeildum, geta þær borið fyrir sig friðhelgi eignarréttarins, þegar þýfið er komið í höfn. Vandinn getur þá snúist upp í að sýna fram á ólögsmæti stjórnarinnar, sem setti lögin, sem leyfðu gripdeildirnar, eins og reynt var í Sovétríkjunum sálugu. Í Rússlandi og öðrum lýðræðisríkjum nú er málið enn snúnara, því að þar verður lögsmæti stjórnarinnar, sem hlóð undir einkavini sína án þess að brjóta lög, ekki dregið í efa. Þá ríður á því, að lög um t.d. einkavæðingu séu vandlega smíðuð með neyðarútgangi og öryggisventlum – og þjóðin vaki. Alþingi hefði þurft að byrgja brunninn, áður en bankarnir voru seldir. ■

Ferðapjónusta á Íslandi

**Vex en tapar**

Arðsemi virðist vera bannorð í greininni

**LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

**visir**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum á endurgjald. ISSN 1670-3871

# TILBOÐ

## AivX 2.5"



Sarotech

### HÝSING

Sarotech AivX hýsing fyrir 2.5" harðdiska, færánleg með háhraða USB 2.0 tengi



### SPILARI

Góður margmiðlunarspilari, stýður AVI(DivX 3.x - 5.x, Xvid), DAT, MPG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG



### SJÓNVARP

Sendir í sjónvarp gegnum Composite tengi (RCA) án tölvu, Surround hljóð með 5.1 hljóðtengi



### FYLGJHLUTIR

Allir kaplar, þægileg nett fjarstýring og vönduð hentug taska fylgir með



**VERÐ 12.900**

## SÚPERTURN 2



- 2200+ AMD Sempron
- MSI KM3M móðurborð
- 256MB DDR Corsair minni
- 80GB 7200RPM WD - **8MB**
- 64MB S3 Unichrome skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, 6xUSB2
- Medium 300W turn

**VERÐ 29.900**

## DIGITAL IXUS 40

### Canon

- 4 MegaPixla upplausn
- 3x aðdráttur á linsu
- Stór 2" LCD skjár á baki
- Kvikmyndauptaka með hljóði
- DIGIC II & iSAPS
- 6 senustillingar
- Ótrúlega nett, aðeins 130 gr.



Þessi 4 MegaPixla myndavél er heillandi blanda af lýtalausri hönnun og háhraða vinnslugetu.

**VERÐ 34.900**

## SAROTECH HÝSING



Sarotech AivX hýsing fyrir 3,5" harðdiska. Tengist beint við sjónvarp án tölvu. Spilar divx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandskráa. Fjarstýring og taska fylgir

**VERÐ 14.900**

## 250GB HARDDISKUR



250GB Special Edition harðdiskur með Fluid Dynamic Bearing tækni skilar mun hljóðlátari og endingarbetri diskum, 7200RPM og 8MB buffer

**VERÐ 11.900**

## 17" ACER LCD SKJÁR



Glæsilegur 17" ACER TFT LCD skjár (AL1715S) 12ms Response skilar hröðustu leikjum óaðfinnanlega 500:1 í skerpu • Silfurlitadur • Aðeins 4.2Kg. • Hentar í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

**VERÐ 24.900**

## CREATIVE T7900



7.1 Dolby Digital, T7900 stýður Dolby Digital EX, DTS ES og Microsoft DirectSound. 7 öflugir hátalarar og stórt bassabox, með fjarstýringu. MP3 spilarar eru tengjanlegir beint í kerfið

**VERÐ 14.900**



Canon iP4000 litaprentari  
Prentar beint á geisladiska

**VERÐ 17.900**



Logitech MX518 Gaming  
Grade Optical Mús

**VERÐ 5.990**



Sennheiser HD 201, létt  
og þægileg heyrnatól

**VERÐ 2.290**



MSI PCI þráðlaust netkort  
54Mbps 802.11g (PC54G2)

**VERÐ 2.990**



MSI GeForce 6 NX6200-TD  
öflugt 128MB skjákort

**VERÐ 9.990**



Hágæða minnskort frá  
Sandisk fyrir allar Digital  
myndavélar á frábæru verði

**VERÐ 2.990**



256MB Cruiser Micro, USB2  
minnislykill frá Sandisk

**VERÐ 2.990**



Hágæða 512MB 400MHz  
DDR Corsair vinnsluminni

**VERÐ 4.990**

# TÖLVULISTINN

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400



# FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS

Skemmtileg blanda af bóklegu og verklegu námi



## NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS byggir á traustum grunni Stúrimannaskólans og Vélskólans og býður fjölbreytt og spennandi nám á fjórum sviðum.

**NÝTT**

**Tæknisvið** býður nýja náttúrufræðibraut á framhaldsskólastigi sem er sérsniðin að kröfum háskólanna. Námið er bæði bóklegt og verklegt á sviði raftækni og véltækni, og býr nemendur einstaklega vel undir háskólanám í tækni- og verkfræðigreinum, auk þess sem nemendur útskrifast með 1. stigs skipstjórnar- eða 2. stigs vélstjórnarréttindi.



**Vélstjórnarsvið** opnar nemendum mikla möguleika og leggur m. a. áherslu á vélfræði, rafmagnsfræði og málmsmíðar. Vaxandi þörf er fyrir vélstjóra í atvinnulífinu, bæði á landi og sjó, og nemendur öðlast stigvaxandi starfsréttindi eftir námsframvindu. Mest réttindi fá nemendur sem ljúka 4. stigi sem veitir einnig stúdentspróf, svo leiðin er greið í frekara framhaldsnám.

**Skipstjórnarsvið** er eina námsbrautin á landinu sem býður nám á framhaldsskólastigi til alþjóðlegra skipstjórnarréttinda. Námið er einnig góð alhlíða stjórnunarmenntun sem býður tækifæri til stjórnunarstarfa í landi, auk þess að veita möguleika á frekara framhaldsnámi.



**NÝTT**

**Almenn námsbraut** er ætluð nemendum sem þurfa að bæta við sig þekkingu til að uppfylla almenn inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir framhaldsskóla og þeim sem vilja kynna sér nám í málmsmíðum, rafmagnsfræði og fleiri tæknigreinum á framhaldsskólastigi. Almenna brautin býður fléttu verknáms og bóknáms við góðar aðstæður svo allir geti fengið tækifæri til að finna sig og ná árangri.

Kynntu þér möguleikana í Fjöltækniskólanum á [www.fti.is](http://www.fti.is) – þar gæti verið áhugaverður kostur fyrir þig.



  
**FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS**  
 TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR



## Orkuveita Reykjavíkur eflist í almannabágu

**UMRÆÐAN**  
 ORKUVEITA  
 REYKJAVÍKUR



**SIGRÚN ELSA SMÁRÁDÓTTIR**

*Stjórnendur OR hafa fengið frelsi til að reka OR eins og fyrirtæki frekar en steinrunna stofnun eins og því miður er of algengt með fyrirtæki í opinberri eigu.*

Fyrir skemmstu spratt upp mikil og heit umræða um mögulega raforkusölu Orkuveitu Reykjavíkur til hugsanlegs álfers í Helgúvík. Umræðan fór af stað í kjölfar þess að skrifað var undir viljayfirlýsingu að hálfu Hitaveitu Suðurnesja, Reykjanesbæjar og Norðuráls. Þá þegar hafði OR hafnað því að taka þátt í viljayfirlýsingu. Ástæða þess að OR hafnaði þátttöku á þessu stigi málsins var ekki sú að Orkuveitan vilji ekki þessi viðskipti, heldur vill fyrirtækið ekki blanda sér í karp um staðarval á nýju álveri.

Ég tel að þetta hafi verið skynsamlegt enda ekkert í hendi um að álver risi í Helgúvík, annað en vilji bæjaryfirvalda, Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls. Ekkert umhverfismat liggur fyrir og málið er komið skammt á veg bæði í umræðu og skipulagningu. Þátttaka í viljayfirlýsingu hefði ekki gert annað en skuldbinda OR á þessu svæði, meðan margir aðrir kostir koma til greina, þegar kemur að orkusölu til stóriðju.

### Á Orkuveitan að selja til stóriðju?

Við þetta vöknudu spurningar um það hvort OR eigi yfirhöfuð að selja orku til stóriðju. Eins og staðan er núna eru um 50% af raforkusölu OR til stóriðju. Stefna OR er að selja vatn og rafmagn á sem hagstæðustu verði til almennings enda er arðsemi af þeirri starfsemi haldið í lágmarki og er hún í kringum 3-4%.

OR er 94,4% í eigu Reykjavíkurborgar. Mikið af fjármagni borgarinnar er því bundið í Orkuveitunni eða um 46% af heildar eigin fé borgarinnar, 42 milljarðar af 90 milljarða eigin fé borgarinnar. Ef bæði skuldir og eigið fé eru tekin saman er þetta hlutfall 38%, um 74 milljarðar af 192 milljarðum. Það hlýtur því að vera skylda borgaryfirvalda að reyna að fá arð af þessum fjármunum á sama tíma og þeirri stefnu að selja vatn og rafmagn til almennings á sem hagstæðustu verði er haldið óbreytt. Til þess að eigendur geti tekið arð út úr fyrirtækinu þarf það að skila hagnaði ef eignir þess eiga ekki að rýrna.

Staðreynd málsins er sú að sala á orku til stóriðju er einn af

lykilþáttum þess að fyrirtækið skili hagnaði, enda er arðsemi af orkusölu til stóriðju margföld á við arðsemi á orkusölu til einstaklinga. Sala til stóriðju er því mikilvægur þáttur í því að fyrirtækið geti vaxið og dafnað, virkjað og nýtt þau réttindi til orkuöflunar sem fyrirtækið hefur aflað sér og tryggt með því bæði endurnýjun virkjana og áhættudreifingu í fjárfestingu.

Arðsemi hlýtur að vera það meginleiðarljós sem OR setur sér í ákvarðanatöku um hvar og hvernig hún færir út kvíarnar, þegar kemur að öðru en þjónustu og sölu til eigenda sinna, almennings í borginni. Það er með þeim glæraugum sem við verðum að líta á orkusölu til stóriðju. Það er ekki borgarstjórnar Reykjavíkur eða stjórnar Orkuveitunnar að sporna gegn uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu. Það er hins vegar okkar að tryggja að orkuöflun OR sé eins umhverfisvæn og unnt er og að arðsemi fyrirtækisins af fjárfestingu tengdri stóriðju sé góð.

### Arðgreiðslur til eigenda

Á undanförunum árum hefur OR verið að skila 1,3-1,4 milljörðum í arðgreiðslur til borgarsjóðs sem þar nýtast til uppbyggingar og reksturs í borginni okkar. Ef enginn arður væri af OR þyrftu þessir peningar að koma annars staðar frá, t.d. með auknum þjónustugjöldum eða lækkuðu þjónustustigi.

Annað sem hugsanlegt er að skoða væri að selja OR og hafa rentur af eigninni í bankakerfinu. Ég og sjálfsagt flestir Reykvingingar myndu harma það að sjá OR í einkaeigu þar sem ekki væri lengur hægt að viðhalda markmiðum um sem lægst orkuverð til almennings.

Stjórnendur OR hafa fengið frelsi til að reka OR eins og fyrirtæki frekar en steinrunna stofnun eins og því miður er of algengt með fyrirtæki í opinberri eigu. Vissulega leggja eigendur línur hvað varðar lágt verð til almennings, gera kröfu um arðsemi og marka OR meginstarfsvettvang. En vöxt og uppbyggingu OR er ekki síst hægt að þakka stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækisins, sem af metnaði leita nýrra leiða til að hámarka arðsemi af fjárfestingum og þekkingu á sama tíma og þjónusta er aukin og athafnasvæði útvíkkað.

OR verður að fá að viðhalda því frelsi sem hún hefur haft til að vaxa og vera stolt okkar Reykvinginga. Mala fyrir okkur gull og tryggja okkur hagstætt orku- og fjarskiptaverð, skila okkur arði og ryðja leiðina að auknum lífsgæðum og aukinni hagsæld.

Höfundur er varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

### LEIÐRÉTTING

Vegna mistaka við vinnslu blaðsins birtist á þriðjudag gamall bakþankapistill Kristínar Helgu Gunnarsdóttur. Höfundur og lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum.



# Hátíð í Seltjarnarnesbæ

**UMRÆÐAN**  
MENNINGARHÁTÍÐ  
Á SELTJARNARNESI



**SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR**

Nú um helgina, dagana 10.-12. júní verður í annað sinn haldin menningarhátíð á Seltjarnarnesi. Dagskrá hátíðarinnar er að finna á heimasíðu bæjarins, [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is), en auk þess hefur dagskráin verið víða auglýst og bæklingum dreift.

Hátíðin í ár er að mestu

heimatilbúin því að henni koma nær eingöngu Seltirningar og er það umtalsverður fjöldi. Listamenn, félög, stofnanir og almennir íbúar bæjarins allt frá leikskólaaldri upp í eldri borgara leggja sitt af mörkum svo úr verður fjölbreytt og lífleg dagskrá. Menningarnefnd Seltjarnarness kann öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir samstarfið sem hefur frá fyrstu stundu einkennst af jákvæðni, hugmyndaflugi og vilja til að gera menningarhátíðina sem glæsilegasta.

Þessi vinna hefur sannfært mig enn frekar um það, sem ég vissi reyndar áður, að á Seltjarnarnesi býr kröftugt og frjótt fólk

sem er virkilega annt um bæinn sinn. Enn og aftur sýnir það sig að íbúar hér á Nesinu vilja viðhalda sérstöðu bæjarfélagsins og styrkja bæjarbraginn.

Af dagskráratriðum má nefna alls kyns tónlist; kórsöng, tónlistarmararþon Auðar Hafsteinsdóttur fiðluleikara og bæjarlistamanns 2005, útitónleika unglíngahljómsveita, jazztríós Sunnu Gunnlaugs og sálartrólistar Ingva Þórs Kormássonar og JJ soul band. Þá verður leiklistinni gert hátt undir höfði með sýningu Leiklistarfélagssins, upplestri Margrétar Helgu Jóhannsdóttur leikkonu og götuleikhúsi. Myndlistin skipar stóran sess í

dagskrá hátíðarinnar en 13 myndlistarmenn ætla að opna vinnustofur sínar fyrir gestum hátíðarinnar, opnuð verður sýning á myndlist leikskólabarna og handgerðum brúðum Rúnu Gísladóttur. Eldri borgurum stendur til boða námskeið í vatnslitamálun og einnig kemur út listaverkabókin Myndlykill sem hefur að geyma umfjöllun og myndir af völdum listaverkum í eigu bæjarins. Ritstjóri er Ásdís Olafsdóttir listfræðingur. Síðast en ekki síst verður á hátíðinni vígt nýtt útilistaverk eftir Ólöfu Nordal sem hlotið hefur nafnið Kvika. Verkið sem er á mörkum sjávar og lands við

Kisuklappir á Norðurströnd er um margt óvenjulegt en það vísar m.a. til laugarhefðar okkar Íslendinga að fornu og nýju. Á menningarhátíðinni verður líka boðið upp á ballett, samkvæmisdans og eldri borgarar munu sýna danslistir.

Um leið og ég óska Seltirningum gleðilegrar menningarhátíðar vil ég bjóða þig, lesandi góður innilega velkominn í menningarheimsókn á Seltjarnarnesið og minni um leið aftur á heimasíðuna [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is) þar sem finna má nákvæma tíma- og staðsetningu allra viðburða.

Höfundur er formaður menningarnefndar Seltjarnarness.

## Kárahnjúka- vandinn vex

Andri Snær Magnason rithöfundur kynnir til sögunnar gagnlegt hugtak í grein í Fréttablaðinu 27. apríl sl., nefnilega Kárahnjúkavandann. Vandinn þessi magnast nú eins og eldur í sinu. Það er ekki bara fórn náttúruperla á altari mengandi stóriðju, heldur ekki síður efnahagsvandinn. Gríðarlegar erlendar fjárfestingar og lán-tökur setja hagkerfið úr skorðum. Gengið er allt of hátt, erlendar skuldir hrannast upp og flest útflutnings- og ferðaþjónustufyrirtæki að draga saman, flytja starfseminu úr landi eða hreinlega að fara á hausinn.

**UMRÆÐAN**  
NEIKVÆÐIR  
FYLGIFISKAR  
KÁRAHNJÚKA



**ÞORVALDUR ÖRN ÁRNASON**

*Kárahnjúkavandinn er þungt strandhögg í íslenska náttúru og íslenskt þjóðlíf. Það tapast fleiri störf fyrir Íslendinga en myndast.*

Vinstri grænir og ýmsir hagfræðingar voruðu við þessu fyrir síðustu kosningar en ríkisstjórnin lifði kosningarnar af og hingað erum við komin. Hin handaflsstýrða stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar er kjarni vandans og vega Kárahnjúkavirkjun og Fjarðarálf þar þungst með tilheyrandi innstreymi erlends fjármagns. Einkavinavæddu bankarnir ausa svo olíu á eldinn með útlánastefnu sinni. Vegna Kárahnjúkavandans tapast fleiri störf fyrir Íslendinga en skapast á Mið-Austurlandi. Hágengi krónunnar bitnar meðal annars á fiskvinnu og hátækni greinum sem selja afurðir sínar til útlanda. Varnarviðbröggin eru að flytja starfsemi úr landi, hætta við að fjölga störfum hér heima og hreinlega segja upp fólki. Það er uggur í ferðaþjónustufólki enda samdráttur í bókunum. Kannski ekki skrítið því verðið sem erlendir ferðamenn þurfa að greiða fyrir Íslandsferð hækkar umtalsvert.

Kárahnjúkavandinn er þungt strandhögg í íslenska náttúru og íslenskt þjóðlíf. Það tapast fleiri störf fyrir Íslendinga en myndast. Það verða til tímabundin og einhæf störf fjarri heimilum fólks. Störf sem tapast eru nær heimilum okkar, fjölbreyttari og hefðu varað lengur og skilað almenningi meiri hagnaði og hamingju. Ríkisstjórnin stefnir í ranga átt. Það er vandinn – Kárahnjúkavandinn.

Höfundur er líffræðingur, kennari og félagi í Vinstri grænum.



GEIMSTUFALÍF / FREMRI



## MIKIÐ LÓÐAFRAMBOÐ

Í Sandgerðisbæ er nægt framboð lóða – sem auk þess eru á frábæru verði!

**Einbýlishús** – stærri lóðir en í nágrennasveitarfélögunum en á lægra verði!

**Raðhús** – stærri lóðir en í nágrennasveitarfélögunum en á lægra verði!

**Sumarhús** – lóðir á frábærum stað við sjávarsíðuna. Í bænum en samt í sveitinni!

**Fjölbýlishús** – lóð miðsvæðis í bænum og stutt að sækja alla þjónustu.

**Atvinnuhúsnæði** – lóðir á góðum stað sem bíða eftir réttum kaupanda!

[www.sandgerdi.is](http://www.sandgerdi.is)

**SANDGERÐISBÆR**  
INNAN SEILINGAR



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.088\* +0,61%

Fjöldi viðskipta: 235  
Velta: 2.310 milljónir

## MESTA HÆKKUN

Siminn 8,89%  
Straumur 1,65%  
FL Group 1,39%

## MESTA LÆKKUN

Jarðboranir -1,83%  
Atorka -0,83%  
Falga -0,41%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 +0,25% ... Atorka 6,00 -0,83% ... Bakkavör 35,40 +1,14% ... Burðarás 14,70 -0,34% ... FL Group 14,60 +1,39% ... Flaga 4,90 -0,41% ... Íslandsbanki 13,60 +0,37% ... KB banki 532,00 +0,95% ... Kögun 60,20 -0,17% ... Landsbankinn 16,80 - ... Marel 56,30 - ... Og fjarskipti 4,00 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,35 +1,65% ... Össur 78,00 +0,65%

Tölur frá kl. 15.20 í gær.  
Nýjustu tölur á Vísí.

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Alltaf undir grun

Enn einu sinni eru íslenskir bankar grunaðir um yfirtökutilraunir á erlendum fjármálaferjum. Töluverð viðskipti hafa verið með bréf í norska fyrirtækinu Storebrand, sem er fyrst og fremst tryggingafélag, á síðustu vikum og hefur Lundúnaútibú UBS-bankans keypt tæplega sex prósent hlutfjár upp á síðkastið. Talið er líklegt að UBS sé að safna bréfum fyrir einhvern annan og grunsemdirar falla vitaskuld á íslensku bankana, einkum KB banka og Íslandsbanka. Vitað er að báðir bankarnir hafa vilja og getu til að fjárfesta meira erlendis og Storebrand yrði tæpast af stór biti, í það minnsta ekki í tilvik KB banka. Markaðsvirði Storebrand er um 150 milljarðar íslenskra króna.

## Halli í enska boltanum

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte et Touche segir í árlegri skýrslu sinni um ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu að viðskiptahalli deildarinnar hafi

aldrei verið meiri. Fjallar skýrslan um tímabilið 2003 til 2004. Segir í skýrslunni að félögin hafi á tímabilinu keypt leikmenn fyrir 30 milljörðum króna meira en þau seldu leikmenn á. Er það 225 prósent aukning milli ára. Stóran hluta hallans má rekja til eyðsluorgiu Romans Abramovitsj, eiganda Chelsea.

Launareikningur Chelsea var líka langhæstur allra félaga, alls um fjórtán milljarðar króna. Manchester United varð í öðru sæti, borgaði leikmönnum sínum rúmum fjórum milljörðum minna. Inni í þessum tölum eru ekki þær fjárhæðir sem „hinn útvaldi“ Jose Mourinho hefur eytt síðan hann tók við liðinu. „Launareikningur Chelsea hlýtur að vera sá langhæsti í veröldinni,“ sagði Paul Rawnsley, starfsmaður Deloitte. Ef ekki væri fyrir eyðslusemina hjá Chelsea hefðu laun í enska boltanum hins vegar lækkað milli ára enda reyna knattspyrnufélögin að halda aftur af sér um þessar mundir eftir að laun hækkuðu stjarnfræðilega nokkur ár á undan.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Stjórn Actavis ákvað að gefa út kauprétt að hlutfélaginu til níu framkvæmdastjóra og 21 lykilstjóranda. Fá þeir að kaupa bréf í félaginu á gengingu 38,5 næstu þrjú árin fyrir samtals 44 milljónir að nafnvirði.

Actavis hefur gert samning við Landsbankann um viðskiptavakt með bréf félagsins. Hámarksfjárhæð sem Landsbanki Íslands er tilbúinn að kaupa eða selja á hverjum degi er 200 milljónir króna að markaðsvirði.

Tryggingamiðstöðin hefur ákveðið að lána fólk fyrir bíla-kaupum án skilyrða um að trygg sé hjá þeim. TM segist vera fyrst tryggingafélagi til að veita viðskiptavinum slíkt val.

## Hættir í Samherja

Eiríkur S. Jóhannsson, sem nú er forstjóri Og Vodafone, tekur við stjórnarformennsku í Samherja á Akureyri af Finnboaga Jónssyni. Finnboagi lætur af störfum í stjórninni eftir fimm ára setu, en hann er framkvæmdastjóri SR-Mjols.

FINNBOGI JÓNSSON  
Hættur í stjórn Samherja.

Á framhaldsaðalfundi Samherja á þriðjudaginn voru þeir Óskar Magnússon, Jón Sigurðsson, Jóhannes Geir að afskráningu Sigurgeirsson og Kristján Vilhelms-

son kosnir í stjórn félagsins auk Eiríks. Óskar sinnir störfum varaformanns stjórnar.

Samþykkt var að heimila stjórninni að kaupa bréf í Samherja fyrir allt að 1,7 milljarða króna á næstu átján mánuðum. Kaupverðið má vera allt að tíu prósentum yfir meðalgengi bréfanna síðustu tvær vikurnar á undan. Stefnt er að afskráningu félagsins úr Kauphöll Íslands.

- bg

## Gríðarlegur samdráttur hjá General Motors

Stjórnendur stærsta bílafyrirtækis heims ætla að segja upp 25 þúsund manns á næstu árum. Þeir ætla einnig að reyna að draga úr kostnaði vegna heilbrigðistrygginga og eftirlauna.

General Motors, stærsti bílaframleiðandi heims, hefur tilkynnt að 25 þúsund starfsmönnum fyrir-tækisins verði sagt upp fyrir árið 2008 og að fjölmörgum verk-smiðjum verði lokað. Hlutabréf í fyrirtækinu hækkuðu lítilliga við tilkynninguna.

General Motors tapaði á fyrsta ársfjórðungi 70 milljörðum króna og var það mesta tap fyrirtækisins á einum fjórðungi í þrettán ár. Talið er að aðgerðirnar muni spara General Motors 190 milljarða króna á ári og komast langt með að að loka fyrir þann halla sem er á rekstrinum í Bandaríkjunum.

Raunar er það svo að góður árangur í fjárfestingarstarfsemi heldur þessum stærsta bílaframleiðanda heims á floti en bílaframleiðslan skilar hins vegar minna en engu. General Motors hefur



HUMMER-JEPPIR FRAMLEIDDIR AF GENERAL MOTORS Fyrirtækið hefur tilkynnt um gríðarlegar sparnaðaraðgerðir. 25 þúsund starfsmönnum verður sagt upp.

lagt áherslu á að framleiða smájeppa á undanföllum árum en margt bendir til þess að neytendur í Bandaríkjunum séu farnir að huga meira að sparneytni og því hefur markaðshlutdeild japanskra og kóreskra smábíla vaxið á kostnað bandarískra bensínháka.

Dá er líklegt að General Motors þurfi að endurskoða kjarasamninga, því útgjöld vegna eftirlauna og heilsutryggingar á þessu ári verða nálægt sex milljörðum dala - um 380 milljarðar íslenskra króna. Í ræðu á aðalfundi félagsins á þriðjudag lýsti Rick Wagoner, forstjóri fyrirtækisins, því

yfir að lífsnauðsynlegt væri fyrir fyrirtækið að draga verulega og snögglega úr útgjöldum vegna heilbrigðismála. Þessi ummæli féllu í grýttan jarðveg hjá forsvarsmönnum verkalýðsfélaga í Bandaríkjunum. Þeir halda því fram að léleg framleiðsla sé ástæða vandræðanna hjá General Motors en að forsvarsmenn fyrirtækisins neiti að horfast í augu við það.

Wagoner sagði í ræðu sinni að General Motors myndi breyta áherslum sínum í framleiðslu á næstunni og leggja meira í framleiðslu smærri og sparneytnari bíla.

-jsk/-þk

## Selja hlut í France Telecom

Nýskipuð ríkisstjórn Frakklands hyggst selja allt að átta prósent hlut í símafyrirtækinu France Telecom. Ágóðann hyggst stjórnin nota til að takast á við fjárlagahalla og atvinnuleysi í landinu. Rúmlega tíu prósent Frakka eru án atvinnu og horfur í efnahagsmálum almennt slæmar. Gangi salan eftir mun ríkið eiga tæplega þriðjungshlut í France Telecom. Í september seldi ríkið tíu prósent hlut í fyrirtækinu fyrir 420 milljarða króna.

„Tímasetning sölunnar er pólitísk. Menn eru að bregðast við því að stjórnarskrá ESB hafi verið hafnað,“ sagði Matthieu Cordier, sérfræðingur ABN Amro bankans. - jsk



FRAKKLAND Franska ríkið hyggst selja allt að átta prósent hlut í símafyrirtækinu France Telecom. Sérfræðingar segja tímasetningu sölunnar pólitíska.



Opnunartími í verslun RV:

Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá  
kl. 10:00 til 14:00

## Á tilboðsverði í júní 2005

1.528,-  
12 stk.

Imerial 31 cl rauðvinglós, 12 stk.

742,-  
6 stk.

Maldive 36 cl björglós, 6 stk.

324,-  
3 stk.

Pils 36 cl björglós, 3 stk.

## Glös fyrir góðar stundir

- einstök ending og frábært verð



## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



## Laugaból selur í Jarðborunum

Laugaból seldi 1,25 prósent hlut sinn í Jarðborunum. Atorka keypti ekki.

Fjárfestingarfélagið Laugaból hefur selt 1,25 prósent hlut sinn í Jarðborunum fyrir 107,5 milljónir króna. Félagið var núndi stærsti hluthafinn í Jarðborunum.

Laugaból er í eigu Aðalsteins Karlssonar, Lárusar Blöndal og Guðmundar Birgissonar. Aðalsteinn Karlsson segist persónulega hafa viljað halda hlut sínum í Jarðborunum lengur: „Þeir tóku ákvörðun um þetta, félagar mínir, í gær. Ég var þó ekki ósáttur lengi því peningarnir fara til kaupa á bréfum í Atorku“.

Guðmundur Birgisson sagði að einungis hefði verið um venjulegar hreyfingar að ræða og að ekki hefði þurft stjórnarákvörðun til að ákvarða um sölu: „Laugaból er fjárfestingafélag og þetta er bara eins og gerist og gengur. Menn kaupa og selja.“

Ekki er vitað hver keypti bréf-in en ljóst er að það var ekki Atorka, sem á 43,85 prósent hlut í



JARÐBORANIR Laugaból hefur selt hlut sinn í Jarðborunum. Atorka, sem er stærsti hluthafi í Jarðborunum, keypti ekki.

Jarðborunum og er stærsti hluthafinn, enda hefði verið skylt að tilkynna um kaup svo stórs hluthafa til Kauphallarinnar.

- jsk



Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 REYKJAVÍK 3.05 13.27 23.51  
 AKUREYRI 2.03 13.12 00.24  
 Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

# allt

**heimili o.fl.**

Listakona skreytir silki og skó  
 bls. 6



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á [visir.is](http://visir.is)

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagur 9. júní,  
 160. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Börn hlæja oft en fullorðnir því þau eiga engin börn til að hafa áhyggjur af!



**Smáauglýsingar**

byrja í dag á bls. 9

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**

**PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á [visir.is](http://visir.is)**



Matta var illa við að láta mynda sig í náttbuxunum en lét undan að lokum enda náttbuxurnar ekkert til að skammast sín fyrir.

## Náttbuxur sem ekki er hægt að sofa í

**Matthías Már Magnússon, eða Matti eins og flestir þekkja hann, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar XFM, er ekki í vafa um hvað er ómissandi í fataskápnum.**

„Það sem er mér algjörlega lífsnauðsynlegt í fataskápnum mínum eru Joe Boxer náttbuxurnar mínar. Ég skelli mér alltaf í þær þegar ég kem heim úr vinnunni,“ segir Matti en viðurkennir að hann sofi þó aldrei í náttbuxunum. „Ég sef aldrei í þeim því það er svo óþægilegt. Maður á ekki að sofa í buxum. Þetta eru heimabuxurnar mínar.“

„Konan gaf mér buxurnar fyrir um

tveimur árum og þær eru bara voðalega venjulegar með ljótu mynstri. Ekkert sem ég geng í annars staðar heldur eingöngu heima þegar ég er að slappa af,“ segir Matti.

Matti segist alls ekki þæla of mikið í tískunni en þó kaupir hann sér reglulega nokkuð af fötum. Smekkurinn sé einfaldur. „Ég er reyndar með mjög auðveldan fatasmekk – bara Levi's-gallabuxur og bolur þannig að ég er ekki í neinum vandræðum að finna mér föt. Það tekur mig heldur aldrei mjög langan tíma að kaupa mér föt. Það þykir mér mikill kostur,“ segir Matti, sem veit augljóslega hvernig er best að snúa sér í fatamálum.

*lilja@frettabladid.is*



### Saddam í tisku

FYRRVERANDI EINRÆÐISHERRA HRINDIR TÍSKUBYLGU AF STAÐ.

Aðaltískan í Bagdad í Írak þessa dagana er ekki skærliðaðar mussur eða perlufestar heldur lykklakippur. Og engar venjulegar lykklakippur heldur kippur með myndum af sjálfum Saddam Hussein. Nú er bara spurning hvort eigi ekki að framleiða fleiri tiskuhluti eða -fatnað með Saddam í aðalhlutverki sem yrðu seldir á meðan réttarhöldin standa yfir – rétt eins og er gert á fótboltaeikjum. Ríkisstjórnin í Írak tilkynnti í síðustu viku að hún ætlaði aðeins að setja fram tólf ákærur á hendur þessa fyrrum einræðisherra þó rúmlega fimm hundruð ákæruliðir hafi verið í frumgögnnum málsins.

### LIGGUR Í LOFTINU í tisku

**Fatahönnuðurinn** Karl Lagerfeld ætlar að setja nýja fatalínu á markað sem er mun ódýrari en það sem hann er með til sölu fyrir. Línan mun bera nafn hönnuðarins og verður eingöngu seld í Bandaríkjunum en sagan segir að línan verði fimmtíu prósent ódýrari en önnur fót Lagerfeld. Karl Lagerfeld lætur þetta ekki duga og hannar líka fatalínur fyrir Chanel og Fendi. Eins og margir muna hannaði Lagerfeld ódýra línu fyrir H&M þannig að hann hefur reynsluna af ódýrri framleiðslu.



antshafsins en nú ætlar Victoria að færa út kvíarnar. Hana langar að hanna barnafatalínu og gallabuxnalínu fyrir karlmenn. Líkur eru á að Victoria fái ósk sína uppfullta hjá Rock and Republic þar sem VB gallabuxurnar eru vinsælasta varan hjá merkinu.

**Kínverjar** virðast verða æ æstari í að fylgja nýjustu tiskunni í heiminum. Fyrir fjórutíu árum þóttu snyrtivörur ekki sæmandi í Kína en nú er landið áttundi stærsti snyrtivöruneytandi í heiminum. Heildarvirði fegurðar- og snyrtivörumarkaðsins í Kína er um það bil 5,5 milljarðar dollara og sækja snyrtivörurarnir í heiminum meira og meira til landsins til að fjárfesta. Síðustu fimm ár hefur neysla á snyrtivörum aukist um tuttugu til 25 prósent á hverju ári, sem má rekja til fleira ungs fólks sem eyðir bróðurparti launa sinna í snyrtivörur.

*tiska@frettabladid.is*



**Söngkonan** Victoria Beckham hefur gert það gott hjá tiskumerkinu Rock and Republic en hún hannar VB gallabuxur fyrir fyrirtækið. Gallabuxurnar hafa slegið í gegn beggja vegna Atl-

Þjóðum upp á vaxtalausar raðgreiðslur í júní.



### Ný sending frá Villa collection.

Full verslun af glæsilegri gjafavöru og skreytiefni fyrir brúðkaupin og veislurnar.

Munið brúðdagjafalistana og gjafakortin.



Glæsileg ný húsgagnalína fyrir eldhús og bað úr sérlega vönduðu tekki, tilvalið fyrir heimilið og sumarhúsið.



Fákafeni 9

Sími: 568 6700

[www.unika.is](http://www.unika.is)

Mán-fös. 10-18, laug. 11-16, lokað á sunnudögum í sumar

**Gallabuxur**

Þægindin eru í fyrirrúmi í gallabuxnatískunni núna þar sem þær eiga að vera víðar og strákalegar, og notist við mjúka og skrautlega flatbotna skó.



**Bikini**  
sundbolir strandtöskur  
strandpils og sandalar

Sjáumst!  
**COS** s. 588-5575, Glæsibær

Íslensk hönnun  
Mikið úrval af barnahúfum

HÚFUR SEM HLEJA

Laugavegi 70  
www.hsh.efh.is

LEÐURIDJAN ehf.  
Brautarholti 4  
Opíð mán-fös 10-18  
www.atson.is

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA

FAGMENNSKA Í 11 ÁR  
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM  
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060

BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

S. 561 3060  
LAUGAVEGI 163

Full búð af nýjum vörum.  
Sumarfrakkar og sumarúlpur  
í 3 litum. Verð 5.900,-

**CHA\*CHA**  
Tískuvöruverslun  
Glæsibæ  
Sími 588 4848

HELENA RUBINSTEIN LANCÔME PARIS CLARINS PARIS

**Sólkrem**  
og eftir sólar krem  
í þessum frábæru  
snyrtivörumerkjum.  
Sumartilboð, nýjungar  
og prufur.  
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

Toppur með nælu 3.900 kr. í Share

Hálsmen 1.499 kr. í Accessorize

Cintamani útvistarpeysa 8.990 kr. í Islandia

Armband 650 kr. í Accessorize

Armband 1.490 kr. í Share

Taska 2.250 kr. í Accessorize

Toppur með blúndu 3.900 kr., pils 4.990 kr. í Share

**Appelsínugulur er litur gleðinnar**

Þessi skæri og flotti litur hefur fengið uppreisn æru og slær í gegn í tískuverzlunum landsins.

Flottir og frikaðir litir eru aðalmálið í sumar og ekkert nema gott um það að segja. Litrík föt lífga upp á umhverfið og koma öllum í gott skap. Appelsínugulur er litur sem klæðir ekki alla og er yfirleitt ekki í aðalhlutverki þegar kemur að tískustefnum og straumum. Núna er hins vegar breyting á og varla er hægt að ganga inn í tískuvöruverslun án þess að rekast á appelsínugular flíkur. Litir fortíðar, eins og skærgrænn, blágrænn og skærbleikur eru aðalmálið í dag en appelsínugulur slær þeim öllum út í vinsældum. Það er frábært að appelsínugulur hafi fengið uppreisn æru því appelsínugulur er litur gleði, áhuga og sköpunargleðinnar og eykur vellíðan. Appelsínugulur hefur rosalega góð áhrif á skapíð svo ekki sé minnst á hve mikið hann gleður augað.

Armband 750 kr. í Accessorize

lilja@frettabladid.is

Kjöll 16.900 kr. í Monsoon

Toppur 9.399 kr. í Monsoon

Pils 5.990 kr. í Centrum

Kjöll 6.990 kr. í Centrum

**Ný sending**  
Flottar og vandaðar  
gallabuxur á dömur og herra.  
VonDutch strigaskór á 6.900  
Valdar vörur á 500 eða 1.990

**GUTZ**

LAUGAVEGI 72 • S: 551 1100

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

Trúlofunar hringar  
**Jon & Óskar**  
Laugavegi 61 • Sími 552 4910  
www.jonogoskar.is



FRÉTTAHLAÐI/HARI

### Mildur og góður ilmur

NAOMI CAMPBELL HEFUR SETT SITT SJÓTTA ILMVATN Á MARKAÐ.

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell hefur unnið að þróun sinnar eigin ilm- og líkamsvörulínu síðan árið 1999 og er nú sjötta ilmvatnið hennar, Paradise Passion, komið á markað. Paradise Passion er blanda blóma með ávaxta- og moskustónum. Í innsta kjarna ilmsins er eitt blóm sérlega áberandi en það er hið suðræna Papaja-blóm. Glas-ið er glæsilegt og ilmurinn afskaplega mildur og góður. Ilmvatninu fylgir líkamslína; sturtugel, mýkjandi húðkrem og lyktareyðir.

### Suðrænt og seiðandi

NÝI SUMARILMURINN FRÁ ESCADA ER ANSI HRESSANDI.

Suðræni og seiðandi ilmurinn Rockin' Rio er nýi sumarilmurinn frá Escada. Ilmurinn er blanda af ávöxtum, blóm og sitrus og er hann afar ferskur, sterkur en ekki of yfirþyrmandi. Umbúðirnar eru jafn frískandi og ilmurinn, ung stúlka að dansa með blóm í kringum sig og flaskan er afar lítrík í gulum og bleikum tónum. Ilmurinn er bæði til í þrjátíu og fimmtíu millilítra glasi, rakagefandi húðmjólk í 150 millilítra umbúðum og bað- og sturtugel í 150 millilítra umbúðum.



### Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Hundrað ára afmæli skapara „New Look“

Hvað eiga John Galliano og Yves Saint Laurent sameiginlegt? Jú, þeir hafa báðir verið hönnuðir hjá Dior-tískuhúsinu. Í ár eru liðin hundrað ár frá fæðingu meistara Dior. Hann fæddist 21. janúar 1905 í smábæ í Normandíheraði en lést aðeins 52 ára. Fyrsta tískuhúsið sem hann starfaði fyrir var Robert Piguet, síðan var hann hjá Lucien Lelong áður en hann opnaði Dior-tískuhús 1947 í húsi númer 30 á aðalúxusgötu Parísar, Avenue Montaigne. Þar eru höfuðstöðvar Dior enn í dag.

Dior hlaut samstundis góðar viðtökur á eftirstríðsárunum þegar fólk þyrsti í lúxus og glæsileika. Bandaríska „Vogue“ kall-ar stíllinn „New Look“. Dior fékk feikigóðar móttökur fyrir vest-an og kvikmyndastjörnur vildu allar klæðast fatnaði frá honum. Kvenföt voru ekki lengur einungis hugsuð til að hylja nektina þegar hlaupið var niður í kjallara í loftárásam, heldur áttu þau að vera glæsileg og 1947 kom fyrst fram „bar-dragtin“ sem enn lifir í hönnun John Galliano. Dragtin tekur mið af því að eftir stríðið var ekki lengur þörf á konum á vinnumarkaðnum, því varð tískan glæsileg en um leið óþægileg með mjóu mitti. Kon-an var aftur reyrd á sinn stað, pilsin síkkuðu en höfðu á stríðsár-unum verið með klaufum svo konur gætu hjólað í þeim í bens-ínskorti og samgönguleysi. Yves Saint Laurent var aðstoðarmað-ur Dior og eftir sviplegt fráfall Dior 1957 sýndi Saint Laurent fyrstu línu sína fyrir Dior 1958, aðeins 21 árs, fjórum árum áður en hann opnaði sitt eigið tískuhús.

John Galliano, núverandi hönnuður Dior, tók við 1999 og hef-ur gert Dior að nýju að stórveldi í tískunni. Ekki hefur velgengni Hedi Slimane, sem hefur hannað herratískuna frá 2001, spilt fyrir en hann skapaði ímynd hins unga granna karlmanns í þröngum buxum, hvítu skyrtu með örmjótt bindi, sem minnir á anorexíusjúkling. Dior er í dag aðal mjólkurkúr LVMH (Luis Vuitton Moët Hennessy), stærstu lúxussamsteypu heims.

Sagt hefur verið um Coco Chanel að hún hafi frelsað konuna, (fleygði lífstykkinu, stytti pilsin og tók upp herrasnið í jökkum). Yves Saint Laurent er sagður hafa gefið konum vald, (buxna-dragtin, dragtir fyrir ráðherra og ritara). Engin slík setning er til um Dior. Hjá honum var fegurð og kvenleiki aðalatriðið, tíska fyrir tískuna. Þeim sem eru á ferð um Frakkland má benda á safnið á æskuheimili Christian Dior þar sem stendur yfir sýning á starfi hans: Musée et Jardin Christian Dior, Villa Les Rhumbs, 50400 Granville.

**Glæsilegt úrval af sund- og undirfatnaði fyrir konur á öllum aldri**

**CHANGE**  
SMÁRALIND  
Sími 517 7007

**TÍSKUVERSLUNIN Smart**  
Kvenfatnaður og skór, fyrir konur á öllum aldri.

Vorum að taka upp helling af nýjum vörum

Ármúla 15  
Grímubæ Busataðavegi  
Sími 588 8050, 588 8488  
E-mail: Smartgina@smnet.is

# Sandala mokkasínur



Litir gull, silfur, svart og hvítt  
Verð 2.989.-



Laugavegi 100, S. 561 9444

# FARMATINT®

Nærðu hárið um leið og þú litar það!

Lyfjaval, Móðurást, Lyfja Borgarnesi, lyfsalan Hólmavík.

**Fallegt og glansandi hár**  
Aloe Vera

- Fyrsti fasti hárliturinn sem inniheldur Aloe Vera
- Þekur gráu hárin 100% við fyrstu litun
- 1-2 litanir í pakkanum
- Inniheldur ekki ammoniak

náttúrulegur fastur hárlitur

Ekki láta appelsínuhúðina í friði: raunhæfur árangur hjá 85%\*

## PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA  
MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

- PerfectSlim inniheldur niðurbjótandi efni gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast hefur fyrir á lærum og rassi.
- Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir húðina stig af stigi.

Árangur:  
Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari\*\*  
Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum\*\*\*

Viltu vita meira: www.lorealparis.com

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARADGERÐ. Því þú átt það skilið.

Apótekið, LYFJA, HAGKAUP, Lyf & heilsa, Apótekarinn, Lyfjaval

L'ORÉAL PARIS

Prófað á 50 konum í 2 vikur  
Mælt með þ.t.g. tæklum á 24 konum  
Prófað á 50 konum

## Sumarbolir og sundfatnaður

15% afsláttur  
9.-16. júní

CARO

Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776  
Opíð virka daga kl. 11:00-18:00



**Flott í sumar**  
Ný tæki - Betra verð!

**VERD-LÆKKUN**

SLENDERTONE **MAX** 12.900.- kr.  
SLENDERTONE **FLEX** 17.900.- kr.

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717

**NÝTT!**  
BODY WASH  
BODY LOTION

BODY WASH  
BODY LOTION  
BODY SPRAY

FÆST Í APÓTEKUM

Dreifing: **essee**

**falleg föt** ...fyrir frumlegar konur

**Fata-prýði** GLÆSIBÆ 557-2347

- Rúskinsjakkar stærðir 40-54
- Silkisjöl og skart í úrvali

**Gleraugnaverslunin Sjónarhóll**

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alþafjalla

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði  
565-5970  
www.sjonarholl.is

frumkvöðull að lækun gleraugnaverðs á Íslandi

**Taktu þátt...** **visir**

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

**GRÍMAN**  
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við: **KANÓUR GROUP**, **actavis**, **DAGUR GROUP**



Bergdís Guðnadóttir áður en hún var föröuð...



...og eftir að Helga hafði farðað hana.

## Minna alltaf betra en meira

Konur sem komnar eru af allra léttasta skeiði er ekkert sérstaklega vel við sólina þar sem hún afhjúpar hrukkur og misfellur sem auðveldara er að dylja í skammdeginu. Það er að sjálfsögðu ekki sama hvernig konur mála sig og leiðinlegt ef farðinn undirstrikar aldurinn frekar en að draga aðeins frá. Helga Sigurðardóttir, snyrtifræðingur á Salon Ritz, gefur nokkur ráð um fallegan farða í sólskininu.

„Minna er alltaf betra en meira,“ segir Helga. „Konur sem eru komnar á fimmtugsaldur og þar yfir ættu að nota lítinn farða og ef húðin er þurr er miklu fallegra að nota fljótandi meik. Þær ættu líka að nota sem minnst af þúðri því það getur undirstrikað fínar línur.“

Helga segir að hyljari sé nauðsynlegur ef nefið hefur tilhneigingu til að verða rautt eða ef faríð er að bera á hárfæðasli og litamismun í andlitinu. „Þær eiga

ekki að setja mikinn augnskugga og alls ekki að setja neitt sanser að í andliti þar sem það getur sest í hrukkurnar. Það er fallegast að nota bjarta liti á augun til að lifga upp á, en þumalputtareglan er að ef kona er dökkhærð notar hún ljósari liti, en dekkri ef hún er ljós yfirlitum. Skygging á augnlok á að deylla út uppi við augabrún og svo er ljósari litur settur yfir.“

Helga segir að konur á besta aldri eigi aldrei að nota svarta augnblyanta. „Dökkfjólublár er fallegur með köldum litum en brúnn með heitum. Augabrúnir

er svo hægt að dekkja með augnskugga.“

Helga bendir á konur eigi það til að festast í sömu litatönnum og nota þá jafnt sumar og vetur. Sumarið er einmitt tilvalinn tími til að breyta til og fara út í bjartari og ljósari liti. Svo má alls ekki gleyma varalítabyntinum, þar sem fínar línur myndast oft við munninn og ef blýantur er ekki notaður lekur varaliturinn út í línurnar. Það er líka nauðsynlegt að vera duglegur að spyrja og fá ráðleggingar þegar snyrtivörur eru keyptar og vera óhræddur að prófa eitthvað nýtt.“

Helga Sigurðardóttir, snyrtifræðingur á Salon Ritz, farðaði Bergdís með snyrtivörum frá No name.



## GENERATIONS

Kollagen & Elastín húðmeðferð

Intradermal® Collagen & Elastin Treatment

Bylting í baráttunni við hrukkurnar



Náttúruleg meðferð sem virkar niður í neðstu lög húðarinnar. Jafnast á við kollagensprautur.

Frábært verð, auðvelt í notkun



HAGKAUP  
Sæmstílegast að versla



Lyfjaval

www.karon.is



Útskriftargjafir.

Glæsilegt úrval skartgripa.



SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10  
sími 561 1300



Kate Moss leit glæsilega út í kjólnum sínum frá Christian Dior.

## Kate hefur mestu áhrifin

CFDA-verðlaunin voru veitt á dögunum og þar var Vera Wang kosin kvenhönnuður ársins.

Hin virtu CFDA-verðlaun voru veitt fyrir í þessari viku en það er ráð fatahönnuða í Bandaríkjunum sem veitir þau þeim sem hafa skarað fram úr í tískuheiminum. Vera Wang vann aðalverðlaunin, kvenhönnuður ársins, en hún hefur aldrei unnið þau verðlaun áður. Verðlaunin voru afhent í bókasafninu í New York og er athöfninni yfirleitt líkt við Óskarsverðlaunin – bara í tískuheiminum.



Vera Wang ánægð með verðlaunin eftir sóttu.


Marc Jacobs vann verðlaunin fyrir fylgihluti ársins í þriðja skiptið og John Varatos var karlhönnuður ársins. Diane Von Furstenberg, drottning vafningskjólsins, var heiðruð fyrir þriðju ár sín í tískubransanum. Fyrirsætan Kate Moss vann verðlaun fyrir að hafa mestu áhrifin á tískuna í heiminum. Kate tók við verðlauninum með stæl í hlýrlausum húðlituðum kjól eftir Christian Dior.



Diane Von Furstenberg fékk heiðursverðlaun og var aldeilis ekki ósátt við það eins og sést.

### Við höfum flutt

verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginum í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52



LINDSAY LOHAN valdi ljósan kjól í stíl við hárið.

## Vinir vors og blóma

Stjörnurnar í Hollywood láta ekki hippatískuna framhjá sér fara.

MTV-kvikmyndaverðlaunin voru afhent um síðustu helgi og var þar margt um stjörnur. MTV-verðlaunin eru vafalaust mun afslappaðri en önnur kvikmyndaverðlaun, eins og Óskarinn og Golden Globe, því þar er slegið á léttu strengi og stjörnurnar mæta oft í frjálslegri klæðnaði en tíðkast á öðrum hátíðum. Hippatískan hefur greinilega tröllriðið Hollywood og stjörnurnar skörtuðu sínu fínasta þússi í anda forvera þeirra frá sjöunda og áttunda áratugnum. Litirnir voru í aðalhlutverki og stjörnurnar sem voru ekki litríkar né hippalegar litu eiginlega hálf asnalega út í hefðbundnu svörtu fötunum sínum.

HILARY SWANK er sko alvöru hippí! Og hún er í appelsínugulu – frábær blanda.



MOLLY RINGWALD keypti sér fallega bleika mussu sem fer vel við ljóst hörundið.



NICOLE RICHIE var stórglæsileg í þessum kjól.



SANDRA BULLOCK lét ekki mikið fyrir sér fara í þessari vínrauðu mussu.



JESSICA ALBA er gullfalleg stúlka og skartaði sínu fínasta í grænum kjól.

**SKÓMARKAÐUR**  
**ÞRjú VERÐ**  
**500 kr. 900 kr. 1500 kr.**  
**OG ÞRÍÐJA HVERT PAR FRÍTT**  
(Þú kaupir tvö pör af skóm og færð það þriðja frítt)

**DIESEL - X-18 - CONVERSE - SKECHERS - AGAIN & AGAIN**  
**BULLBOXER - SHELLY'S - BILLI BI - BRONX - KICKERS - TKM**



ERUM EINNIG MEÐ NÝJAR VÖRUR

**AÐEINS Í 3 DAGA**

fimmtudag  
föstudag  
laugardag

**OUTLET 10**

merki fyrir minna

FAXAFENI 10

s. 533 1710

**Blómavasar**

Hægt er að raða saman nokkrum gerðum af lituðum glervösum í gluggakistu og láta sólina skína í gegnum þá og skapa lítríkt listaverk.



Nú fást **TIVOLI** útvörpin og hljómflutningstækin í **DUKA**

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

**DUKA**  
Kringlunni - sími : 533 1322

**EFNALAUGIN**  
**BJÖRG**  
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS  
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

*Íslensk list*  
er góð gjöf



*Galleri*

**ICELAND GIFTSTORE**  
RAMMAGERÐIN  
Hafnarstræti 19  
S. 551-1122

Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum

Maricel 181.000 kr. Barbara 90 294.900 kr.

**Arinbúðin**

Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)  
Sími 567 2133 - www.arinn.is

**birta**

**SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »**

## Málar menningararfinn á silki

*Sigrún Lára Shanko rekur vinnustofu og verslun á Skólavörðustíg. Þar vinnur hún fallega silkimuni sem flestir eiga það sameiginlegt að vera hin mesta heimilisprýði.*

„Ég er eiginlega sjálfmenntuð í silki-málun. Þetta fag er nánast hvergi kennt en það má segja að mér hafi tekist að læra þetta með eindregnum ásetningi,“ segir Sigrún, sem situr og málar á silki þegar blaðamaður ber að garði.

Sigrún vinnur aðallega púða og veggteppi og á vinnustofunni má sjá púða í öllum regnbogans litum. Þótt silkistrangarnir minni einna helst á austrænar slóðir er greinilegt að norrænn menningararfur er Sigrúnu hugleikinn. Í verkum hennar má sjá munstur og myndir sem minna á gamla tíma því rúnaristur, víkingaskíp og goðsögulegar verur vakna til lífsins á silkinu.

Sigrún segist vera hrifin af gömlu norrænu munstri en leitar líka í fornan kveðskap og sagnagerð til að fá hugmyndir. „Ég hef lesið Íslendingasögurnar, Eddukvæðin og Heimskringlu til að fá innblástur og þykir það ákaflega gaman. Ég hef til að mynda gert veggteppi sem byggir á einu erindi Hávamála og gæti auðveldlega gert fleiri slík.“

Sigrún hefur hlotið töluverða athygli fyrir verk sín og átti meðal annars verk á stórri sýningu í Santa Fe í Mexíkó í fyrra. Hún hefur nóg að gera því auk þess að vinna púða og teppi til að selja í versluninni tekur hún að sér verkefni og vinnur eftir pöntunum. ■



Sigrún notar hreint silki til að mála á og þarf að flytja það inn sjálf.



Silkípúðar með norrænu munstri sóma sér vel í hvaða sófa sem er.



Fagurlega skreyttir strigaskór.



Mynstrið er margvíslegt á púðunum hennar Sigrúnar.



**SUMARTILBOÐ!**

Allt að  
**40%**  
afsláttur







Helgi Þór segist vera IKEA-maður, enda vilji hann flotta hluti sem virka vel.

## Spilar tölvuleiki í stofunni

**Helgi Þór vill hafa heimili sitt nútímalegt og smart og kveðst ekki vera mikið fyrir gamla hluti.**

„Mér líður tvímælaust best í stofunni,“ segir Helgi Þór Arnarson, annar umsjónarmanna Djúpu laugarinnar 2 á Skjá einum. „Þar get ég slappað af og sest fyrir framan sjónvarpið eða tölvuna, og þar er ég með allt, enda minn gríðastaður,“ segir Helgi Þór. Hann segist sérstaklega vera ánægður með hægindastólinn sinn, sem hann hefur eytt löngum stundum sofandi í fyrir framan sjónvarpið. „Það er verst að ég hef svo mikið að gera núna að ég hef nánast aldrei tíma til að vera í stofunni að

slappa af,“ segir Helgi Þór. Hann segist vera dæmigerður strákur og spila mikið Playstation í stofunni, og fá félagana til sín í leik. „Félagarnir kíkja til mín annað slagið og við tókum FIFA 2005,“ segir Helgi Þór.

Hann segist vilja hafa heimilið nútímalegt og smart en ekki vera fyrir gamla hluti. „Ég er mikið fyrir nútímalega og smart hluti sem virka vel, má segja að ég sé svona IKEA-maður. Ég er ekki mikið fyrir hluti í þeim tilgangi að gera umhverfið heimilislegra, þeir verða það bara með tímanum,“ segir Helgi Þór og bætir við að honum þyki sandblásið gler sérstaklega flott. „Ég þoli ekki svona uppgerð eldgömul húsgögn, ekki minn stíll.“

*kristineva@frettabladid.is*

## Sæng ofin með Aloe Vera

HVER BÓMULLARÞRÁÐUR ER VÆTTUR MEÐ SAFA PLÖNTUNNAR.

Aloe Vera-plantan hefur notið fádæma vinsælda sem græðandi lækningajurt og hefur verið notuð í krem og drykki en blað plöntunnar inniheldur yfir 75 næringarefni og yfir 200 virk efni, þar á meðal 20 steinefni, 18 aminosýrur og 12 vítamín. Fyrirtækið Quilts of Denmark nýtir þessa eiginleika Aloe Vera-plöntunnar á nýstárlegan hátt í meðhöndlun á áklæðum utan um hægæða gæsadúnsængur og koddar. Hver bómullarþráður áklæðisins er vættur með safa plöntunnar, sem gefur honum aukna mykt. Sængur og koddar með



Sængin inniheldur yfir 75 næringarefni.

efni meðhöndluðu með Aloe Vera gera hana því að sannri lúxusvöru þar sem myktin og notalegheitin fara saman. Sængurnar og koddarnir fást hjá InnMark.is í Kópavoginum.

**Krúttleg sumarkerti með kertadisk**

Tilboðsverð  
**990.-**

**Blómaval**  
– Sigtúni

**ÓDÝRAR  
GÆÐA  
ÞAK-  
SKRÚFUR**

**Ál**  
**Ryðfriar**  
**Galvaniseraðar**  
**Heitgalvaniseraðar**

**Söðulskinnur í úrvali**

**ÁLTAK**

**Stórhöfða 33**  
**Sími: 577 4100**

**Grilltilboð!**

Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.

**Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.**

Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.

Verð frá **798 kr.** á mann

**ESTA** Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.  
Sími 567 6640 Fax 567 6614

Kjötvinnsla **www.esja.is**

Mynd eftir Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur

**Útskriftargjafir**

í Galleríi Fold í Kringlunni og við Rauðarárstíg.  
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Opið laugardaga,  
í Kringlunni 10-18, Rauðarárstíg 11-14

**LISTMUNASALA fold**

Sjáumst í Galleríi Fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400  
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



## SUMARTILBOÐ!

# BAÐ

innréttingar

Allt að **40% afsláttur**

**INNRETTINGAR & TÆKI**

OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10-14  
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

www.i-t.is



Glasilegar og  
rómantískar  
brúðargjafir

Lene Bjerre · Bæjarlind 6, Kóp. · S: 534 7470  
Opíð virka daga frá 10-18 · Laug. frá 10-16



Falleg - sterk - náttúruleg  
Verð frá kr. 2.840,- pr. m<sup>2</sup>

Subústandsbrot 10  
Sími 533 5800  
www.simnet.is/strond



989  
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis  
Alla virka daga kl. 16-18.30

## Norsk framúrstefnuleg hönnun

Sýning frá Sirkús í Hönnunarsafni Íslands þar sem sýnd er ný hönnun frá Bergen í Noregi.

Sýning á húsgögnum eftir norska tvíeykið Steinar Hindenes og Dave Vikören opnar laugardaginn 11. júní í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg. Síðastliðin 11 ár hafa þeir verið í framvarðarsveit norskra húsgagnaarkitekta og selt húsgögn sín vítt og breitt um heiminn, og hefur hönnun þeirra m.a. verið seld hjá Epal hérna á Íslandi. Sendiherra Norðmanna á Íslandi, Guttorm Vik, mun opna sýninguna á laugardaginn kl. 13, en þar mun söngkona frá Bergen, Heidi Marie Vestheim, einnig syngja. Hindenes og Vikören eru staddir á landinu í tilefni af sýningunni.

Sýningin „Sirkús - Ný hönnun frá Bergen“ verður opin til 4. september. Sýningarsalurinn við Garðatorg er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18. Aðgangur er ókeypis.



Stóllinn Chico frá fyrirtækinu Sirkús.



Monk er stóll sem hægt er að staffla upp.

Trjáplöntusalan  
**Moskógur Mosfellsdal**

Opíð 9 - 19 alla daga • símar: 5668121 og 6636173

Mikið úrval af víðiplöntum  
og öðrum trjám

Grænmetismarkaðurinn opnar um miðjan júlí

# Krómm hillur

margar stærðir  
með eða án hjóla

MARGIR MÖGULEIKAR - HAGSTÆTT VERÐ - KANNADU MÁLIÐ



Gott  
verð  
Margar  
gerðir

Frábær lausn fyrir:

- Verslanir
- Mötuneyti
- Eldhús
- Sýningarsali
- Heimili o.fl.

með eða án hjóla

**Ísöld ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is

## Tívolístóllinn er töff hönnun

Bo Bedre hefur valið Panton-stóllinn hönnun mánaðarins.

Stóllinn varð fyrst frægur og feikivinsæll fyrir sléttri hálfri öld er Verner Panton hannaði hann sérstaklega fyrir eitt af veitingahúsum í Tívoli. Verner Panton (1926-1998) var ótrúlega framsýnn og frumlegur í hönnun sinni, enda teiknaði hann húsgögn úr plasti, trefjaplasi, svampi og ýmsum gerviefnum á meðan aðrir notuðust enn eingöngu við tré. Panton notaði ekki aðeins óvenjulegan efni við, heldur fór hann óhefðbundnar leiðir í litavali.

Stóllinn sá arna heitir tveimur nöfnum: Panton-stóllinn og Tívolístóllinn. Bo Bedre valdi hann stól júnímánaðar.



Tívolístóllinn var tekinn úr framleiðslu um tíma en gekk í endurnýjun lífdaga þegar fyrirtækið DJOB kom með ögn endurbætta útgáfu, sem meðal annars var sýnd á skandinavísku húsgagnasýningunni í Bella Center í Kaupmannahöfn seinni hluta mánaðar. Grindin er úr stáli og setan og bakið fléttað úr polyethylen eða næloni, sem gerir það að verkum að stóllinn getur staðið utan dyra jafnt sem innan, meira að segja í íslenskri veðr-áttu. Tívolístóllinn fæst í svörtum, hvítum og rauðum lit og þeir sem hafa áhuga á að skoða þessa sígildu hönnun geta litið við í Epal í Skeifunni 6.

## Ávextir fallegir til skrauts

ÞAÐ ER ÓDÝRT OG EINFALT MÁL AÐ FRÍSKA UPP Á HEIMILIÐ MEÐ ÞVI AÐ NOTA ÁVEXTI TIL SKRAUTS.

Ef blásið er til veislu þá þarf að sjálfsgöðu að klæða heimilið í veislubúning. Blóm eru alltaf falleg sem skreyting á borð eða í glugga en það er einnig tilvalið að notast við ávexti. Hægt er að velja ávexti eftir litum og lögun og setja í skálar um allt hús eða láta þá liggja á borðum og í hillum. Utanhúss er flott að láta epli fljóta í skál með flotkertum og grænar límónur sóma sér vel neðst í blómavasa þar sem trjágreinum er stungið inn á milli þeirra. Eftir veisluna er hægt að borða ávextina, búa til ávaxtasafa eða nota þá í bakstur.



## Gott andrúmsloft á baðherberginu

Einfalt er að halda baðherberginu smekklegu með nokkrum fallegum vel völdum hlutum. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga þegar keyptir eru munir inn á baðherbergið sem bæði skreyta og gera gagn.

1. Hafðu handklæðin bara í einum eða tveimur litum, og haltu þig við sama mynstrið. Annars lítur baðherbergið út eins og þvottaherbergi. Baðmottan ætti að vera í stíl við handklæðin.
2. Vandaðu valið á sturtuhenginu. Gegnsett sturtuhengi opnar og stækkar lítið baðherbergi, á meðan litað þarf að samræmast lita-samsetningunni.
3. Hengdu upp hillu fyrir ofan klósettíð fyrir hluti eins og samantrotta þvottapoka. Notaðu litlar körfur fyrir hluti eins og sápur eða auka rakblöð.
4. Settu pappírsþurrkur í körfu sem er í stíl við tannburstaglasíð og sápuðiskinn.
5. Gerðu baðherbergið persónulegt með því að hengja upp fallega innrammaða mynd eða koma pottaplöntu fyrir á góðum stað.

**Talstöðin**  
FM 90,9

MORGUNÚTVARPIÐ  
Í UMSJÓN SIGURJÓNS M. EGILSSONAR OG  
GUNNHILDAR ÖRNU GUNNARSDÓTTUR  
Alla virka daga kl. 7.





# AUSTURLAND

[ ÁLVER OG KÁRAHNJÚKAR SMITA ÚT FRÁ SÉR ]

Skortur á gistirými  
*Hótel Aldan*  
Bls. 2

Staður ríkur  
af steinefnum  
*Álfasteinn*  
Bls. 4

Blanda af bæverskum  
og dönskum stíl  
*Skriðuklaustur*  
Bls. 9

Aldargamalt  
tilhöggvið hús  
*Hótel Framtíð*  
Bls. 10

## F I j ó t s d a l s h é r a ð



v a x a n d i  
sveitarfélag



Egilsstaðir / Möðrudalur / Húsey / Hallormsstaður  
Fellabær / Sænautasel / Eiðar / Kárahnjúkar • [www.egilsastadir.is](http://www.egilsastadir.is)



# Skortur á gistirými farinn að há veitingastaðnum

Hugmyndin að húsaþóttum á Seyðisfirði hefur verið lengi að gerjast. Fyrir um fimm árum var ákveðið að byggja nýtt hótél á Seyðisfirði en nokkrar konur, í samráði við Sigurjón Sighvatsson, öfluðu þeirri hugmynd brautargengis að koma hótelinu fyrir í gömlum glæsibyggingum. Með tilkomu Sigurjóns að verkinu varð langþráð hugmynd að veruleika. Þau kölluðu hugmyndina „húsaþóttum“.

„Konurnar sem ýttu húsaþóttum-hugmyndinni á flot á Seyðisfirði eru þær Aðalheiður Borgþórsdóttir upplýsingafulltrúi ferða- og menningarmála á staðnum, Jóhanna Gísladóttir aðstoðarskólalastýra og Þóra Bergný Guðmundsdóttir móðir mín og arkitekt sem hefur rekið hér farfluglaheimili í tæpa þrjú áratugi. Verkefnið hefði sennilega ekki komist langt án stuðnings Sigurjóns Sighvatssonar en auk hans komu að málum



Gistirými fyrir gesti á Hótel Öldunni á Seyðisfirði er í gamla Landsbankahúsinu sem upphaflega var byggt sem hótél.

Seyðisfjarðarkaupstaður og Byggðastofnun,“ segir Dýri Jónsson, hóteltjóri Öldunnar, á Seyðisfirði.

„Meginhugmynd húsaþóttum síns er sú að móttökuhúsið og gistihúsið eru aðskilin. Hjarta starfseminnar, móttökuhúsið, er að Norðurgötu 2 í gömlu verslunarhúsnæði sem byggt var árið 1920 en gistihúsið með níu herbergjum er í gamla Landsbankahúsinu sem var byggt árið 1898 og þá sem hótél. Alltaf hefur staðið til að bæta fleiri húsum inn í hugmyndina og auka þar með gistirýmið.

Við lok 19. aldar stóð Seyðisfjörður í blóma vegna umsvifa norskra síldveiðimanna. Mörg ríkmannleg norsk timburhús höfðu verið flutt inn og reist í kaupstaðnum.

Eitt þeirra var Hótel Seyðisfjörður, sem var byggt sem hótél og talið eitt hið besta á öllu landinu. Þar er nú aftur hægt að búa um sig í góðum og fallegum herbergjum. Mót-taka gesta, veitingastaður, bar og minjagripaverslun er aftur á móti til húsa í glæsilegu gömlu verslunarhúsi sem stendur örskammt frá í miðbæ kaupstaðarins. Húsnæðið hefur enn að geyma upprunalegar innréttingar frá 1920 og við reyndum að halda í þær við endurgerð hússins.“

„Auglýst var eftir rekstrarstjóra þegar uppbyggingin fór af stað og



Dýri Jónsson, hóteltjóri á Hótel Öldunni á Seyðisfirði blandar kaffi í forláta kaffivél í móttökuhúsi hótelsins.

ég sótti um starfið eftir að hafa stundað nám í Danmörku í viðskiptafræði og nýsköpun. Sigurjón Sighvatsson var einn þeirra sem stóð að þessari hugmynd og hrínti henni í framkvæmd, enda óhemju áhugasamur um þessi mál. Þess má geta að Sigurjón fjárfesti fyrir

nokkrum dögum í öðru húsi, gamla hótél Snæfelli, þar verða níu herbergi til viðbótar. Það má því segja að hlutirnir gangi hratt fyrir sig hérna á Seyðisfirði. Veitingastaður hótél Öldunnar var orðinn svo þekktur að skortur á gistirými var farinn að há okkur.“

Dýri Jónsson vill hvergi annars staðar búa en á Seyðisfirði. „Hér er yndislegt að vera, ég á tvo stráka og hvergi betra að ala þá upp en hér. Ég bjó áður í Reykjavík og seinna í Kaupmannahöfn og leið vel á báðum stöðum, en hér er best að vera.“

**Vopnafjörður**  
einstök náttúrufergurð

Sumarfélag  
Kafingur  
Svæðisvegur  
Sól og sumar á Vopnafirði.

Upplýsingaskrifstofa ferðamála er í Kafingur.


Velkomin til Vopnafjarðar

## Ferðir út í Skálanes njóta vinsælda

Hlynur Oddsson, heimamaður á Seyðisfirði, hóf kajakaleigu fyrir þremur árum sem nýttur töluverðra vinsælda. Stystu ferðir taka aðeins nokkra klukkutíma en þær lengri allt að því tvo daga.

„Hingað kemur mikið af ferðafólki, bæði með Norrönu og með bílum og ég, sem mikill kajakáhugamaður, taldi forsendur fyrir kajakaleigu hérna. Ég byrjaði með þrjú báta fyrir fimm árum en nú eru þeir orðnir átta talsins,“ segir Hlynur Oddsson, framkvæmdastjóri Kajakleigunnar á Seyðisfirði.

„Menn þurfa ekki að hafa neina reynslu þegar þeir prófa kajakana hjá mér, þeir geta fengið kennslu í grunnatriðunum hérna. Ég útvega allt sem til þarf, björgunarvesti, blautbuxur, tjöld og hvaðeina sem þarf í siglinguna. Þeir sem eru vanari taka oft tveggja daga ferðir út í næstu firði þar sem fylgir með gisting í tjaldi. Það finnst mörgum gaman að skreppa út í Skálanes, en það er ysta bújörðin í Seyðisfirði. Skálanes er nú eingöngu rekið sem sumarstaður, frá maí og fram í september, um sautján kílómetra utan við Seyðisfjarðarkaupstað. Þar er mikið fuglalíf sem gaman er að skoða.“



Hlynur Oddsson rekur kajakaleigu á Seyðisfirði.

## Ein af perlum HORNAFJARÐAR

Vikurnar sem ganga inn í golfvöllinn á Höfn í Hornafirði gera hann einstakan í sinni röð. Útsýnið þaðan er líka óviðjafnanlegt yfir fjörðinn, fjöllin og jöklana.

Silfurnesvöllur á Höfn er níu hólur golfvöllur. Nú er unnið að stækkun hans og áformað er að taka viðbótina í notkun næsta vor en í sumar verður hann með óbreyttu sniði. Kyllingar sem taka hring þar kynnast áhugaverðum brautum þar sem meðal annars þarf að slá kúlurnar yfir vikur og voga enda er völlurinn eitt af því sem ferðamenn heillast af á Höfn, að sögn formanns golfklúbbsins á staðnum, Guðnýjar Helgadóttur. „Völlurinn er ein af perlunum okkar og enn betri verður hann í framtíðinni,“ segir hún stolt.



Silfurnesvöllur er vel staðsettur.



**Talstöðin**  
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR  
ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



# *stór sending*

**Háþróaður og öflugur búnaður gerir okkur kleift að flytja stór og þung tæki hvert á land sem er.**

Hvort sem það er inn á hálendið eða annað er stærð eða þyngd þess sem flytja skal engin fyrirstaða.

Upplýsingar í síma

**458 8000**

og á [landflutningar.is](http://landflutningar.is)

Tökum það *með*  
**trukki**



*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

**Háþróaður og öflugur búnaður**



# Mikil fjallafegurð og fuglalíf

**Jóhanna Borgfjörð hefur um áratugaskeið rekið veitingasölu og farfuglaheimili við Borgarfjörð eystri.**

„Ég hef rekið veitingasölu í Fjarðarborg sem er opin júní, júlí og ágúst á ári hverju. Veitingasalan er ekki eingöngu bundin við Fjarðarborg því algengt er að við færum gönguhópum mat í skálana í Breiðuvík og Húsavík. Gönguhóparnir eru yfirleitt hér á vegum Ferðafélags Íslands eða Ferðafélags Fljótsdalshé-

aðs. Það er einnig nokkuð um að einstaklingar skipuleggi gönguhópa sem fá matarþjónustu hjá okkur. Hér í Bakkagerði er einnig farfuglaheimilið Ásbyrgi, sem er opið allt árið þó að traffíkin sé mest á sumrin. Hingað sækir fjöldi útlendinga í fugla- eða náttúruskoðun. Þeir sækja mikið í Hafnarhólmann, þar sem er friðuð fuglabýggð. En þeir hafa ekki uppgötvað gönguleiðirnar hérna ennþá,“ segir Jóhanna Borgfjörð, ábúandi að bænum Brekkubæ í Borgarfirði eystri og eigandi Veitingasölnnar Fjarðarborgar og farfuglaheimilisins Ásbyrgis.

„Hér á Borgarfirði eystri er mikil fjallafegurð og töluvert af láglandi. Á sumrin er hér mikil veðursæld þegar sunnanáttin er komin. Norðanáttin er hins vegar köld og hér geta verið kaldir vetur þó að stundum komi hér hlýir veðurkaflar. Við gætum því tekið á móti miklu fleira fólki þó að leiðin hingað um Njarðvíkurskriður sé nokkuð hrikaleg ásýndar. Ég hef þó aldrei fundið til hræðslu við að keyra hingað um Njarðvíkurskriður og er sennilega öruggari þar en á labbi á Laugaveginum í Reykjavík,“ segir Jóhanna.



Jóhanna Borgfjörð er ábúandi að Brekkubæ í Borgarfirði eystri.



ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR

Borgarbraut 74 310 Borgarnes Sími 530 3400 Fax 437 1819  
Reykjavík Sími 530 6000 Garðabær Sími 530 3400

[www.limtrevirnet.is](http://www.limtrevirnet.is)

## Heilbrigðisstofnun Austurlands

Heilsugæslustöðin á Reyðarfirði: Heilsugæslulæknir  
Staða yfirlæknis við heilsugæslustöðina á Reyðarfirði er laus til umsóknar. Staðan veitist frá 1. febrúar 2005 eða eftir nánari samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2005. Miðað er við að umsækjendur séu sérfræðingar í heimilislækningum en einnig kæmu til greina sérfræðingar í öðrum greinum svo og læknar með lækningaleyfi. Heilsugæslustöðin er í nýju og góðu húsnæði sem tekið var í notkun í ársbyrjun 2004.

Á Reyðarfirði búa nú um 700 manns. Vegna byggingar álvers verður þar tímabundin fjölgun næstu 3-4 ár um allt að 1.800 manns og síðan varanleg fjölgun í byggðarlaginu. Fjórðungs-sjúkrahúsið í Neskaupsstað er í um það bil 35 km. fjarlægð og þar eru skurðlæknir, lyflæknir og svæfingalæknir. Heilsugæslustöð á Eskifirði er í 15 km. fjarlægð með sérfræðing í heimilislækningum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Stefán Þórarinnsson lækningaforstjóri í síma 471-1400, 892-3095 (netf: stefanth@hsa.is) og Þórir Aðalsteinsson, rekstrarstjóri, sími 476-1432, 860-6848 (netf: thoir@hsa.is).



Opið alla daga kl. 11-17. Þjóðháttadagar og lifandi dagskrá fyrir alla fjölskylduna annan hvern laugardag í sumar.

11. júní – jurталitun	23. júlí – fjallagrasaferð
25. júní – útsaumur	6. ágúst – útsaumur
9. júlí – þjóðdansar	20. ágúst – Safnanótt

Sjá frekari upplýsingar á heimasíðu safnsins; [www.minjasafn.is](http://www.minjasafn.is)

Minjasafn Austurlands, Laufskógum 1, Egilsstaðir. Sími 471-1412.

## FÓLK Á FERÐ OG FLUGI

Þjóðum kaffi og kökur, öl og smurt brauð alla daga ásamt fersku og góðu meðlæti.

Verið ávallt velkominn

**KAFFITERÍAN**

Egilsstaðflugvelli  
700 Egilsstaðir / Sími 471 2360  
Kt.: 250444 - 8189 / Vsk.nr.: 14654

Alla daga  
nýtt brauð frá bakaríi ... strax í bitað!

Súpa & brauð í hádeginu virka daga

Er með heit brauð m/fyllingu

Tertur og nóg að borða

Listamenn allt árið um kring

Er með sæti fyrir allt að 39 manns!

Líttu við, þú sérð ekki eftir því!



Opið frá kl. 8-18 virka daga  
10-18 um helgar

Kaffihús í hjarta bæjarins

Tískuvöruverslunin Sentrum ehf í hjarta bæjarins, gott verð og gott úrval. Föt á alla fjölskylduna.

Komið við og verið flott í sumar.

**SENTRUM**  
sími 471 2412

## Fáir staðir jafn ríkir af steinefnum

**Steinn Eiríksson festi kaup á Álfasteini fyrir rúmu ári og hefur mikla trú á framtíð fyrirtækisins.**

„Áður en ég keypti Álfastein var reksturinn stopp í nokkra mánuði. Álfasteinn rekur sögu sína allt aftur til ársins 1981. Sú hefð sem hefur skapast í að gera listmuni og viðurkenningar tryggir mér marga fasta viðskiptavinum. Stefnit er að því að bæta við rekstur Álfasteins og við erum að sérhæfa okkur í íslenska leirsteininum,“ segir Steinn Eiríksson, framkvæmdastjóri Álfasteins í Borgarfirði eystri.

„Hliðargrein Álfasteins er skiltagerð og höfum við í þeirri framleiðslu þjónustað Austurlandið. Áformað er að hinn 17. júní verði opnað kaffihús í Álfasteini og verður þá mikið um dýrdir. Borgarfjörður eystri er hálfgerður endapunktur ferðalanga og upplagt fyrir þá að setjast hér niður og fá sér kaffi. Þó að hér sé aðeins hægt að komast eina leið á landi er umferðin hingað tölu-

vert mikil, sem hefur komið mér á óvart. Hér er mikil náttúruparadis og ég horfi því hjörtum augum til framtíðarinnar með rekstur Álfasteins. Þegar Álfasteinn byrjaði var hér mikið unnið úr hörðum gljáandi steintegundum svo sem jaspis, sem mikið er af á þessu svæði. Líparítið er einnig algengt hérna og er gríðarlega gott úrvinnsluefni fyrir okkur. Líparítið hefur mikinn fjölbreytileika í útliti og áferð og er orðið grunnurinn að framleiðslunni hjá Álfasteini.“

Guðrún Sævarsdóttir, afgreiðslumaður hjá Álfasteini í Borgarfirði eystri, er hér með nokkra gripi úr framleiðslunni.



## Gisting við höfnina á Höfn

Hvammurinn er eitt af eldri og virðulegri húsum á Höfn. Hann stendur niðri við höfn þar sem hjarta bæjarins slær. Halldór Sævar Birgisson er eigandi Hvammsins. Þar rekur hann gistiheimili og reiðir fram morgunverð. Kveðst geta tekið um 40 manns í gistingu enda sé hann líka með annað hús í nokkurra metra fjarlægð. Það heitir Sólhóll og stendur uppi á hólum sem Hvammurinn stendur undir.

Hvammurinn hefur átt sin blóma- og hnignunarskeið. Fyrst var það íbúðarhús útgerðarmanna, síðan hótél sem nefnt var Skálholt og á tímabili verbúð sem gekk undir nafninu Skakkinn. Nú er þar glæsilegt gistiheimili. Sólhóll er með rauða þakinu.



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

SMYRIL LINE

# Gerir fríið skemmtilegra

Allt að **40%** lækkun

Stórlækkun fyrir þá sem ferðast á háannatímabili með Norrænu



## MEISTARASMÍÐIN NORRÆNA

Á siglingu með Norrænu upplifir þú frelsi frá borgaramstrinu og rólegheitin sem hvergi er hægt að upplifa nema á siglingu úti á sjó. Á meðan á ferðinni stendur gefst þér tækifæri til að njóta alls þess sem sjálft skipið hefur upp á að bjóða, svo sem sundlaug, líkamsrækt, gufubað, leiksvæði fyrir börn, fundarsal, kaffiteríu, A la Carte veitingastað, skyndibitastað, næturklúbb, bari, verslanir og fríhöfn svo nokkuð sé nefnt. Klefarnir eru vel búnir og notalegir, með baðherbergi, sjónvarpi, fataskáp, skrifborði og kælskáp. Boðið er upp á tveggja manna ytri klefa og þriggja og fjögurra manna innri og ytri klefa með glugga. Nú hefur skipið siglt í 2 ár frá Íslandi og hefur farþegum fjölgað á ári hverju og nú í ár hefur hefur verið metaðsókn í bókunum með Norrænu. Íslendingar láta vel af siglingu með Norrænu og ert þú og þín fjölskylda velkomin um borð.



**Danmörk**  
**30.475**

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokaplássí.\*  
**Verð frá kr. 36.850** á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)\*



**Noregur**  
**25.950**

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokaplássí.\*  
**Verð frá kr. 31.550** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)\*



**Færeyjar**  
**19.350**

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpokaplássí.\*  
**Verð frá kr. 21.750** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Lágannatímabil)\*



**Hjaltlands-  
eyjar**  
**21.200**

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í svefnpokaplássí.\*  
**Verð frá kr. 25.500** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Hjaltlandseyja og til baka. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Lágannatímabil)\*



**Danmörk  
Noregur**  
**28.200**

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölsk. og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í svefnpokaplássí.\*  
**Verð frá kr. 34.200** pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í fjögurra m. klefa (inn). (Lágannatímabil)\*

Með því að nýta sér ferðaávisanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávisanir frá MasterCard, VR og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir.

Nú bókar þú á netinu  
[www.smyril-line.is](http://www.smyril-line.is)



**AUSTFAR**

Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111  
austfar@smyril-line.is • www.smyril-line.is



**NORRÆNA  
FERÐASKRIFSTOFAN**

**SMYRIL LINE ÍSLAND**

Sætúni 8 • 105 Reykjavík • Sími: 570 8600 • Fax: 552 9450  
www.smyril-line.is • email: info@smyril-line.is



## BJARGAÐ frá eyðileggingu

Langabúð er með eldri húsum landsins, byggð árið 1790 og er því orðin 215 ára gömul. Fyrir tveimur áratugum leit út fyrir að dagar Löngubúðar væru taldir því húsið var í niðurniðslu.

„Til allrar hamingju risu þá upp einstaklingar sem skildu mikilvægi þess að Langabúð yrði varðveitt og húsið, sem var í mikilli niðurniðslu, hefur verið endurbætt og fengið nýtt hlutverk. Langabúð var opnuð hér aftur 1997 eftir gagnræna endurbyggingu,“ segir Guðrún Sigríður Björnsdóttir, safnstjóri í Löngubúð á Djúpavogi.

„Húsafríðunarnefnd ríkisins veitti fjárstyrki til endurbótanna og Þjóðminjasafn Íslands kostaði einnig vinnu við viðgerð hússins. Að auki veitti Þjóðháttíðarsjóður fjárstyrk til endurbótanna. Langabúð er eign Djúpavogshrepps, sem kostað hefur endurbygginguna og gerð sýninganna að öðru leyti. Húsið er nú menningarmiðstöð Djúpavogs. Í norðrenda Löngubúðar er sýning um líf og starf Ríkisráðs Jónssonar, myndhöggvara og myndskera. A miðbik hússins er minningarstofa um Eysteinn Jónsson, stjórnmálamaðmann frá Djúpavogi, og byggðasafn. Hér í syðri enda hússins er síðan rekin kaffistofa. Langabúð var upphaflega verslunarhús og gegndi því hlutverki lengi vel. Langabúð er opin þrjá mánuði á ári alla daga vikunnar, frá júní til loka ágúst. Yfir vetrartímam er aðeins opið hér um helgar.“

Guðrún Sigríður Björnsdóttir, safnstjóri, fyrir framan Löngubúð á Djúpavogi.



## Söfn á öllum þéttbýlisstöðum

**Í Fjarðabyggð eru fjölmörg söfn og má þar telja Stríðsárásafnið á Reyðarfirði, Sjóminjasafnið á Eskifirði og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.**

„Í Fjarðabyggð eru fjölmörg áhuga-verð söfn sem gaman er að skoða. Stríðsárásafnið á Reyðarfirði er mjög forvitnilegt og hefur verið starfrækt frá árinu 1995. Það er eina safnið sinnar tegundar, fjallar um stríðsárin 1940-45. Á Eskifirði er Sjóminjasafn Austurlands, sem starfar á fjórðungsvisu með sýningu á gripum fyrir þennan landshluta,“ segir Pétur Sörensen, forstöðumaður safna í Fjarðabyggð.

„Á annarri hæð Sjóminjasafnsins á Eskifirði getur að líta marga aðra skemmtilega safngripi, en safnið er staðsett í „Gömlu búð“, húsi sem byggt var árið 1816. Þar má meðal annars sjá lækningatæki fyrri tíma, en útlit þeirra gerir það að verkum að maður er feginn að vera uppi í nútímanum. Þar er til dæmis fótstíginn tannlæknastóll og skilst mér að margir krakkar hafi byrjað að grenja daginn áður en þeir fóru í stólinn. Sögunefnd byrjaði að safna gripum í Sjóminjasafnið á Eskifirði árið 1979 og hefur stöðugt bætt við gripum síðan. Hilmar Bjarnason og Geir Hólm eiga mikinn heiður skilinn fyrir söfnun og útvegun gripa á Sjóminjasafnið hér á Eskifirði. Á Sjóminjasafninu er rakin saga sildarvinnslunnar, tógarautgerðar og fram í nútímann. Ég á von á töluverðum fjölda fólks í sum-



Pétur Sörensen er forstöðumaður safna í Fjarðabyggð.



Herdis Hulda Guðmannsdóttir er safnvörður Sjóminjasafnsins á Eskifirði.

ar að skoða söfnin vegna allra framkvæmdanna hér í nágrenninu. Í Neskaupstað er náttúrugripasafn, Sjóminja- og smíðjunjasafn Jósafats Hinrikssonar og málverkasafn

Tryggva Ólafssonar. Þar erum við að gera upp húsnæði, bárujárnshús á 900 fermetrum, og meiningin er sú að öll þrjú áður nefnd söfn í Neskaupstað verði saman í einu húsi.“

VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT

# 16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Verð frá aðeins

## 3.400 kr.

nóttin á mann

Allar nánari upplýsingar:  
www.hoteledda.is  
Sími 444 4000

# Austfjarðaleið

...alltaf á ferðinni!

UMHVERFISVITUND  
TRAUST & ÖRYGGI  
MENGUNAR-MINNSTIR  
ÞJÓNUSTA  
LIPURÐ

Gilsbakka 10 / 740 Fjarðabyggð  
tel +354 477 1713 / fax +354 477 1710  
austfjardaleid@austfjardaleid.is  
www.austfjardaleid.is

## Ferðamennskan nútímavæðist

**Í Fjarðabyggð eru margir vannýttir möguleikar í ferðamálum.**

„Ferðamennska í Fjarðabyggð er bæði ung og gömul. Hér eru mörg gömul fyrirtæki í ferðaþjónustu sem standa traustum fótum. Þar má telja mörg hótél, Austfjarðarleið og Tanni Travel á Eskifirði. Síðan eru mörg fyrirtæki að feta sín fyrstu spor, svo sem gisti-húsið á Mjóeyri,“ segir Jón Björn Hákonarson, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Fjarðabyggðar.

„Í kjölfar þeirrar miklu uppbyggingar sem hér hefur átt sér stað á síðustu árum, er einnig uppsveifla í ferðamálunum. Þetta fylgist allt saman að. Hér eru margir nýir möguleikar í ferðamannamálum, t.d. margar skemmtilegar gönguleiðir. Þar vil ég sérstaklega minnst á ferðafélag Fjarðarmanna, sem starfað hefur frá árinu

1996, sem unnið hefur mikið þrekvirkni í merkingu og kortlagningu gönguleiða ásamt því að halda úti góðri heimasíðu. Framtak þess er dæmi um vænlegan vaxtarbrodd. Einnig má minnst á hreindýraveiðina sem hefur verulegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Tjaldsvæðin í Fjarðabyggð eru ódum að nútímavæðast og breytast í samræmi við kröfur þeirra fjölmörgu sem eru á tjaldvögnum eða pallbílum. Ég held að ferðamennska framtíðarinnar felist að miklu leyti í opnun smærri fiskvinnslufyrirtækja fyrir ferðamenn. Fiskvinnslufyrirtækin eru að visu háð hreinlætiskröfum sem setur ferðamenskunni skorður. Ég hef hins vegar orðið var við að margir ferðamenn, sérstaklega erlendir, vilja endilega fá að fylgjast með framleiðslunni á fiskafurðum. Þar sé ég því vænlega framtíð í ferðamenskunni þó lítið sé um að þessir staðir séu opnir ferða-



Jón Björn Hákonarson, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Fjarðabyggðar.

mönnum. Þessu til viðbótar finnst mér áberandi vanta þann möguleika að komast í sjóstangaveiði hér á Austfjörðunum, að ferðamenn fái tækifæri til að elda úr veiði dagsins. Ég held að eini staðurinn þar sem þú kemst í sjódorg sé með Papeyjarferjunni og þá aðeins ef beðið er um það sérstaklega. Það mættu að ósekju bætast hér við aðilar sem gera út á útsýnisferðir og sjóstöng.“

## Almenn Verktakastarfsemi Fagmennska í fyrirrúmi

Gröfur, lyftur, vörubiðfreidd með krana ofl

G.Ó Verktaki  
Skammidalur 5  
730 Eskifjörður  
S: 861-2810

Krossverk ehf  
Lambeyrarbraut 12  
730 Eskifjörður  
S: 865-9212

Verið velkomin

# ESSO EGILSSTAÐIR

Opið 8.00-23.30 alla daga






**Svefn & heilsa**  
★★★★★

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

**SVEFN & HEILSA  
GEGNIR  
MIKILVÆGU  
HLUTVERKI**

**Veldu það besta!**

**SOFÐU VEL Í SUMAR**



**EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM**

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



**Svefn & heilsa**  
★★★★★

*Verið velkomin*

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Miðpunktur til allra átta

Austfirðirnir eru mjög fjölbreytilegir og hafa upp á margt að bjóða fyrir ferðamanninn. Egilsstaðir eru ágætis miðpunktur í allar áttir fyrir þá sem gefa sér tíma til að kanna svæðið.

„Þjóðvegur eitt liggur beint í gegnum Austurland. Við viljum beina þeim ferðamönnum sem hingað koma út af þjóðvegi eitt, vísa þeim á rúntinn á firðina til að kynna öllu því sem þeir hafa upp á að bjóða. Einnig reynum við að beina þeim upp á hálendið, upp að Snæfelli eða upp í Kverkfjöll eða að Öskju ef menn eru á góðum bilum,“ segir Arngímur Viðar Ásgeirsson, forstöðumaður Ferða-

skrifstofu Austurlands.

„Hálendið fyrir norðan Vatnajökul er vel þess virði að skoða það. Í rauninni er hægt að áætla dagsferð til þess, taka Vopnafjörðinn, koma við í sundlauginni í Selárdalnum og spjalla við álfana í Borgarfirði eystri en þar er að finna mikið fuglalíf. Ef menn koma á tjaldvagni, sem mikið er orðið af, er sniðugt að eiga bækistöð inni á héraði, eins og til dæmis í Atlavík.

Ef menn hitta á sólardagana okkar, sem að jafnaði eru heitir og góðir, er mjög sniðugt að taka dagsferðir frá Atlavík. Búið er að stækka og bæta tjaldsvæðið þar og í Hallormsstaðarskóginum sjálfum. Lagarfljótsormurinn sjálfur siglir frá Atlavík á sumrin á hverju kvöldi og Hallormsstaðarskógurinn sjálfur er náttúrulega sérstök upplifun. Þetta er eina svæðið á Íslandi þar sem ferðalangurinn fær það á tilfinninguna að hann sé í Evrópu-loftslagi eða Evrópuumhverfi.

Fyrir þá sem hafa áhuga á gönguferðum er Austurlandið alger paradís. Fyrsta göngusvæðið sem varð vinsælt hér fyrir austan er Lónsöræfin, þar sem gengið er um Snæfellið niður í lón. Gerpissvæðið milli Breiðafjarðar og Norðfjarðar náði einnig vinsældum fljótlega meðal göngufólks. Víknaslóðirnar á milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar njóta mikilla vinsælda í dag. Oft eru þessar leiðir skipulagðar sem 4-5 daga ferðir og þá er gíst í fjallakofum. Hér fyrir austan

Fréttabíll/Ísok



Arngímur Viðar Ásgeirsson veitir Ferðaskrifstofu Austurlands forstöðu, en hún er á Egilsstöðum.

eru einir níu mjög góðir fjallakofar sem taka allt upp í 80 manns. Við hjá Ferðaskrifstofu Austurlands tökum á móti fjölda ferðamanna og það er í okkar hlutverki að vísa þeim út í náttúruna. Það er svo margt annað í spilunum en að keyra hringinn og gista á hótélum á leiðinni. Við höfum orðið vör við fjölgun ferðamanna með Norrönu undanfarin ár og því á ég von á annasömu sumri í ár. Síðan er alltaf að aukast ásókn í veiði

hérna fyrir austan á haustin, gæsina, rjúpunna og hreindýrin. Það verður því nóg um að vera hérna, svo ekki sé minnst á allar bæjarhátíðirnar.

Það er mikið af fólki á aldrinum 20-40 ára sem hefur oft komið til Kaupmannahafnar eða ákveðinnar sólarstrandar en hingað austur til okkar.

Mér finnst vera vakning hjá þessari kynslóð um að nú sé kominn tími til þess að skoða Ísland.“

Lærðu að fljúga núna!  
Bóklegt námskeið að hefjast

Flugskóli Akureyrar  
Sími 461 2105  
flugnam.is

FULL BÚÐ AF FLOTTUM FÖTUM

ALLT í fótboltan í gönguna í íþróttirnar í útivistina

VERSLUNIN SKÓGAR

OPIÐ ALLA DAGA • SÍMI 471 1230

BIRKITRÉ SÉRSMÍÐI

SÉRSMÍÐUM OG HÖNNUM INNRÉTTINGAR AF ÖLLU TAGI. Sérsmíðum og hönnum innréttingar af öllu tagi, með séráherslu á vandaðar innihurðir fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. YFIR 20 ÁRA REYNISLA.

BIRKITRÉ sf  
Lyngási 12 / 700 Egilsstaðir / sími 471-1619

kíktu við hjá okkur!  
... full verslun af frábærum vörum

- tölvubúnaður
- tölvuviðgerðir og þjónusta
- skrifstofuvörur

netx ... tölvuþjónusta

Miðvangi 2-4 - 700 Egilsstaðir - Sími 471 2011 - Fax 471 2051  
Búðareyri 15 - 730 Reyðarfjörður - Sími 474 1511 - Fax 474 1501

netx@netx.is - www.netx.is

Austfirðingar  
SETJUM SVIP Á BÆINN Í SUMAR

Tökum að okkur málningarvinnu á flestum sviðum, heimili, hús, fyrirtæki og fleira. Víðtæk reynsla – vönduð vinnubrögð.

MÁLNINGARÞJÓNUSTA  
JÓNS OG ÞÓRARINS  
FAXATRÖÐ 2, 700 EGILSSTAÐIR  
sími: 899-4312 og 864-0347

Humarhátíð  
Hornafirði 1. - 3. júlí 2005

- Dansleikir
- Kassabílarall
- Söngvarakeppni
- Kúadellulottó
- Línuskautakeppni
- Leiktæki fyrir börnin
- Varðeldur og flugeldasýning
- ... og margt fleira

www.humar.is

## Breytt ferðamynstur

Á Egilsstöðum er rekin upplýsingamiðstöð Austurlands. Umráðasvæði hennar er frá Bakkafirði í norðri allt suður til Djúpavogs.

„Hér á Egilsstöðum rekur við upplýsingamiðstöð Austurlands, sem er landshlutamiðstöð. Að sjálfsgöðu leiðbeinum við lengra áfram suður fyrir Djúpavog eða norður fyrir Bakkafirði ef fram á það er farið. Hér starfa á sumrin sex starfsmenn sem skipt er á vaktir. Nú í byrjun júní virðist svo sem sumarið fari mjög vel af stað. Það komu hingað fyrstu ferðalangarnir í kringum 20. apríl sem tjölduðu hér hjá okkur í tíu stiga gaddi,“ segir Sigurbjörg Inga Flosadóttir, forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar Austurlands.

„Sumarið leggst þannig í mig að stefni í aukningu á ferðamannastrauminum frá síðasta ári, þrátt fyrir að það hafi verið gott. Ferðamannatíminn hefur verið að lengjast á báðar áttir. Ferjan Smyrill, sem leggst upp að Seyðisfirði einu sinni í viku, veldur álagspunktum hjá okk-

Fréttabíll/Ísok



Sigurbjörg Inga Flosadóttir er forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar Austurlands.

ur og þá skipta farþegarnir oft leiðum. Sumir fara norður og aðrir fara suður fyrir. Koma Smyrils hleypir alltaf miklu lífi í bæjarlífið hjá okkur og það er óneitanlega gaman þegar svo er. Það hefur vakið athygli okkar hérna í upplýsingamiðstöðinni að ferðamynstur fólks er að breytast. Við erum farin að fá húsbíla eða tjaldvagna á vorin til okkar en fólk kys í auknum mæli að nota slíkar græjur. Húsbílar og tjaldvagnar hafa ýmsa kosti, eru ekki eins háðir veðrinu. Við finnum einnig mikið fyrir því að allir þeir sem vinna uppi í Kárahnjúkum koma hingað þegar þeir eiga fri á sunnudögum. Þá fylgist Egilsstaðabær af fólki og sömu leiðis af fólki frá Reyðarfirði vegna framkvæmdanna við álver þar.“

## Dregur nafn sitt af snjómoksturstaeki

Fyrirtækið Tanni Travel skipuleggur dagsferðir upp að Kárahnjúkum á miðviku- og laugardögum.

„Við erum með dagsferðir að Kárahnjúkum á miðvikudögum og laugardögum. Dagsferðir frá Eskifirði upp að Kárahnjúkum taka um 8-9 tíma með leiðsögn. Þetta er þriðja árið sem Tanni Travel býður upp á

þessar ferðir. Í þeim gefst fólki tækifæri til að berja virkjunarsvæðið augum auk alls svæðisins í heild, sem er mjög áhugavert,“ segir Sveinn Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Tanna Travel.

„Í ferðunum upp að virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka er farið í hring, út Jökuldalinn og komið að Klausturseli þar sem hægt er að skoða dýragarð með refum og hreindýrum. Það eru dýr sem menn berja ekki augum á hverjum degi. Alltaf slæðist með eitthvað af göngufólki sem við keyrum í Snæfell eða jafnvel sækjum þangað. Á vorin er algengt að fá vinnuhópa, félagasamtök eða fyrirtæki í þessar ferðir. Síðari hluta sumars ber meira á einstaklingum sem vilja skoða virkjunarsvæðið. Tanni Travel dregur nafn sitt af snjómoksturstaekinu Tanna sem var hér í notkun við snjómokstur í Oddsskarði á árunum 1974-1984, en ég var bílstjóri á þessu tæki. Tanni var fyrsti snjóbíll á Íslandi sem var með tönn sem hægt var að skekkja með glussatöngum. Hann þurfti því ekki að vera með jarðýtur á undan sér við moksturinn til að laga hliðarhallann.“

Fréttabíll/Ísok



Sveinn Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Tanna Travel, við eina af rútunum sem notaðar eru í ferðirnar upp að Kárahnjúkum. Vinstra megin er hinn frægi snjóbíll, Tanni.

# Blanda af bæverskum og dönskum stíl

**Skríðuklaustur er yngsta klaustur á Íslandi og það eina á Austurlandi. Gunnarsstofnun á Skríðuklaustri, sem flestir kannast við, er frá árinu 1939, byggð af Gunnari Gunnarssyni skáldi.**

„Gunnar skáld Gunnarsson bjó lengi erlendis en kom aftur til fæðurlandsins og þegar Skríðuklaustur í fæðingarsveit hans varð falt árið 1938 keypti hann jörðina og byggði þetta merkilega hús. Þau hjónin gáfu ríkinu Skríðuklaustur 1948 og fluttu til Reykjavíkur, þar sem þau bjuggu til æviloka,“ segir Gunnar Gunnarsson, móttökufulltrúi að Skríðuklaustri. Gunnar segist þrött fyrir nafnið ekkert vera skyldur Gunnari skáldi.

„Gunnarshús þykir hafa mjög sérkennilegan byggingarstíl, enda hannað af þýskum arkitekt þar sem blandast saman bæverskur alpastill

og danskur herragarðsstíll. Eitt af sérkennum hússins er útveggirnir, en valin var sú leið við byggingu þeirra að hlaða upp hálfþurri steypu og leggja í hana steina sem höfðu verið þvegirnir og virburstaðir. Útveggirnir eru óvenju þykkir, um 80 cm þar sem þeir eru þykkastir. Húsið kostaði jafnmikið og tíu einbýlishús í Reykjavík á sama tíma,“ segir Gunnar.

„Svalir voru ekki byggðar við Gunnarshús fyrr en á áttunda áratugnum. Svo virðist sem byggingarefnið í svölunum sé verra en í upphaflega húsinu. Frá því að svalirnar voru byggðar hefur þurft að



Gunnar Gunnarsson og Ragna Fanney Jóhannsdóttir, móttökufulltrúar á Skríðuklaustri.

gera á þeim lagfæringar, en ekki á eldri byggingunni,“ segir Ragna Fanney Jóhannsdóttir, móttökufulltrúi að Skríðuklaustri.

„Á hverju sumri erum við með 2-3 stórar listasýningar að Gunnarshúsi í Skríðuklaustri í Fljótsdal. Þann 7. maí til 20. júlí stendur yfir sýning á Snæfelli í íslenski myndlist, allt frá

árinu 1916 yfir í verk sem eru aðeins nokkurra vikna gömul. Síðsumars verðum við með sýningu sem verður byggð á fornleifauppgrefti sem hefur staðið yfir hér úti á túni. Þar er verið að grafa upp rústir munkaklaustursins sem hér stóð. Munkaklaustrið var stofnað 1493 í Ágústínusarreglu en lagt af

1552 vegna siðaskiptanna. Hér á Skríðuklaustri er einnig íbúð fyrir lista- og fræðimenn og eru þeir ekki rukkaðir um aðstöðuna, heldur er ætlast til að þeir skili einhverju til hússins í formi fyrirlestra, sýninga í galleríinu eða jafnvel verka sem þeir skilja eftir,“ segir Gunnar.



Eitt af sérkennum Gunnarshúss á Skríðuklaustri er útveggirnir.

## STEINASAFNIÐ á hvergi sinn líka

Það er skylda þeirra sem leið eiga um Stöðvarfjörð að skoða Steinasafn Petru, sem er eitt stærsta og glæsilegasta steinasafn í einkaeigu í heiminum.

„Á Stöðvarfirði er viðfrægt steinasafn í Sunnuhlíð, í garði og íbúðarhúsi Petru Sveinsdóttur. Petra hefur búið þar frá árinu 1946, en steinasöfnun hefur verið áhugamál hennar frá barnæsku. Allt að tuttugu þúsund ferðamenn sækja safnið heim á ári hverju og leggja margir á sig krók eingöngu til að heimsækja safnið,“ segir Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, upplýsingafulltrúi Austurbyggðar.

„Á Stöðvarfirði er einnig merkilegt gistiheimili, Kirkjubær, sem er í afhelgaðri kirkju. Á Stöðvarfirði eru búsettir margir lærðir listamenn, til dæmis er hægt að sjá afraksturinn af verkum þeirra í Galleri Snæros. Hjónin Sólrún Friðriksdóttir og



Steinasafn Petru Sveinsdóttur á Stöðvarfirði er í garðinum og íbúðarhúsinu á heimili hennar.

Rikharður Valtingoer, hafa bæði verið að vinna grafísk listaverk, en Valtingoer er austurrískur. Anna Hrefnudóttir áformar að opna

vinnustofu á Stöðvarfirði, en hún vinnur aðallega akrýlverk og ferðalangar geta barið verk hennar augum í sumar.“

## LAGARFLJÓTSORMURINN

Lagarfljótsormurinn siglir sumarlangt frá Atlavík

Léttar veitingar/Bar  
Lifandi tónlist

Útsýnisferðir  
Grillferðir  
Skemmtiferðir  
Árshátiðir



Upplýsingar og bókanir:

Sími 471-2900 Fax 471-2901

Netfang : ferja@ormur.is vefang. www.ormur.is



...nægir ekki lengur lítil skíma:  
oss löngu síðan birtuþráin snart....

Úr kvæði Karls Jónssonar um Fjarðarselsvirkjun

## FJARÐARSEL SVIRKJUN

er elsta riðstraumsvirkjun á Íslandi og markaði tímamót þegar hún var byggð 1913. Virkjunin var gerð af Seyðfirðingum og er stolt þeirra. Við hjá RARIK erum jafnframt stolt af virkjuninni enda hefur hún verið í fóstri hjá okkur í nær hálfa öld. Á efri hæð stöðvarhússins hefur verið sett upp lítið rafminjasafn. Í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði, verður virkjunin opin almenningi í sumar.

Verið velkomin!



## Aldargamalt tilhöggvið hús

Hótel Framtíð á Djúpavogi var flutt hingað til Íslands tilhöggvið frá Kaupmannahöfn árið 1905. Húsið sjálft var reist hér árin 1905-06, raðað saman og allir bitar merktir rómverskum tölum og litum til þess að auðvelda alla samsetningu.

„Hótel Framtíð á Djúpavogi var upphaflega byggt sem verslunarhús og var í eigu dansks verslunarmanns. Búið er að reka húsið sem hótel frá árinu 1967 og hótelíð heldur því upp á fimmtíu ára afmæli sitt eftir tvö ár, en húsið sjálft er 100 ára á þessu ári,“ segir Guðrún Anna Eðvaldsdóttir, hóteltýra á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Guðrún Anna og eiginmaður hennar, Þórir Stefánsson, reka hótel Framtíð.

„Fyrsta hótelíð á Djúpavogi var samt Hótel Geysir sem nú er nýtt sem ráðhús staðarins. Sama fjölskylda er búin að eiga húsið frá árinu 1988. Þá var byggð viðbygging við hótelíð sem er rúmir 700 fermetrar. Hér eru 36 herbergi, níu herbergi í gamla húsinu og þar eru öll herbergi með handlaug en ekki sturtu. Gestir hótelsins vilja flestir gista í nýja húsinu þar sem öll herbergi eru nýtskuleg með sturtu en sumir vilja fá að vera í gamla húsinu, finnst sérstök stemning að



Anna Eðvaldsdóttir hóteltýra á Hótel Framtíð.

gista í eldri hluta hússins. Óhætta er að segja að í þessu húsi ríki afskaplega notalegur andi.

Við höfum verið mjög heppin með kokka á hótelinu og fengið viðurkenningar fyrir matinn. Hér var

sami kokkurinn í átta ár en hann hætti nýverið. Nú er kominn nýr kokkur á hótelíð og hann lofar einnig góðu, við erum mjög ánægð með hann. Báðir kokkarnir eru með nýjar matarhefðir á hreinu, enda rétt sloppnir yfir þritugt. Ferðamálaráð Íslands veitti okkur viðurkenningu nýverið sem eitt af bestu hótélum á landinu og sömuleiðis fengum við viðurkenningu frá Þróunarstofu. Sumartraffíkin er rétt að hefjast og maimánuður var óvenju góður hjá okkur. Við höfum svo mikið að gera að nauðsynlegt er að fjölga starfsfólki um 12 manns yfir sumarið. Annars er hér opið árið um kring.

Íbúafjöldi á Djúpavogi hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár, en búast má við töluverðri náttúrulegri fjölgun á þessu ári. Hér búa tæplega 500 manns og allavega 12 Djúpavogsbörn eru væntanleg í heiminn á þessu ári. Hér á Djúpavogi er mikið af ungu fólki á aldrinum 20-40 ára.“



Sonja Björk Jóhannsdóttir er safnstjóri Íslenska stríðsárasafnsins á Reyðarfirði.

## Eina safnið sinnar tegundar

Mikill fjöldi hermanna hafði aðsetur á Reyðarfirði í síðari heimsstyrjöldinni og þeir skildu eftir sig menjar sem hægt er að berja augum á Íslenska stríðsárasafninu.

Á Reyðarfirði er Íslenska stríðsárasafnið við gamla herbragga, en mikill fjöldi hermanna hafði aðsetur á Reyðarfirði í stríðinu og stríðsminjar er víða að finna. Stríðsárasafnið var stofnað 1995 og eru þar varðveittir ýmsir munir og sýndar minjar frá tímum síðari heimsstyrjaldar og hernámi Íslands frá íslensku sjónarhorni. Sonja Björk Jóhannsdóttir er safnstjóri Íslenska stríðsárasafnsins á Reyðarfirði.

ÞAR SEM FAGMENNSKAN ER Í FYRIRRÚMI



Einbúabla 29  
Opið 9-17, virka daga  
700 Egilsstaðir  
Sími: 471-2980

Fatahreinsun og þvottahús

Þvottabjörn ehf  
Búðareyri 25  
730 Reyðarfjörður

**Skeggjastaðahreppur**  
Skólagaata 5  
685 Bakkafljóður  
Sími: 473-1686  
www.bakkafjordur.is  
oddviti@bakkafjordur.is

Sænaútasel í Jökuldalsheiði

Nýbakaðar lummur og kaffisala allan daginn frá 9-22.  
Matur til sölu eftir pöntun.

S: 855-5399 S: 4711086.  
jokulsa@centrum.is

Kaffihús og verslun



Te & kaffi  
Miðvangi 2-4 • Egilsstöðum

## Fyrsta húsið á Egilsstöðum

Gistihúsið á Egilsstöðum var byggt árið 1903 og var upphaflega hugsað sem bóndabær. Frá upphafi var þar mikill gestagangur og með tilkomu Lagarfljótsbrúar 1905 varð umferðin enn meiri.

„Árið 1911 var byggt við gistihúsið á Egilsstöðum og hluti hússins varð að gistiheimili. Heimildir segja frá því að bóndi sem átti þessi jörð á undan langafa mínum, hafi kvartað undan gestagangi hérna,“ segir Gunnlaugur Jónsson, hóteltjóri Gistihússins á Egilsstöðum.

„Þrátt fyrir að hér hafi alltaf verið rekið gistihús, var aðstaðan orðin nokkuð lasin árið 1993, en þó hófust endurbætur á Gistihúsinu. Árið 1998 keyptum við hjónin, ég og Hulda Elísabet Danielsdóttir,

reksturinn og höfum staðið fyrir miklum endurbótum.“ Gunnlaugur er sonur Margrétar Pétursdóttur, sonardóttur Jóns Bergssonar og Margrétar Pétursdóttur og með kaupum þeirra hjóna var Gistihúsið að nýju komið í hendur Egilsstaðaaættarinnar. Árið 1889 keyptu Jón Bergsson og Margrét Pétursdóttir jörðina Egilsstaði og er það upphafið af sögu ættarinnar á þessum stað.

„Gistihúsið á Egilsstöðum var eitt sinn eina húsið á staðnum og segja

má að Egilsstaðabær hafi byggt út frá þessu húsi. Við litum björtum augum til framtíðar, hér er mjög góð nýting yfir sumarmánuðina, á köflum hættulega mikil. Það lítur vel út með pantanir í sumar, en ég tek eftir því að ferðamynstur fólks er að breytast. Fólk pantar gistinguna sína með minni fyrirvara en áður. Við fáum töluverða kynningu í gegnum Ferðabjónustu bænda. Uppistaðan af okkar gestum eru útlendingar á bilaleigubílum sem eru að keyra hringinn.“



Gunnlaugur Jónsson er hóteltjóri á Gistihúsinu á Egilsstöðum.

## Skonsubærinn Brunnhóll

Á Brunnhóli á Mýrum í Hornafirði hefur ferðabjónusta bænda verið frá 1986. Byrjað var rólega en bætt stöðugt í og nú er stórhýsi í byggingu.

„Ætli þetta flokkist ekki undir elliglöp?“ segir Sigurlaug Gissurardóttir hús-freyja hlajandi þegar orð er haft á framkvæmdaglegðinni á bænum. Nýja húsið verður tekið í gagnið nú um miðjan mánuðinn og eftir það er gisting í 43 rúmum í boði á Brunnhóli, ásamt eldunaraðstöðu og setustofu. Auk þess ber Sigurlaug fram morgunverð og býður upp á kvöldverðarhlaðborð. Þótt hún tali um elliglöp er hún enn á besta aldri og eftir því spræk. Hún og eiginmaður hennar, Jón Kristinn Jónsson, búa í Árbæ sem er steinsnar frá Brunnhóli. Þar hafa þau rekið kúabú í yfir 20 ár en nú er sonur þeirra, Sæmundur, að taka við því, ásamt sinni fjölskyldu. Nýja húsið er hvoru tveggja í senn bráðabirgðaíbúðarhús ungu hjónanna og glæsileg viðbót við gistiþláss Sigurlaugar og Jóns. Þau voru með þeim fyrstu til að fara út í ferðabjónustu bænda í héraðinu og nú snúa þau sér að henni alfarið. „Upphaflega ætluðum við bara að leigja eyðibýlið Brunnhól út sem sumarbústað en fljótlega fundum við fyrir mikilli þörf á gistiþlássi fyrir ferðamenn svo við breyttum stefnunni og fljótlega stækkuðum við Brunnhól. Ég byrjaði á að taka fólk í morgunmat inn í eldhúsið til mín en



Sigurlaug bakar skonsur til að bera fram á morgunverðarborðið.

það sprengdi utan af sér og stofan varð að matsal. Svo settum við upp sólstofu og borðsettum þar og í fyrri var bætt við hana. Ég er með hlaðborð á kvöldin með að minnsta kosti einum fiskrétti, einum kjötrétti og einhverju vali um grænmeti. Hef heimilislegan mat og nóg af honum.“

Ýmislegt skapast af aðstæðum eins og skonsuhefðin sem Sigurlaug lýsir svo „Mér fannst óþægilegt að vera aðgerðarlaus í eldhúsinu meðan fólk var að borða morgunmatinn svo ég fór að baka skonsur og bera þær heitar á borð. Áður en ég vissi af var farið að rukka mig um þær ef þær vantaði. Þá var það komið í einhverja erlenda bók að á þessum bæ fengi fólk alltaf nýbakaðar skonsur. Því verða ansi margar skonsur til hér yfir sumarið.“

## Iðandi fuglalíf og selalátur

Papeyjarferðir voru stofnaðar 30. maí 1995 og eru því tíu ára um þessar mundir. Á þeim tíma sem Papeyjarferðir hafa verið starfræktar hafa rúmlega 10.000 manns verið fluttir út í Papey.

„Af þeim tíu þúsund farþegum sem við höfum flutt út í Papeyna er um það bil helmingur útlendingar, en þeim hefur farið fjölgandi á undanförnum árum. Ætli þeir séu ekki orðnir um 60-70% gesta okkar í dag,“ segir Már Karlsson, framkvæmdastjóri Papeyjarferða.

„Papey er merkileg eyja, um tveir ferkílómetrar að stærð en aðaleyj- unni fylgja margar úteyjar. Allir eyjarnar eru iðandi af fuglalífi og selur á skerjum allt um kring. Fuglabjörgin eru stórfengleg, 20-45 metrar á hæð og þarna er mest um lunda en einnig mikið um ritu, fyl og kriú. Papey á sér merka sögu í fornbókmenntum, en talið er að papar hafi búið þar fyrir komu norræna manna til Íslands. Papar voru kristnir og talið að þeir hafi

komandi sér á brott þegar Norðmenn fóru að byggja landið, því þeir vildu ekki vera innan um heiðna menn. Eyjarnar eru óbyggðar í dag, en þarna er þó gamalt íbúðarhús sem byggt var upp úr eldra húsi um 1900. Þarna eru einnig tveir litlir sumarbústaðir.

Papeyjarferðir eru fjölskyldufyrirtæki í eigu fjögurra fjölskyldna. Ég hef verið leiðsögumaður frá upphafi, en nýlega bættist Svavar Sigurðsson, kennari á Djúpavogi, í hóp leiðsögumanna. Báturinn tekur mest 22 farþega, en við setjum lágmarkið við fjóra farþega til að fara af stað. Nýlega kom hingað rússneskt skemmtiferðaskip og við afgreiddum það með hópi gúm- og flotbáta út í eyjarnar og kunnu gestir skipsins það vel að meta.“



Hermann Steinsson, skipstjóri Papeyjarferða, og Már Karlsson framkvæmdastjóri.

## Frönsk arfleifð

Mikil áhersla er lögð á franska arfleifð á Fáskrúðsfirði og reynt hefur verið að gera hana sýnilegri og draga hana fram í bænum.



Franska safninu á Fáskrúðsfirði er ætlað að varðveita franska arfleifð bæjarins.

„Í viðleitni okkar til að draga fram franska arfleifð höfum við Franska safnið og auk þess erum við að setja upp söguskilti við marga staði í bænum og utan við hann sem vísa í tengsl bæjarins við Frakkland. Ætlunin er að hafa lítinn pása með korti yfir staðsetningu skiltanna. Hér geta ferðamenn komið við í Kaffi Sumarlínu sem er staðsett í gömlu uppgerðu húsi á Fáskrúðsfirði. Þar er lögð áhersla á að vera með veitingar úr hráefni af staðnum,“ segir Hrafnhildur Ýr Víglundsóttir, upplýsingafulltrúi Austurbyggðar, á Fáskrúðsfirði.

„Hér voru, þegar mest var, 120 franskar fiskiskútur í firðinum í kringum aldamótin 1900. Ein af fáum aðalbækistöðvum frönsku sjómanna hér við land var á Fáskrúðsfirði. Ætlað er að þetta tímabil hafi staðið frá síðari hluta 19. aldar og þar til að síðustu skúturnar fóru héðan á seinni hluta fjórða áratugs tuttugustu aldar. Hér á Fáskrúðsfirði var reistur fyrsti franski spítalinn og áhugasamtök eru að reyna að byggja hann upp fyrir ferðamenn. Um miðjan júlí opnar sýning úr grunnskóla Fáskrúðsfjarðar á líkani franska spítalans. Hér verða Franskir dagar 22.-24. júlí, árleg bæjarhátíð, þar sem íbúafjöldi tvöfaldast yfir eina helgi.

Vinabær Fáskrúðsfjarðar í Frakklandi er Gravelines á norðurströnd Frakklands, ekki langt frá landamærum Belgíu. Á Frönskum dögum kemur einmitt listakona frá Gravelines sem sýnir verk sem hún hefur unnið úr pappamassa.“

VER FYRIR SÓL  
MJÚK FYRIR HÚÐ

NÝTT!

MILD OG LÉTT FROÐA SEM  
GENGUR HRATT INN Í HÚÐINA  
FÁANLEG MEÐ SÓLVÖRN 8 OG 15

NIVEA Sun  
Pampering Protection Mousse  
Silky Skin Feeling  
15

www.NIVEA.com

Hjálpum hreyfihömluðum  
að njóta náttúrunnar

Styrktarsíminn er  
**901 5001**  
Eitt símtal – 1.000 krónur  
Við þurfum þinn stuðning!

**989**  
BYLGJAN

Ísland í bítíð kl. 7-9  
Íþróttasamband fatlaðra



Talstöðin  
FM 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins  
fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.  
Alla virka daga kl. 17:30

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUT

- Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á [hradbraut.is](http://hradbraut.is)

Menntaskólinn Hraðbraut.  
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.  
Sími: 517-5040

- “... tveimur árum á undan”

Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?

Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?

Viltu eiga viku fri í skólanum sjöttu hverja viku?

Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?



### Langar þig að skipta um skóla ??

Ef þú ert góður námsmaður, sem hefur lokið tveimur árum í framhaldsskóla, getur þú átt þess kost að ljúka stúdentsprófi eftir aðeins eitt ár.  
Hafðu samband við okkur ef þú vilt skoða þennan möguleika betur.

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁUGLÝSINGA-  
SÍMINN ER OPINN  
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA  
DAG ÞARF AÐ PANTA  
FYRIR KL. 14.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18  
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19  
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16



Renault Megane Scenic, skrd. 12/1999 ek. 109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo S60 AWD 2,5 Turbo, skrd. 05/2003, ek. 22.000 km, 2521cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.650.000 kr. Tilboð 3.390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen C3, skrd. 02/2004, ek. 28.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo XC90 T6, skrd. 08/2004, ek. 7.000 km, 2900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. Tilboð 5.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km, 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 6.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Hyundai Accent, skrd. 09/1998, ek. 64.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Lexus RX300, skrd. 04/2003, ek. 31.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Land Cruiser 90 GX, skrd. 11/1998, ek. 144.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.250.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Avensis, skrd. 07/1998, ek. 124.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



VW Passat station 4Motion, skrd. 08/2000, ek. 120.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.170.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford Explorer Exclusive, skrd. 01/2000, ek. 86.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Daewoo Nubira SX Station, skrd. 10/1999, ek. 81.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford Focus Trend, skrd. 07/2000, ek. 81.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 870.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen Xsara SX station, skrd. 02/2003, ek. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Lexus IS200, skrd. 05/2003, e:29.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



VW Golf Syncro 4x4, skrd. 08/1996, e:185.000 km, 1800 cc, beinskiptur. Ásett verð 530.000 kr. Tilboð 390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford Focus H/S Station, skrd. 07/2000, e:92.000 km, 1600 cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford F-250 diesel, skrd. 08/2003, e: 34.000 km, 6000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Subaru Legacy Outback, skrd. 03/1997, e:139.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Avensis station, skrd. 07/1998, e:132.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Peugeot 406, skrd. 08/2000, e:51.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr. Tilboð 850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford Focus H/S Station, skrd. 02/2000, e:93.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 870.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Suzuki Vitara JLX-SE, skrd. 11/1998, e:100.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 750.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo S40 SE-Line, skrd. 09/2003, e:28.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.320.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Audi A4, skrd. 12/2002, e:45.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Renault Megane Classic, skrd. 06/1999, e:109.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Avensis, skrd. 07/1999, e:103.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 670.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Ford Expedition XLT Sport, skrd. 07/2004, e:13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo S80 LPT-Turbo, skrd. 05/2004, e:10.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.890.000 kr. Tilboð 3.390.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Vw Vento, skrd. 09/1996, e:131.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Renault Megane, skrd. 11/1999, e:55.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Kia Sportage, skrd. 05/1995, e:159.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



VW Passat Comfortline stw, skrd. 08/2000, e:130.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo 744, skrd. 06/1987, 2316cc, e:265.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 250.000 kr. Tilboð 150.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Opel Vectra station, skrd. 07/1998, e:114.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr. Tilboð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Subaru Impreza station, skrd. 10/2000, e:108.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo XC90 LPT-Turbo, skrd. 05/2004, ek. 16.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.690.000 kr. Tilboð 4.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen Picasso Exclusive, skrd. 05/2003, ek. 31.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



VW Passat Turbo, skrd. 08/1999, ek. 127.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.




Daewoo Leganza, skrd. 09/1998, ek. 25.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



MMC L200, skrd. 01/2003, ek. 33.000 km, 2351cc, beinskiptur. Ásett verð 2.350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.




Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 08/2000, ek. 126.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.150.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen C5 Elegance, skrd. 09/2003, ek. 29.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.




Volvo XC90, skrd. 08/2004, ek. 7.000 km, 2900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. Tilboð 5.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Volvo V40, skrd. 02/1997, ek. 110.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Citroen C4, skrd. 02/2005, ek. 2.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.850.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



Toyota Rav 4, skrd. 02/2000, ek. 97.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.270.000 kr. Tilboð 1.170.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Sirion 4x4, skrd. 01/2002, e:68.000 km, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

**Brimborg**  
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.  
Sími: 515 7000  
www.brimborg.is

## Bilabúð Benna

### NOTADIR BÍLAR



Kawasaki ZX10R. Kr. 1.458.000,-



Musso E-23 Bensín (150hö) beinskiptur, 5 gir, 31" dekk, álfelgur, geislaspilar, rafmagn í rúðum, eyðslu grennsti jeppinn á markaðnum 9,271 pr 100km og verðið er aðeins 1,190.000.



Rexton RX-290 TD-I ekkinn aðeins 83 þús. km, 31" dekk, álfelgur, 5 gir, abs, ASR spólavörn, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilar, líknabelgir, dökkt gler og m/fl. Verð 2,460,000.



SSangyong Korando 2,9 TD-I árg. 9/1998, ekkinn 103 þús. km, sjálfskiptur, 33" breyttur, álfelgur, abs, dráttarbeisli, geislaspilar, loftlæstur framan og aftan, loftdæla, rafm. í rúðum og fl. Ásett verð 1390,000. Tilboð 1,090,000.



Hyundai Accent GLS árg. 2000, ekkinn 90 þús. km, 5 gir, beinskiptur, 4ra dyra, abs, álfelgur, rafmagn í rúðum, samlæsingar, geislaspilar. Ný tímæreim og ný skoðaður '06 mjög gott eintak. Verð 490,000.



Toyota Carina E GLI 1,8l árg. 1997, Classic, ekkinn 177 þús. km, beinskiptur 5 gir, geislaspilar, líknabelgir, rafmagn í rúðum, samlæsing. Verð 590,000. Tilboð 450,000.



Nissan Patrol GR Turbo árg. 8/1992, ekkinn 263 þús. km, 7 manna, 5 gir, 35" dekk, upphækkaður, vél og kassi tekinn upp 2001. Verð 790,000.



Virkilega falleg og björt 4 herbergja íbúð ásamt rúmgóðum innbyggðum bílskúr í litlu fjölbýli á rólegum og góðum stað, samtals 129fm. Sérsmíðaðar innréttingar, gegnheit parket og flísar á gólfum, 3 rúmgóð herbergi, suðursvalir, einstakt útsýni er úr íbúðinni. Öll þjónusta í næsta nágrenni m.a. skóli, leikskóli, verslun, sund og golf. Verið er að klára málun utanhúss og greiðist það af seljanda.

Hér getur þú gert góð kaup. ATH LÆKKAD VERÐ 22,8. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. Hildur og Borgar taka á móti ykkur í kvöld á milli 20 -21.

Heimilisfang: Garðhús 12 Grafarvogi

Stærð eignar: 129 fm

Afhending eignar: laus við kaupsamning

Verð: 22,8 milljónir



Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali.

Sölufulltrúi: Páll Höskuldsson  
gsm: 864 0500  
e-mail: [pall@fasteignakaup.is](mailto:pall@fasteignakaup.is)

Ármúla 15 • sími 515 0500  
fax 515 0509 • [www.fasteignakaup.is](http://www.fasteignakaup.is)  
[fasteignakaup@fasteignakaup.is](mailto:fasteignakaup@fasteignakaup.is)

## OPIÐ HÚS Engjasel 69



**Fimmtudaginn 9. júní frá kl. 19 til 20** Frábær og björt 4-5 herb. íbúð á 3. hæð með svölum og geymslu í kjallara ásamt góðu stæði í bílskýli. Verið velkomin.



BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

## NETHÚS AÐEINS 1% SÖLUBÓKNUN Þín sala - þinn sparnaður

FASTEIGNASALA  
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur  
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880

Elin D.W. Guðmundsdóttir, löggildur fasteignasali

### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 18-19 NÝBÝLAVEGUR 58



Mjög góð 6 herbergja 140,7 fm efri sérhæð auk 36,1 fm bílskúrs að Nýbýlavegi í Kópavogi. Glæsilegt útsýni. Ásett verð: 28.900.000 kr. **Halldór sölumaður Nethúsa tekur á móti gestum. Sími 840-2100**

## NETHÚS AÐEINS 1% SÖLUBÓKNUN Þín sala - þinn sparnaður

FASTEIGNASALA  
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur  
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880

Elin D.W. Guðmundsdóttir, löggildur fasteignasali

### Opið hús í dag milli 16 og 20 Austurberg 36



Góð 2ja - 3ja herbergja íbúð á annari hæð með sérinnangi í fallettu húsi að Austurbergi í Reykjavík. Húsið var allt viðgert og klætt að utan fyrir 2 árum. Verð: 13,8 millj. **FRÍÐRIK TEKUR Á MÓTI GESTUM SÍMI 861-3444**

## NETHÚS AÐEINS 1% SÖLUBÓKNUN Þín sala - þinn sparnaður

FASTEIGNASALA  
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur  
Sími: 575 8800 • Fax: 575 880

Elin D.W. Guðmundsdóttir, löggildur fasteignasali

### OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN FRÁ 18-19 MÁNAGATA 14



Mikið endurnýjuð 2ja herbergja 43,2 fm. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi á þessu frábæra stað. Eldhús með eldri innréttingu, borðkrók og nýju parketi á gólfi. Baðherbergi með baðkari, dúkflísar á gólfi og veggjum, gluggi á baði. Stofa er með nýju parketi. **Verð 13.900.000-** Hannes tekur á móti gestum. Sími 893-4084



Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

# HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar · Kringlunni 7 · 103 Reykjavík  
Sími 534 4400 · Fax 534 4410 · www.hbfasteignir.is



Valdimar Óli  
Þorsteinsson  
Sölufulltrúi  
822 6439



Kristinn R.  
Kjartansson  
Sölufulltrúi  
820 0762



Hrafnhildur Bridde  
Lögg. fasteignasali  
821 4400



Teitur Lárusson  
Sölufulltrúi  
894 8090



Kári Kort  
Sölufulltrúi  
892 2506



Kristján Axelsson  
Sölufulltrúi  
821 4404



Pétur Kristinnsson  
Löggiltur fasteignasali  
Löggiltur verðbréfamiðlari  
893 9048

OKKAR METNAÐUR  
ÞINN HAGUR



## Sími 534 4400



### BAUGANES SKERJAFIRDI.

EINBYLISH OG EIGNARL. VERDTILB.

- \* MEÐ MÖGUEIKA AÐ BYGGJA ANNAÐ HÚS Á LÓÐINNI.
- \* Ca. 200 fm hús og bílskur
- \* Heimilt er að byggja annað hús á lóðinni og/eda rífa það sem fyrir og byggja tvö.
- \* Húsið þarfnast töluverðar endurbótar
- \* Mjög góð staðsetning

894-8090 Teitur Lárusson



### GRUNÐARSTÍGUR - 101 RVK.

2.HÆÐ - 3.JA HERB. 21 MILLJ.

- \* 89,7fm
- \* 2. rúmgóð svefnherb.
- \* Suður-vestur svalir
- \* Nýleg gólfefni
- \* Hús nýl. tekið í gegn að utan
- \* Stutt í alla þjónustu

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### RAUDALÆKUR, 2JA HERB.

SÉRHÆÐ/KJALLARI 10,9 MILLJ.

- \* Íbúð sem býður uppá mikla möguleika
- \* Sér inng. - sameiginl. garður
- \* Gott skipulag, plastparket á gólfum
- \* Sér geymsla og sameiginl. þvottahús
- \* Lítið eldhús en möguleiki á stækkun
- \* Stutt í alla þjónustu og skóla

894-8090 Teitur Lárusson



### ÞÓRSGATA - 101 RVK.

2.HÆÐ - VIRÐULEGT HÚS 9,2 MILLJ.

- \* 36,7fm
- \* Nýleg eldhúsinnrétting
- \* Gólfjallir
- \* Langir yfirfarnar
- \* Bárujárnsklætt timburhús
- \* Stutt í alla þjónustu

822-6439 Valdimar Óli



### SELVOÐSBRAUT, ÞORLÁKSHÖFN

RADHÚS 20,9 - 22,5 MILLJ.

- \* Stærð 131,6 og 130,5 fm á einni hæð
- \* Aðeins þrjú hús eftir !
- \* Tvö svefnherb.
- \* Afhent fullbúð
- \* Afhending fjótlega
- \* Gróð hverfi

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### GRENITEIGUR REYKJANESBÆR

120 FM EINBYLISHÚS. 21,5 MILLJ.

- \* Neðri hæð stórt hol+stofa
- \* Eldhús m/eldri innréttingu.
- \* Þvottahús+geymsla m/útg.
- \* Efnh. 4 svefnherbergi.
- \* Baðherb m/flisum.
- \* Geymsluloft yfir hæðinni.

892-2506 Kári Kort



### SMÁRATÚN, SELFOSS

2.JA HERB. M/SÉRINNG. 9,8 MILLJ.

- \* Tvíbýlishús
- \* Kjallari
- \* 68fm
- \* Nýl.eldhús
- \* Rúmgóð stofa
- \* Gróð hverfi

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### SKAFTHLÍÐ - 105 RVK. - 2.HÆÐ

4.RA HERB. 22,5 MILLJ.

- \* 111,7 fm
- \* 3 svefnherb.
- \* Suður-austur svalir
- \* Björt íbúð
- \* Íbúðin töluvert endurnýjuð
- \* Gróð hverfi

892-2506 Kári Kort



### LAUFENGI, GRAFARVOGUR

4RA HERB. 19,8 MILLJ.

- \* 106,4 fm
- \* 2.hæð
- \* 3.svefnherb. m/skápum
- \* Sér inngangur af svölum
- \* Barnvænt hverfi
- \* Baðherb.nýl. endurnýjað

892-2506 Kári Kort



### LAUS!!! HULDUBORGIR, GRAFARVOGUR

3.HÆÐ 22,9 MILLJ.

- \* MIKIÐ ÚTSÝNI !
- \* Heildarstærð 104,4 fm
- \* Parket á gólfum
- \* 3.svefnherbergi
- \* Rúmgóð stofa
- \* Suður svalir
- \* LAUS!!

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### FROSTAFOLD

3JA HERB. ÍBÚÐ 19,5 MILLJ.

- \* Á GÓÐUM STAÐ Í GRAFARVOGINUM VERÐ
- \* Íbúð með 3-4 herb.
- \* Sér inng. af svölum- sameiginl.garður
- \* Gott skipulag,
- \* Dúkar og plastparket á gólfum
- \* Lagt fyrir þvottvél og þurrkara á baði
- \* Frábært útsýni
- \* Stutt í alla þjónustu

894-8090 Teitur Lárusson



### FOSSVEGUR 8 SELFOSSI

NYTT LVFTUHÚS

- \* 2ja,3ja og 4ra herb.íbúð
- \* Afhending í júní- júlí 2005
- \* Fullbúnað án gólfefna, nema baðh.
- \* Skilalyfing á skrifstofu
- \* Stutt í skóla og alla þjónustu

892-2506 Kári Kort



### LAUS!! ÁSBRAUT, KÓPAVOGUR

2.HÆÐ 17,3 MILLJ.

- \* 90,8 fm (4ra herb.)
- \* 2. herb. og 2.stofur
- \* Suður svalir
- \* Upprunalegar innréttingar
- \* Snyrtileg sameign
- \* Sér geymsla í kjallara

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### LAUS!!! BERGSTAÐASTRÆTI

2JA HERB. ÍB. Í MIDBORG 10,9 MILLJ.

- \* Snotur íbúð - laus v/ kaupsamning
- \* 1.hæð, sameiginl.inng.
- \* Gott skipulag, nýl.pastparket á gólfum
- \* Rösettur í loftum, trérimlagluggatjöld
- \* Sér geymsla - sameiginlegt þvottahús
- \* Stutt í alla þjónustu og skóla

894-8090 Teitur Lárusson



### LYNGHAGI

STÚDÍÓ-ÍBÚÐ

- \* 33 fm íbúð
- \* Ósamþykkt
- \* Jarðhæð
- \* Rúmgott herbergi
- \* Eldhúskrökur
- \* Rólegt hverfi

821-4400 Hrafnhildur Bridde



### VÍFILSGATA-2JA HERB.

ÍBÚÐ Á 1.HÆÐ 21,5 MILLJ.

- \* ÁSAMT 2JA HERB. STÚDÍÓ ÍBÚÐ Í KJALLARA
- \* Gott leigudæmi: t.d. láta aðra íbúðina borga lánin!
- \* Stærð íbúða 85,1 fm (49,1 FM + 36 FM)
- \* Sameiginl inng. og garður
- \* Sér inng.í studio íbúð
- \* Gott skipulag í báðum íbúðunum

894-8090 Teitur Lárusson



SÍMI 565 8000

SÍMI 533 6050

Bæjarhraun 22  
Suðurlandsbraut 20

OPIÐ HÚS Á MILLI 20:00 OG 21:00



### ENGJASEL 87 3.HÆÐ VINSTRI

Í kvöld býðst þér og þínum að koma og skoða fallega 3ja herb. íbúð á þessum barnvæna stað. Parket og flísar á gólfum. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. Stutt er í alla þjónustu og frábær leikaðstaða fyrir börn. Verð 17,3 millj.

Innilega velkomin, Róbert Örn og Kristín taka vel á móti þér.

Runólfur Gunnlaugsson • lögg. fasteignasali  
www.hofdi.is



533 4300


Saúlmon Jónsson lögg. fasteignasali



564 6655

Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Opið Hús í dag milli 17:30 og 18:30



Álftamýri 34  
2 h. til hægri

Snyrtileg 101,8 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýli, ásamt 20,9 fm bílskur. Þrjú góð herbergi og suður svalir. Ljósleiðari fyrir breiðband. Í kjallara fylgir góð geymsla með íbúðinni. Stutt í skóla og Kringluna. Þróttasvæði Fram í næsta nágrenni.

Kristinn sölumaður tekur á móti gestum, verið velkomin.

NETHÚS

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 6 - 201 Kópavogur

Sími: 575 8800 • Fax: 575 880

Elín D.W. Guðmundsdóttir, löggildur fasteignasali

AÐEINS  
1%  
SÖLUPÓKUNN

Þín sala  
- þinn  
sparnaður

Opið hús í dag frá 18 - 19  
Kópavogsbraut 85



Mjög góð 3ja herbergja 68,6 fm íbúð á jarðhæð að Kópavogsbraut 85 í Kópavogi. Fallegar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Falleg íbúð í sex íbúðahúsi á eftirsóttum stað þar sem er stutt í skóla, leikskola svo og alla almenna þjónustu. Verð: 15,4 millj.

María tekur á móti gestum. Sími 864-6485

# LINDARGATA 60

## SÖLUSÝNING Í DAG



Í nýju stórglæsilegu húsi í hjarta borgarinnar eru til sölu 5 íbúðir. Húsið er byggt í gömlum stíl sem hæfir umhverfi þess en innri hönnun og skipulag uppfyllir allar nútímakröfur. Húsið er annars vegar steinsteypt og múrað (bakhluti) og hins vegar byggt úr timbri og bárujárnsklætt (framhluti). Mjög var vandað til uppbyggingar hússins en verkið var unnið af Gamlhús ehf. sem er fyrirtæki á vegum ÍAV sem sérhæfir sig í uppbyggingu gamalla húsa. Um innri frágang sáú S.Ó.S fasteignir ehf.

Allur frágangur, stíll og yfirbragð hússins er til fyrirmyndar. Steypti hluti hússins er einangraður að utan og þær 3 íbúðir sem þar eru hafa allar gólfhita. Tvær íbúðir eiga sér bílastæði á lóðinni en að öðru leyti eru næg bílastæði í næsta nágrenni m.a. mjög lítið nýtt bílastæðahús í 100 metra fjarlægð. Hús, íbúðir og garður eru að öllu leyti fullbúin. Hiti er í stéttum og bílaplönnum.

Staðsetningin er frábær, stutt í miðbæinn og Laugavegurinn í aðeins 2 mínútna göngufæri, en húsið hins vegar laust við skarkala miðbæjarins á kvöldin og um nætur.

Um er að ræða fjórar 2ja herbergja íbúðir, 48- 56 fm og eina 4ra herbergja íbúð, 93,1 fm.

**SÖLUMENN SÝNA ÍBÚÐIRNAR Í DAG FRÁ KL. 17 – 19.**



CHARLES DICKENS (1812-1870)  
lést þennan dag.



„Lánsábyrgð er kerfi þar sem maður sem ekki getur borgað fær annan mann sem ekki getur borgað til að ábyrgjast að hann geti borgað.“

Charles Dickens er einn ástsælasti rithöfundur sem uppi hefur verið. Vinsældir verka hans endurspeglast í því að enn er verið að prenta allar bækur hans.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Thatcher vinnur stórsigur

Íhaldsflokkur Margrétar Thatcher, forsætisráðherra Breta, vann stórsigur í þingkosningum þennan dag árið 1983. Thatcher hafði þá þegar setið eitt kjörtímabil en flokkur hennar hlaut 397 sæti á þingi en Verkamannaflokkurinn aðeins 209. Frjálslyndi flokkurinn, sem bauð sig fram í fyrsta sinn þetta árið, hlaut jafn mörg atkvæði og Verkamannaflokkurinn þó sætin hafi einungis orðið 23. Margrét Thatcher varð leiðtogi íhaldsflokksins árið 1975 á tíma þegar flokknum hafði hnignað stórlega, og forsætisráðherra eftir kosningasigur 1979. Hún tryggði að verkalyðsfélög færu að lögum,

seldi fjölda ríkisfyrirtækja og jók virðingu fyrir Bretum annars staðar. Ein af ástæðum þessa stórsigurs árið 1983 var talin vera vinsældir Thatchers eftir sigur Bretlands í Falklandseyjastriðinu en hún hafði ekki sætt sig við hernám argentísku herforingjastjórnarinnar á eyjunum. Eftir sigurinn 1983 tilkynnti Thatcher að þung dagskrá yrði á komandi þingi. Önnur ástæða fyrir sigri íhaldsflokksins var talinn vera vandræðagangur innan Verkamannaflokksins, sem hafði klofnað fyrir kosningarnar. Leiðtogi Verkamannaflokksins, Michael Foot, sagði útkomu



9. JÚNÍ 1983

kosninganna harmleik fyrir þjóðina. Síðar á árinu sagði hann af sér en við honum tók Neil Kinnock.

## MERKISATBURÐIR

- 1741** Ferming barna er lögboðin hér á landi en hafði þó tíðkast um aldir.
- 1880** Hornsteinn er lagður að Alþingishúsinu við Austurvöll í Reykjavík.
- 1934** Andrés önd tekur fyrstu skref sín til frægðar þegar hann birtist í fyrsta sinn í mynd Disney's, litlu gulu hænunni.
- 1970** Hussein Jórdaníukonungur sleppur naumlega frá banatílraði.
- 1976** Benny Goodman, konungur sveiflunnar, heldur tónleika á Listahátíð.
- 1994** Síld af norsk-íslenska stofninum veiðist innan íslenskrar lögsögu í fyrsta sinn í 26 ár.

## ANDLÁT

**Gísli Jósefsson** málarameistari lést á heimili sínu mánudaginn 6. júní.

**Ásta Haraldsdóttir** frá Garðshorni, Vestmannaeyjum, lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja fimmtudaginn 2. júní.

**Rósa Einarsdóttir** lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 5. júní.

**Jensína Sveinsdóttir** frá Gillastöðum í Reykhólasveit, áður til heimilis að Austurbúni, andaðist á Hrafnistu, Reykjavík, sunnudaginn 5. júní.

**Sigurður Ármann Guðmundsson** frá Vestmannaeyjum, Kriuhólum 4, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 5. júní.

**Guðný Skjöldal Kristjánsdóttir**, Linda-síðu 2, Akureyri, lést mánudaginn 6. júní.

**Áskell Bjarnason** lést á heimili sínu í Danmörku mánudaginn 6. júní.

## JARÐARFARIR

**13.00 Hólmfríður Andrésdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skjólí, áður til heimilis á Flókagötu 19 í Reykjavík, verður jarðsungen frá Háteigskirkju.

**13.00 Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson**, Birkigrund 2, Selfossi, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

**13.00 Pétur M. Andrésón**, Hátúni 10b, verður jarðsungen frá Landakotskirkju.

**13.30 Sigurður Ingi Sigurðsson**, áður til heimilis að Víðivöllum 4, Selfossi, verður jarðsungen frá Selfosskirkju.

## AFMÆLI



**Örn Sigurðsson** arkitekt er 63 ára.

**Salvatore Torrini** er 59 ára.

**Jón Torfi Jónasson** prófessor er 58 ára.

**Svava Björnsdóttir** listamaður er 53 ára.



**Guðni Már Henningsson** útvarpsmaður er 53 ára.



**Helgi Hjörvar** alþingismaður er 38 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**Á VINNUSTOFUNNI** „Mynd er í sjálfu sér aldrei meira virði en sá tími og efni sem í hana fer og aldrei meira virði en það sem einhver vill borga fyrir hana.“

TÍMAMÓT: GARÐAR JÖKULSSON, SJÖTÍU ÁRA, OPNAR ÞRJÁR SÝNINGAR Í JÚNÍ

## Er ekki rauðadregilsmaður

Myndlistarmaðurinn Garðar Jökulsson varð sjötugur fyrr á árinu. Það væri varla í frásögur færandi ef ekki væri fyrir það að hann hefur eingöngu verið myndlistarmaður lítinn hluta ævinnar en hann strauk fyrst pensli eftir striga fimmtugur að aldri.

Í tilefni afmælisins ætlar hann að opna þrjár myndverkasýningar í júní. Hann hefur þegar opnað þá fyrstu í húskynnum Skíðaskálans í Hveradölum. Á laugardaginn opnar Garðar sýningu í „The Three Flags Club“ á Keflavíkurflugvelli og síðar í mánuðinum verða sýndar myndir eftir hann í Formlist í Kópavogi.

Þó tiltölulega stutt sé síðan Garðar hóf að mála hefur hann

ávallt haft mikinn áhuga á myndlist. „Ég hugsa að ég hafi séð allar menningarsýningar í Reykjavík síðustu 55 árin,“ segir hann kátur í bragði. Garðar er algerlega sjálfmenntaður í fræðunum en starfaði áður í banka og átti heildsölu. Þegar börnin hans fjögur voru farin að heiman ákvað hann að breyta alveg um stefnu. „Ég vissi strax hvað og hvernig ég ætlaði að mála,“ segir Garðar, sem fyrst um sinn málaði sér til ánægju.

Hann segir enga sérstaka andagift koma yfir sig þegar hann málar. Hins vegar eigi hann í litlum vandræðum með að framleiða verk. „Mér finnst afskaplega auðvelt að ákveða hvenær mynd er búin,“ segir Garðar. Málningavinnan sem

hann greip stundum í með málarameistararum föður sínum hafi hjálpað sér þegar hann stíttist fyrst við strigann.

Garðar segist vera náttúru-málari en íslensk náttúra hefur heillað hann alla tíð. „Ég er hvorki lúðrasveitar-, rauðvins- eða rauðadregilsmaður,“ segir Garðar, sem sér um allt í kringum vinnu sína sjálfur. Hann lætur smíða ramma fyrir sig og setur myndirnar sjálfur í. „Þetta er eins og að fylgja barninu sínu úr hlaði,“ segir hann hlæjandi.

Garðar hefur aðeins eina viðmiðun í verðlagningu: „Mynd er í sjálfu sér aldrei meira virði en sá tími og efni sem í hana fer og aldrei meira virði en það sem einhver vill borga fyrir hana.“

## FYRSTA STARFIÐ:

### Heppin að sleppa við unglíngavinnuna

Fyrsta starf Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns Vinstri grænna, var barnapössun en þrettán ára passaði hún litla frænku sína. „Ég þurfti bara að labba og fékk borgað fyrir, mér fannst þetta afar skemmtilegt,“ segir Katrín sem hefur ekki passað börn síðan. Hún segist ekki vera mikil barnagæla þó hún hafi verið það á sínum tíma enda fylgi það aldurnum.

Katrín segist hafa lært heilmikið á starfinu. „Þá voru engin námskeið og maður varð að átta sig á þessu sjálfur,“ segir Katrín sem stundum lenti í því að barnið grét stanslaust án þess að hún hefði hugmynd um af hverju eða hvað hún ætti að gera.

Katrín stóð í barnapössun í tvö sumur. Fyrsta sumarið hjálpaði hún móðurinni með nýfætt barnið en næsta sumar trillaði hún um með eins árs barnið í kerru. Hún segist mest hafa verið ein á ferðinni. Það virðist hafa átt ágætlega við hana því næsta starf hennar var póstitúburður.

Á þessum tíma voru vinir hennar í unglíngavinnunni. Katrín er fegin að hafa sloppið við að fara í hana þar sem hún þjáist af gróðurofnæmi og líklega hefði hún eytt sumrinu hnerrandi með rautt nef.

Katrín segist búa vel að þessari reynslu sem muni nýtast henni ef hún eignast sjálf börn í framtíðinni. ■



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



Elskuleg systir okkar og mágkona,

**Jófríður Ólafsdóttir**

Staðarhrauni 3, Grindavík,

verður jarðsungen frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 11. júní kl. 11.00.

**Jón Ólafsson**  
**Pálína Ólafsdóttir**  
**Gísli Örn Ólafsson**  
**Magnús Ólafsson**

**Agnes Jónsdóttir**  
**Ísleifur Haraldsson**  
**Njálá Vídalín**  
**Ragnheiður Arngrímsdóttir.**



Innilegar þakkir til ykkar allra fyrir samúðina, kveðjurnar, blómin og þann mikla stuðning sem þið hafið sýnt fjölskyldunni vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Sigurjóns G. Sigurjónssonar**

Birkigrund 71, Kópavogi.

**Anna Ásgeirsdóttir**

**Freyja Sigurjónsdóttir**  
**Ásgeir Sigurjónsson**  
**Drífa Sigurjónsdóttir**  
**Pórir Sigurgeirsson**  
**Silja Sverrisdóttir**  
**Ólafur Baldursson**  
og barnabörn





**HEIMSINS STÆRSTA GLERÞAK** Menn vinna að heimsins stærsta gegnsæja þaki, sem verður hluti af lestarstöð í Sjanghæ. Þakið er 278 metrar í þvermál.



**GLEÐI OG GAMAN** Hápunktur hátíðarinnar verður Brákarball á laugardagskvöld.

Borgfirðingahátíð:

## Miðnætursund í Hreppslaug

Ferðalangar og heimamenn geta skellt sér í miðnætursund í Hreppslaug á föstudagskvöld en það er hluti af Borgfirðingahátíð sem haldin verður í sjötta sinn um næstu helgi. Fyrir sundið geta menn hlýtt á Álftagerðisbræður þenja raddböndin á Baðstofukvöldi á Indriðastöðum í Skorradal.

Útihátíð verður við Hyrnurtorg á laugardag en Brákarball verður hápunktur hátíðarinnar. Á útidansleiknum, sem ætlaður er fyrir alla fjölskylduna, syngur hljómsveitin Á móti sól fyrir dansi. Allir landsmenn, bæði þeir sem vakna snemma og þeir sem aldrei fóru að sofa, geta gætt sér á fríum morgunverði í Skallagrímssgarði á sunnudagsmorgun. Þá verður boðið upp á leiki og létt grín á nýjum ferðaþjónustustað í Fossatúni. ■

### FÆDDUST ÞENNAN DAG ...



1792 **John Howard Payne**, rithöfundur.



1892 **Helena Rubinstein**, stofnandi snyrtivöruhefjalu.



1893 **Cole Porter**, tónskáld.



1951 **Bonnie Tyler**, rokkari.



1963 **Johnny Depp**, leikari.



**Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrífir á bílnum!**

Clean Plus® vörur eru fyrsta flokks gæðavörur á samkeppnishæfu verði. Clean Plus® vörur gera þrífir á bílnum auðveldari. Clean Plus® er fyrir nútíma bílaeigendur!



Fæst í helstu stórmörkuðum, byggingavöruverzlunum og víðar.



Dreifing K. Richter hf.  
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

**CLEAN PLUS**  
AUTO CARE

**SUBARU**  
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



# ÍSLANDSVINUR

Subaru Legacy er ekki mest seldi bíll í heimi. En hann er konungur á norðurslóðum og ber höfuð og herðar yfir keppinauta sína í fjalllendi. Frábær fjórhjóladrifstækni Subaru er sérhönnuð fyrir landsvæði þar sem vegir eru misjafnir og veður válynd. Legacy er nautsterkur og stöðugur á vegi. Hann er sannur Íslandsvinur.

Fjárfestu í nýjum Subaru Legacy fyrir ferðalög sumarsins og þú færð frábæran kaupauka frá Intersport eða Nevada Bob til að gulltryggja eftirminnilegt sumar fyrir alla fjölskylduna.

Verð frá:

Legacy Sedan: **2.220.000 kr.**

Legacy Wagon: **2.320.000 kr.**

Ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Subaru Legacy.



**50.000 króna gjafabréf**

Öllum nýjum Subaru Legacy bílum fylgir nú 50.000 króna úttekt í Intersport eða Nevada Bob. Bættu við tjaldi, grilli, golfsetti eða flugustöng og borgaðu ekki krónu!

**NEVADA BOB** **INTERSPORT**

**Ingvar Helgason**

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a  
800 Selfossi  
482-3100

Eyrarlandi 1  
530 Hvammstanga  
451-2230

Sæmundargötu 3  
550 Sauðárkróki  
453-5141

Holtsgötu 52  
260 Njardvík  
421-8808

Dalbraut 2b  
300 Akranesi  
431-1376

Víkurbraut 4  
780 Höfn í Hornafirði  
478-1990

Búðareyri 33  
730 Reyðarfjörður  
474-1453

Sindragötu 3  
400 Ísafjörður  
456-4540

Óseyri 5  
603 Akureyri  
461-2960



### Heyrst hefur ...

... að allt sé á öðrum endanum í Víkinni eftir að Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, losaði sig við þá Vilhjálm Vilhjálmsson og Stefán Örn Arnarson. Svo er FH-ingurinn Pétur Óskar Sigurðsson farinn að láni til ÍBV og veitir þeim ekki af liðsstyrknum í sóknina.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## MARKAHRÓKURINN TRYGGVI GUÐMUNDSSON: 10. LEIKMAÐURINN SEM SKORAR 10 LANDSLIÐSMÖRK

### Vonandi ekki minn síðasti landsleikur

„Ég var búinn að plana það að skora tíunda landsliðsmark í fyrri löngu, svo maður verður að standa við stóru orðin. Ég er mjög ánægður með mitt framlag hérna í dag. Ég næ að skora mark og leggja önnur tvö, svo að ég vona að ég sé ekki að spila minn síðasta landsleik. Ég hefði líka viljað sjá skotið mitt sem fór í slána fara inn. Eiður sagði mér að það hefði munað nokkrum sentimetrum, en svona er boltinn,“ sagði Tryggvi Guðmundsson sem varð í gær tíundi leikmaðurinn frá upphafi sem skorar 10 A-landsliðsmörk. Tryggvi skoraði fyrsta markið sitt í fyrsta landsleiknum sínum gegn Færeyjum 27. júlí 1997 og það tíunda í sínum 35. landsleik á



Laugardalsvellið í gær. Það hafa aðeins þrjú leikmenn verið fljótari að skora tíunda markið sitt, Rikharður Jónsson náði því í 14. leiknum, Eiður Smári Guðjohnsen í þeim þrítugasta og Rikharður Daðason skoraði sitt 10. mark í sínum 32. landsleik.

Tryggvi hefur skorað fimm mörk í fyrstu fjórum leikjum Landsbankadeildar-

innar og þessi mikli markaskorari nýtti tækifærið í landsliðinu vel í gær en hann skilaði, auk marks og tveggja stoðsendinga, fyrirliðastöðunni síðustu tíu mínútur leiksins.

„Maður heyrir raddirnar í stúkunn þegar fólk er orðið pirrað á því hvað okkur gengur illa að brjóta niður þessa 6-3-1 vörn hjá þeim sem er auðvitað mjög erfið við að eiga. Það er bara þolinmæðisvinna að brjóta svona vörn á bak aftur og hún bíður ekki upp á neina samba-knattspyrnu, en við náðum að setja fjögur mörk á þá og klára þetta,“ segir Tryggvi sem skoraði þarna í þriðja landsleiknum í röð gegn Möltubúum sem ættu að vera farnir að kannast vel við kappann.

### > Við hrósum ...

... Tryggva Guðmundssyni sem átti frábært kvöld með íslenska landsliðinu í gærkvöldi. Hann sýndi og sannaði að það er ekki sjálfgefið að menn sem spila hér heima eigi ekkert erindi í íslenska landsliðið. Hann skoraði sitt tíunda landsliðsmark og var óheppinn að bæta ekki fleirum við.

### > Við bíðum spenntir ...

... eftir að sjá hvernig íslenski landsliðshópurinn verður skipaður í haust þegar liðið verður kallað saman á ný. Munu Ásgeir og Logi treysta enn og aftur á þekktu stærðirnar eða gefa nýju mönnum sem stóðu sig svo vel í vikunni áfram tækifæri?



## Loksins þrjú stig í húsi

Íslenska landsliðið í knattspyrnu bjargaði því sem bjargað varð eftir bagalega niðurstöðu gegn Ungverjum um helgina. Íslendingar skorðu fjögur góð mörk gegn Maltverjum og juku sjálfstraustið aðeins fyrir lokasprettinn.

	<b>4-1</b>	
Ísland		Malta

Laugardalsv., áhorf: 4887 Skomina, Slóveníu (5)

1-0 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (28.)  
2-0 Eiður Smári Guðjohnsen (34.)  
2-1 Brian Said (59.)  
3-1 Tryggvi Guðmundsson (75.)  
4-1 Veigar Páll Gunnarsson (85.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-14 (13-7)
Varin skot	Arni Gautur 6 - Gauci 7
Horn	3-2
Aukaspjrnur fengnar	15-22
Rangstöður	5-0

**FÓTBOLTI** Eftir að öll íslenska varnarliðin var þurrkuð út í leiknum gegn Ungverjum á laugardag var kominn nýr grunnur í íslenska liðið. Auðun Helgason var kallaður í landsliðið og settur í byrjunarliðið og var í vörninni ásamt Stefáni, Arnari Þór og Grétari sem allir voru á miðjunni gegn Ungverjum. Eftir fremur rólega byrjun þar sem íslenska liðið er einfaldlega að þreifa fyrir sér virðist vörnin eilítið óstyrk en henni vex ásmegin eftir því sem líður á leikinn.

En þessar fyrstu 25 mínútur

voru erfiðar. Maltverjar pakka sex mönnum í vörn og aðrir þrjú eru ekki langt undan. Og íslenska liðið virðist ráðþrota. Eini maðurinn sem virðist geta gert eitthvað er Eiður Smári Guðjohnsen sem reynir hvað hann getur að sækja boltann aftur og spila honum fram. Það gengur erfiðlega.

En eftir fyrsta markið sem Gunnar Heiðar skorar eftir frábæra sendingu Tryggva virðist ísinn brotinn og restin kemur sjálfkrafa. Eiður skorar gott mark þar sem boltanum er fleytt í gegnum maltnesku vörnina og snertir aldrei jörðina fyrr en hann hefur sungið sitt lag í netmóskvanum.

Íslendingar voru þó heppnir að fá ekki á sig mark skömmu áður en þeir skora sitt fyrsta er hinn skjóti Mífsud kemst fram hjá Árna Gauti í markinu eftir langt úthlaup hans. Stefán Gíslason stendur vaktina á línunni og Arni Gautur er fljótur aftur. Undir lok hálfleiksins bjargar svo Auðun Helgason stórkostlega er George Mallia er við það að setja boltann í autt mark Íslendinga eftir góða fyrirgjöf Mífsud.

Síðari hálfleikur byrjar eins og sá fyrri. Rólegur og lítið að gerast. Þar til að Maltverjar skora að því

er virðist fyrirvaralaust. Íslendingar vakna upp við vandan draum og hysja upp um sig brækurnar og klára leikinn. Eftir þriðja markið, sem Tryggvi Guðmundsson skorar eftir að hafa skotið tvisvar í tréverkið, er leiknum lokið. Íslendingar taka öll völd og eru óheppnir að skora aðeins eitt í viðbót.

Það var gaman að sjá „minni spámenn“ fá sitt tækifæri í íslenska landsliðinu og voru það þeir sem héldu leik íslenska liðsins á floti allt til lokamínúttunnar. Varannirnir áttu mjög fína innkomu og Veigar Páll átti frábæran lokakafli í leiknum. Vörnin stóð fyrir sínu og ánægjulegt að sjá að það sé hægt að sjóða saman ágæta vörn með ekki lengri fyrirvara. Það hefði þó sjálfsgort horft öðruvísi við ef andstæðingurinn hefði verið sterkari. Tryggvi átti frábæra innkomu í íslenska landsliðsins og naut sín til hins ítrasta. Það var unun að fylgjast með honum.

En þegar öllu er á botninn hvolft anda allir eilítið léttar, þó sérstaklega landsliðsþjálfararnir og forráðamenn KSÍ. Þeim tókst að bjarga andliti íslenska boltans þó ekki sé nema um stundarsakir.

eirikurst@frettabladid.is



ALLIR MARKASKORARNIR SAMANKOMNIR Markaskorarar Íslands í gær, Tryggvi Guðmundsson (til hægri), Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Veigar Páll Gunnarsson (7) og Eiður Smári Guðjohnsen (9) fagna marki þess síðastnefnda ásamt Grétari Rafni Steinssyni (2)

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

## FRAMMISTÆÐA ÍSLENSKU LEIKMANNANNA GEGN MÖLTU

### MARKIÐ:

ÁRNI GAUTUR ARASON 5  
Virkaði ekki sannfærandi og hefði ekki átt að missa boltann frá sér í markinu.

### VÖRNIN:

GRÉTAR RAFN STEINSSON 7  
Ekkert upp á hann að klaga varnarlega og sótti hart fram þegar þar átti við. Skilaði boltanum ágætlega frá sér og var enginn duglegri en hann að þrjúna sig í gegnum vörn Möltu.

STEFÁN GÍSLASON 8  
Var mjög traustur og hafði góð tök á Mífsud, hættulegasta manni Maltverja. Var eilítið óruggur í byrjun, eins og búast mátti við.

AUÐUN HELGASON 7  
Kom beint í byrjunarliðið eftir að hafa verið kallaður skýndilega í hóp um helg-

ina. Átti finan dag og var traustvekjandi. ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 6  
Var mjög ferskur framan af en róðist eftir að Íslendingar skora mörkin. Náði einstaklega vel saman með Tryggva og Eið.

### MÍDJAN:

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON 6  
Duglegur eins og alltaf. Gekki illa að skila boltanum frá sér eins og alltaf.

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN 8  
Algjör lykilmáður í liðinu. Var eini maðurinn sem gerði eitthvað í stöðunni 0-0 en lét lítið á sér bera eftir að sigurinn var tryggður. Skoraði gott mark. (81. Helgi Valur Danielsson, -): Átti góða innkomu og var óheppinn að skora ekki.

KÁRI ÁRNASON 5  
Náði sér aldrei almennilega á strik og var lítið áberandi í leiknum. (63., Jóhannes

Harðarson, 6): Átti náðugan dag í sínum fyrsta landsleik og stóð sig ágætlega.

### SÓKNIN:

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON 7  
Var lengi að vinna sig inn í leikinn en átti frábæran lokakafli þar sem hann lagði upp eitt mark og skoraði annað. Kemst langt á því.

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON 7  
Skoraði gott mark sem kom Íslendingum á sporið og lagði upp mark númer tvö. Var annars í strangri gæslu og fékk úr fremur litlu að móða. (63., Hannes Þ.

Sigurðsson, -): Nýtti sínar mínútur vel.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON 8  
Maður leiksins. Átti frábæran dag, lagði upp tvö mörk og skoraði eitt sjálfur, auk þess að skjóta tvisvar í tréverkið. Tryggvi naut sín til hins ýtrasta og var hrein unun að fylgjast með honum.

PISTONS  
SPURS  
Í KVÖLD KL. 1:00

515 6100 | SYNIS | SKIFAN | OG VODAFONE



SYN  
besta sætið

GOTT FOLK MCCANN

# VÍKINGUR - HK

VÍKINGSVELLI Í KVÖLD KL. 20:00



**Frítt inn fyrir þá sem mæta í Víkingsbúningi**

Berserkjakjallarinn opnar kl. 19:00 þar sem hitað verður upp

Valtýr Björn og Böddi Bergs spjalla við stuðningsmenn kl. 19:30 í kjallaranum



Við skorum með



[www.vikingur.net](http://www.vikingur.net)

## LEIKIR GÆRDAGSINS

## Undankeppni HM

## 1. RIÐILL:

Tékkland-Makedónía 6-1  
0-1 Goran Pandev (14.), 1-1 Jan Koller (42.),  
2-1 Jan Koller (45.), 3-1 Jan Koller (49.), 4-1  
Jan Koller (53.), 5-1 Tomas Rosicky, víti (74.),  
6-1 Milan Baros (88.).  
Finnland-Holland 0-4  
0-1 Ruud van Nistelrooy (35.), 0-2 Dirk Kuijt  
(77.), 0-3 Phillip Cocu (85.), 0-4 Robin Van  
Persie (87.).  
Rúmenía-Armenía 3-0  
1-0 Ovidiu Petre (29.), 2-0 Gheorghe Bucur  
(40.), 3-0 Gheorghe Bucur (80.).

## 2. RIÐILL:

Danmörk-Albanía 3-1  
1-0 Soren Larsen (4.), 2-0 Soren Larsen  
(46.), 3-0 Martin Jorgensen (54.), 3-1 Erjon  
Bogdani (72.).  
Grikkland-Ukraína 0-1  
0-1 Andriy Husin (81.).

Kazakhstan-Tyrkkland 0-6  
0-1 Fatih Tekke (13.), 0-2 Ibrahim Toraman  
(15.), Tuncay Sanli (38.), 0-4 Fatih Tekke  
(80.), 0-5 Hamit Altintop (88.), 0-6 Tuncay  
Sanli (90.).

## 3. RIÐILL:

Eistland-Portúgal 0-1  
0-1 Cristiano Ronaldo (33.).

Lettland-Liechtenstein 1-0  
1-0 Imants Bleidelis (16.).

Luxemburg-Slóvakía 0-4  
0-1 Szilard Nemeth (5.), 0-2 Marek Mintal

(15.), 0-3 Karol Kisel (54.), 0-4 Lubos Reiter  
(60.).

## 4. RIÐILL:

Færeyjar-Írland 0-2  
0-1 Ian Harte, víti (51.), 0-2 Kevin Kil-  
bane (58.).

## 5. RIÐILL:

Hvíta Rússland-Skotland 0-0

## 7. RIÐILL:

Spánn-Bosnía 1-1  
0-1 Zvezdan Misimovic (38.), 1-1 Carlos  
Marchena (90.).

## 8. RIÐILL:

Ísland-Malta 4-1  
1-0 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (28.), 2-0  
Eiður Smári Guðjohnsen (34.), 2-1 Brian Said  
(59.), 3-1 Tryggvi Guðmundsson (75.), 4-1  
Veigar Páll Gunnarson (86.).

## VINÁTTULANDSLEIKIR:

Þýskaland-Rússland 2-2  
0-1 Alexander Anjukov (26.), 1-1 Bastian  
Schweinsteiger (30.), 2-0 1-1 Bastian  
Schweinsteiger (70.), 2-2 ALeksandr  
Kerzhakov (90.).

## Svíþjóð-Noregur 2-3

1-0 Kim Källström (17.), 1-1 John Arne Riise  
(61.), 1-2 Thorstein Helstad (64.), 1-3  
Steffen Iversen (65.) 2-3 Johan Elmander  
(68.). Þetta var fyrsti sigur Norðmanna í  
Svíþjóð í 54 ár.

Japan, Sádi-Arabía, Suður-Kórea og  
Íran tryggðu sér öll sæti í útslitakeppni  
HM í Þýskalandi 2006. Engin Evrópuþjóð  
er örugg en Úkraínu vantar aðeins einn  
sigur til að komast í fyrsta sinn í  
stórkeppni.

## Liðið og þjóðin þurfti sigur

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen skoraði í þriðja landsleiknum í röð og sitt 15. A-landsliðsmark frá upphafi.

**FÓTBOLTI** „Liðið og þjóðin þurftu sigur og ég vona að fólk hafi skemmt sér vel. Það voru fleiri á vellinum en ég bjóst við og mig langar að þakka fyrir stuðninginn sem við fengum. Það reynir dálítið á þolinmæðina fyrir okkur að spila á móti svona vörn og ég var með einn límdan á mig allan leikinn, sem ætlaði að elta mig þegar ég fór á klósettið í hálfleik,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen sem skoraði í þriðja landsleik sínum í röð og komst upp fyrir föður sinn Arnór Guðjohnsen á markalista A-landsliðsins. Arnór skoraði 14 mörk í 73 leikjum á sínum tíma en Eiður Smári hefur nú skorað 15 mörk í 36 landsleikjum.

„Við náðum að spila ágætlega og það eina leiðinlega er að fá á sig þetta mark. Það var mikill kraftur í ungu strákunum hjá okkur, sérstaklega Grétari, hann kom inn í þetta með þvilkán kraft, sem er bara gott mál. Auðvitað gæti ég nefnt tíu til viðbótar og mér finnst bara gott að enda þetta núna á sigri hérna á heimavelli og það verður gott að komast í smá frí,“ sagði Eiður Smári sem hefur skor-



FIMMTÁNDA MARKIÐ Eiður Smári Guðjohnsen fagnar hér sínu 15. marki fyrir íslenska A-landsliðið á skemmtilegan hátt ásamt Tryggva Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

að fimm mörk í sjö leikjum undan-keppninnar. Eiður Smári fær nú langþráð frí en hann hefur leikið 64 leiki á þessu tímabili, 57 með Chelsea í öllum keppnum og svo 7 með íslenska landsliðinu. Mörkin

hans Eiðs Smára á þessu eftirminnilega og frábæra tímabili eru 22 talsins, 16 með Chelsea og 6 með íslenska landsliðinu.

-bb, -óó

## GÖNGUFERÐIN HEFST Í EVEREST

**Vango**

Göngutjöld í úrvali Verð frá **19.995**

**Vango**

Venom 225 dúnpoki, þyngd 0,75kg hámarksuldaból -5° **13.995**

Mountain Hardwear göngujakki Epic m/góðri vatnsvörn og öndun, dömu og herrasnið, þyngd 381gr **15.995**

Denali 60+10 Toppoki fyrir lengri ferðir **17.995**

Göngustafir Verð frá **4.995**

Margar gerðir af primusum **4.995**

Artiach göngudýnur Verð frá **4.995**

Mountain Hardwear göngubuxur í úrvali **19.995**

Trezeta Top Vinsælustu skórnir okkar, dömu og herrasnið Tilboð **19.995**

**EVEREST**

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

## Ásgeir Sigurvínssyni landsliðsþjálfari var létt eftir að fyrsti sigurinn var í höfn: Sigurinn gefur okkur gott sjálfstraust

**FÓTBOLTI** „Það er vissulega léttir að vera búinir að klára þennan leik, 4-1 eru góð úrslit og ég bið ekki um meira,“ sagði Ásgeir Sigurvínsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

„Við leyfðum þeim að komast inn í leikinn á dálítið ódýran hátt, en við vorum betra liðið í dag og verðskuldum þennan sigur. Við byrjuðum seinni hálfleikinn ekki nógu vel og ekki þann fyrri heldur í rauninni, því við vorum lengi að koma okkur í gang. Liðið náði sér á ágætan skrið undir lok fyrri hálfleiksins og náði svo að rífa sig upp eftir að þeir minnkuðu muninn, sem mér fannst bera vott um góðan karakter.

Við vissum að þeir yrðu mjög varnarlega sinnaðir og við tókum ekki ákvörðun um að stilla upp 4-4-3 fyrr en við sáum æfingu hjá þeim og sáum hversu varnarsinn-

ad þeir ætluðu að leika gegn okkur. Við ákváðum að reyna því að nýta okkur vængina og hafa Eið í sóknarhlutverki á miðjunni, sem mér fannst bara heppnast ágætlega.

Ungu strákarnir voru að leika með góðum vel og það var gaman að sjá Tryggva koma inn og standa sig svona vel. Hann sannaði það að það er ekkert búið að afskrifa menn þó þeir komi til Íslands. Við erum auðvitað að mæta með mjög ungt lið til leiks hérna núna og ég held að ég hafi talið eina átta leikmenn sem vantaði í liðið, svo að þetta var bara mjög ánægjulegur dagur.

Mér finnst jákvæðast við leikinn í dag að við skulum skora fjögur mörk og að við skyldum ekki láta það á okkur fá þegar við fengum á okkur markið og vinna sannfærandi. Ég vona að þetta



SVONA STRÁKAR Ásgeir Sigurvínsson stýrir sínum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

gefi okkur sjálfstraust í næstu leiki og það verður mjög gaman að taka á móti Króótunum í næsta leik.“

-bb



Í STÚKUNNI Eggert Magnússon fylgisti með gangi máli í gætt. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Eggert Magnússon, formaður Knattspyrnusambandsins: Ánægður með ungu strákanna

**FÓTBOLTI** „Ég hefði auðvitað viljað sex stig út úr þessum tveimur leikjum núna og það var sárt að tapa fyrir Ungverjunum, en í dag er ég gríðarlega ánægður með þessa ungu strákanna sem eru að koma inn í dag og berjast um hvern einasta bolta og gefa ekkert eftir.“

Ég vona að þetta sé til marks um bjarta framtíð hjá landsliðinu og ég er viss um að við getum byggt á þessu fyrir leikina í haust,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ eftir fyrsta sigur íslenska landsliðsins í undan-keppni HM 2006.

-bb

Gunnar H. Þorvaldsson:

## Ég og Tryggvi hugsum svipað

**FÓTBOLTI** „Þetta er algjör snilld og hefur verið draumur síðan ég byrjaði fyrst í boltanum. Nú er bara að vona að mörkin verði fleiri.“ sagði Gunnar Heiðar Þorvaldsson eftir leikinn þegar hann var spurður að því hvernig væri að spila fyrir íslenska landsliðið.

Gunnar spilaði vel í þessum tveimur leikjum, gegn Ungverjum og svo gegn Mólta. Hann náði að skora sitt fyrsta landsliðsmark í gær þegar hann skoraði fyrsta mark leiksins og kom Íslandi yfir. „Það kom langur á bolta á Tryggva og ég held að við hugsum svipað, hann vissi að ég var mættur þarna. Ég kallaði og hann sá mig og gaf fyrir í fyrsta og ég náði að skalla inn.“ sagði Gunnar.

„Þessi leikur var finn á köflum en ansi erfitt að brjóta ísinn þegar þeir voru eitthvað nfu í teignum en um leið og það gekk þá vissum



FYRSTA MARKIÐ Gunnar Heiðar Þorvaldsson fagnar hér sínu fyrsta marki fyrir íslenska A-landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

við að þetta yrði auðveldara. Fyrir leikinn vissum við að þetta yrði bara þolinmæðisvinna. Við vorum síðan klaufar að fá þetta mark á okkur en náðum síðan fljótlega að svara fyrir það, sem betur fer.“

-egm

Grétar Rafn Steinsson:

## Ég er kominn til að vera

**FÓTBOLTI** „Það er gott að ná sigri gegn Mólta eftir að hafa aðeins fengið eitt stig úr fyrri leiknum. Það er ansi erfitt að spila gegn svona liðum og þetta minnir á bikarleiki, maður þekkir það heima hvað það er oft erfitt að spila gegn neðri deildar liðum í bikarnum og brjóta þau niður.“ sagði Grétar Rafn Steinsson eftir leikinn en hann hefur vakið mikla athygli fyrir vasklega framgöngu með landsliðinu.

„Ég hef lengi beðið eftir þessu tækifæri og nú er það komið, ég vona að ég hafi bara staðið mig ágætlega og haldi sæti mínu. Ég er ákveðinn í að vera kominn til að vera. Það er til nóg af ungum leikmönnum sem þyrstir í að sýna sig og sanna og spila fyrir liðið. Ég held að það sé mjög jákvætt að það séu að koma smá kynslóðaskipti í þetta.“ sagði Grétar Rafn.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

JÚNÍ

6 7 8 9 10 11 12

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- 20.00 **Víkingur R.** og **HK** mætast á Víkingssvelli í 1. deild karla.
- 20.00 **Breiðablik** og **Víkingur Ó.** mætast á Kópavogsvelli í 1. deild.

**SJÓNVARP**

- 18.45 **Golf** á Sýn. PGA-mótaröðin.
- 19.15 **Afraunir Arnolds** á Sýn.
- 20.20 **HM 2006** á Sýn. Argentína gegn Brasilíu.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Finnland-Holland** á Sýn.

Seinni vináttuleikurinn gegn Svíum fór fram í gær:

**Sigfús jafnaði í blálokin**

**HANDBOLTI** Ísland og Svíþjóð gerðu jafntefli, 31-31, í síðari vináttu-landsleik sínum sem fram fór á Akureyri í gær. Ísland leiddi með fjórum mörkum í leikhléi, 16-12.

Svíar voru mikið mun betri í síðari hálfleik og Ísland jafnaði leikinn á lokasekúndunni en þar var á ferðinni Sigfús Sigurðsson. Uppskeran úr þessum tveim leikjum gegn Svíum er því sigur og jafntefli sem er mikil framför frá síðustu árum.

Róbert Gunnarsson fór hamförum í íslenska liðinu og skoraði átta mörk í níu skotum. Einar Hólmgeirsson kom næstur með fjögur mörk. Arnór Atlason, Ólafur Stefánsson og Jaliesky Garcia Padron skoruðu allir þrjú mörk.

Logi Geirsson, Sigfús Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson skoruðu allir tvö mörk. Vignir Svavarsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Þórir Ólafsson, Alexander Peterson skoruðu eitt mark en aðeins fyrirliðinn Dagur Sigurðsson komst ekki á blað.

Birkir Ívar Guðmundsson stóð sig vel í markinu og varði 21 skot og Björgvin Páll Gústavsson reyndi við tvö vítaköst en hafði ekki erindi sem erfiði.

**RÓBERT GUNNARSSON** Fór á kostum gegn Svíum í gær og skoraði mörk í öllum regnbogans litum.  
PEDROMYNDIR.IS/PÓRHALLUR JÓNSSON



**Gerðu allt klárt fyrir SQL Server 2005**

**Alþjóðleg ráðstefna**



**Þér er hér með boðið á mikilvæga alþjóðlega ráðstefnu Microsoft og samstarfsaðila.**

**Staðsetning: Nordica Hótel í Reykjavík, miðvikudaginn 15. júní.**

**Fyrirlesarar**

Gert Drapers, Rick Heiges, Carl Rabeler og Richard Hundhausen.

**Ekkert þátttökugjald**

Ekki þarf að greiða þátttökugjald að ráðstefnunni, sem stendur allan daginn.

**Takmarkað sætaframboð**

Vegna takmarkaðs sætaframboðs er nauðsynlegt að skrá sig strax til að missa ekki af einstöku tækifæri.

**Skráðu þig strax á [www.microsoft.is](http://www.microsoft.is)**

**ADMINISTRATION SESSION**

Installation and Upgrade: What will it take to Migrate to SQL Server 2005?

How will the engine Enhancements/Changes in SQL Server 2005 impact you?

Building highly available systems with SQL Server 2005 Using Database Mirroring, Database Snapshots, Replication and Failover Clustering: A Practical Guide.

**DEVELOPMENT SESSION**

Programming in SQL Server 2005 Using the Hosted .NET Runtime.

Introducing the SQL Server 2005 Service Broker.

Introducing the XML Data Type og XQuery.

**BUSINESS INTELLIGENCE**

Creating an ETL Application with Microsoft SQL Server 2005 Integration Services.

Building Business Intelligence and Data Mining Applications with Microsoft SQL Server 2005.

Delivering Information with SQL Server 2005 Reporting Services.

GO PLANNING/MSL - GRET COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Vinnu bílar**

**Gerðu góð kaup!**

**→ 720 p.**  
**Tilboð 650 p.**

RENAULT KANGOO Nýskr. 11.2002 1400cc, 6 dyra, bsk., ekinn 144 þ.

**4x4**  
**→ 1.960 p.**  
**Tilboð 1.800 p.**

RENAULT KANGOO 4x4 Nýskr. 11.2004 1900cc, 6 dyra, bsk., ekinn 7 þ.

**→ 540 p.**  
**Tilboð 440 p.**

RENAULT KANGOO Nýskr. 03.1998, 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 113 þ.

**→ 1.020 p.**  
**Tilboð 900 p.**

RENAULT KANGOO Nýskr. 06.2002, 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 36 þ.

**→ 830 p.**  
**Tilboð 700 p.**

VW Transported Nýskr. 06.2000 2000cc, 2 dyra, bsk., ekinn 93 þ.

**→ 970 p.**  
**Tilboð 850 p.**

RENAULT KANGOO Nýskr. 03.2002 1400cc, 5 dyra, bsk., ekinn 64 þ.



**Grjóthálsi 1 bilaland.is**

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16

**575 1230**



OPIN KERFI



13. - 14. júní || SQL Server 2005 Developer Features með Gert Drapers. Tveggja daga námskeið með einum af hönnuðum SQL Server 2005. Skráið ykkur strax á <http://registration.miracle.is>



# Mr. & Mrs. Smith



Sendu SMS skeytið  
**JA MMF** á  
númerið **1900** og  
þú gætir unnið.  
**12.** hver vinnur.

**Vinningar eru:**  
Miðar fyrir tvo á Mr & Mrs Smith.  
Glæsilegur varningur tengdur  
myndinni t.d. úr og bolir.  
DVD myndir.  
Margt fleira.



# SMS leikur

# HEIMSFURUMSÝNING 9. JÚNÍ

99 kr/skeytið.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Fall bleikrar fordæmingar

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR FAGNAR BLEIKU.



Ekki fyrir svo löngu datt mér ekki í hug að kaupa bleikt. Það var sama hvort um var að ræða bleik fót eða innanstokksmuni. Bleikt var bara ekki minn litur, frekar en svart, sem einungis var leyfilegur sem skólitur. Mér þótti í lagi að kaupa bleikt á ungar stelpur, helst undir fimm ára. En bleikt á fullorðnar manneskjur, það var einum of mikið Barbie fyrir minn smekk.

Nú hefur þetta allt breyst. Ég skarta bleikum kjólum, skóm, jakka, bolum og jafnvel iPod sem

passar við nýja bleika lúkkið. Nú er ég á því að bleikt sé sumarliturinn og stolt af því að ganga í bleiku.

Ég man alveg hvenær og af hverju viðhorf mitt breyttist. Það var við inngöngu mína í Feminista-félagið. Ég átti von á því að við það að ganga í þann merkilega félagskap myndi ég læra af öðrum félögum um ýmislegt er varðar feminisma og jafnrétti. Ég myndi komast í kynni við mismunandi viðhorf sem myndi hjálpa mér við að skýra mína eigin hugsun í jafnréttismálum. Ég myndi einnig komast í nánari kynni við hvað er að gerast í jafnréttismálum og pælingum hér á landi. Mér datt aldrei í hug að innganga mín í þennan félagskap myndi breyta viðhorfi mínu gagnvart lit-

um. Hefur maður ekki bara smekkt sem breytist lítið? Nú verð ég að viðurkenna að svo er ekki og ég var bara haldin fordómum gagnvart þessum eina lit. Jafnvel þó svo að hann sé til í ýmsum litbrigðum. Dökkbleikur er ekki það sama og föllbleikur. Svo er laxableikur og ör-lítið út í órans eða lillablátt. Flestum þessum bleiku litum tek ég fagnandi, þótt ég dragi mörkin við að ganga í föllbleikum litum. Það er nefnilega vitað mál að ég lít út eins og liðið lík ef sá litur er ríkjandi.

Eftir að hugur minn opnaðist í þessu máli er bara að halda rannsóknum áfram og kanna hvort ég sé haldin duldu fordómum í einhverju fleiru. Ef svo reynist er bara að kippa því í liðinn.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### PÚ OG PA

Eftir SÖB



### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Aðdáendur Kylie vengóðir um aðra tónleika

Talsmaður fyrirtækisins sem skipulagði tónleikaferð Kylie Minogue, sem nú hefur verið aflyst vegna veikinda hennar, er hissa á hversu fáir hafi krafist endurgreiðslu á miðunum. Aðeins 200 miðar af þeim 220.000 sem seldir höfðu verið í Ástralíu hafa verið endurgreiddir. „Allir sem þurfa skjóta endurgreiðslu geta fengið hana, en okkur sýnist að eiginlega enginn sé að krefjast hennar,“ segir talsmaður Frontier Touring sem sér um tónleika Minogue í Ástralíu. Svo virðist vera sem aðdáendur Kylie haldi enn í þá von að Kylie geti haldið tónleikana síðar, en söngkonan

hefur ekkert tilkynnt um framtíðaráætlun sína. Hún er enn í Melbourne í Ástralíu með fjölskyldu sinni og kærastanum, Oliver Martinez, til að jafna sig eftir skurðaðgerð við brjóstakrabbameini. Nú hefur sjúkrahúsið sem annaðist Kylie lýst því yfir að sögusagnir um að hún hafi hegðað sér eins og frek dekurdrós á spítalanum séu ósannar. Sjúkrahúsherbergið mun ekki hafa verið málað bleikt að hennar ósk, né voru aðrir sjúklingar reknir úr rúmum sínum til að rýma fyrir Kylie. Víst er að Kylie má ekki við rögburði sem þessum nú þegar hún er að reyna að ná sér.



**KYLIE MINOGUE** Lítið hefur verið gefið upp um ástand Kylie. Ef hún er í lyfjameðferð, eins og búast má við, er ólíklegt að söngkonan geti haldið tónleika fljótlega.

# Kryddin orðin bragðlaus

Spice Girls spila ekki á Live8 tónleikunum. Þetta upplýsti Bob Geldof í gær. Eins og kunnugt er hefur verið þrálátur orðrómur um að stúlkna sveitin myndi koma saman á tónleikum. Engri þeirra hefur tekist að slá í gegn upp á eigin spýtur og því voru margir á því að þetta væri síðasta hálmstráíð fyrir þær til að verða stjórnur á ný.



**SPICE GIRLS** Þegar best lét var varla hægt að þverfóta fyrir Kryddþíu-varningi. Í dag segir Bob Geldof þær ekki vera nægjanlega vinsælar fyrir Live8

Það eru komin sex ár síðan að hljómsveitin var síðast á sviði en Geldof segist vera alveg harður á því að kryddin hafi ekkert á þessa tónleika að gera. „Þetta er pólitísk samkoma ekki eitthvert grín,“ sagði Geldof. „Ég ætla að vera alveg hrein-skilinn. Krakkarnir mínir syngja lögin eftir þær en því

miður eru ekki nægilega margir sem myndu nenna að horfa á þær í dag. Þær eru ekki nógu vinsælar.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Victoria Beckham** hefur sagt frá því að hún muni verða brúðarmeyja hjá Elizabeth Hurley þegar hún giftist Arun Nayar. „Liz sagði að þegar hún gifti sig vilji hún að ég verði brúðarmeyja. Ég sagði henni að ég væri viss um að hún setti mig í eitthvað rosa-lega lummo og flatbotna skó,“ lét söngkonan hafa eftir sér. Brúðkaupið verður seinna á þessu ári.



**Catherine Zeta Jones** var hafnað um aðalhlutverk í söngleikum Aspects Of Love vegna þess að hún þótti of kynþokkafull. Andrew Lloyd Webber hefur nú sagt frá því



að þegar hann hélt prufurnar árið 1990 hafi hann neyðst til að hafna Catherine vegna óumdeildrar fegurðar hennar. Leikstjórinn Sir Trevor Nunn sagði að hún

gæti aldrei orðið trúverðug í hlutverkinu því hann tryði því ekki að nokkur maður myndi nokkurn tímann hafna henni. Hann sagði við Webber: „Allir blóðheitir karlmenn í salnum eiga eftir að verða brjáláðir ef við látum karlleikarann hafna henni,“ sagði Nunn.

**Paris Hilton og Mariah Carey** eru nú að bitast um hlutverk í leikritinu The Prince and the Showgirls. Leikritið er endurgerð á kvikmynd frá 1950 og var þá Marilyn Monroe í aðalhlutverki. „Ég er búin að fara í prufu og þeir elskuðu mig. Það eina sem er eftir er bara að skrifa undir samning,“ sagði Paris og virtist ekkert hrædd við samkeppnina frá Carey.



**Lindsay Lohan** segist ekki skilja af hverju allir hafi svona mikinn áhuga á henni. Þessi ummæli koma í kjölfar árekturs sem hún lenti í fyrir skemmstu. „Mér finnst ég ekki geta gert neitt. Því meira sem ég reyni að verja sjálfa mig þeim mun harðar ráðast þau gegn mér,“ sagði hún um slúðurblöðin. Lögreglan hefur gefið út þá yfirlýsingu að ljósmyndari hafi viljandi keyrt á Lohan í þeim tilgangi að ná af henni mynd. „Þetta var ógnvekjandi reynsla. Það þarf að setja ljósmyndurum mörk núna,“ sagði Lindsay. Hún sagðist þó hafa haldið ró sinni því hún skilji að ljósmyndarinn sé að sinna starfi sínu þó að hann hafi gengið allt of langt í þetta skiptið.



## NISSAN PATHFINDER



SKIPT um landslag



## ÆVINTÝRI FYRIR SJÖ

Lífið er ævintýri og Pathfinder tekur því fagnandi. Hann fer allt á fjörhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fina í einum best heppnaða útivistarbil síðari ára.

### PATHFINDER SE

Beinskiptur  
174 hestöfl  
5 dyra

**Verð: 4.450.000 kr.**

**46.581 kr. á mán.\***

### STAÐALBÚNAÐUR

- Pokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og girstöng
- Krómaðar höldur inni bil
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnispegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

**250.000 krónum flottari!**

Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júní fá 32" dekk, krómstígubretti og dráttarkrók í kaupbæti.



### VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MED!

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)



\*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvamstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njardvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	--	---	--	---	---	---	--	--------------------------------------

## Menningarhátíð á Seltjarnarnesi

**!** Kl. 20.00

Valur Grettisson, Haukur Ingvarsson, Ólafur Kolbeinn Guðmundsson og fleiri ung ljóðskáld úr Hafnarfirði lesa upp á ljóðakvöldi í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins.

Auður Hafsteinsdóttir, fiðluleikari, verður sérstakur gestur Selkórsins á tónleikum í Seltjarnarneskirkju í kvöld. Auður er bæjarlistamaður Seltjarnarness í ár, en tónleikarnir eru liður í Menningarhátíð Seltjarnarness.

Hátíðin verður þó ekki formlega sett fyrr en á morgun með athöfn í Bókasafni Seltjarnarness. Á setningunni verður afhent fyrsta eintakið af Myndlyklinum, sem er bók með úrvali listaverka í eigu Seltjarnarnesbæjar. Jafnframt verður opnuð sýning á handgerðum brúðum Rúnu Gísladóttur.

Menningarhátíðin stendur fram á sunnudag með fjölmörgum viðburðum, meðal annars ætla listamennirnir Auður Sigurðardóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Kristín Gunnlaugsdóttir, Messíana Tómasdóttir, Ragna Ingimundardóttir og Tollí að hafa vinnustofur sínar opnar almenningi á laugardaginn.

Tónleikar Selkórsins í Seltjarnarneskirkju hefjast klukkan 20 í kvöld. Stjórnandi er Jón Karl



Einarsson en Arndís Inga Sverrisdóttir leikur á píanó.

**EKKI MISSA AF...**

... Náttúrunni í ríki markmiðanna, ráðstefnu um náttúrusiðfræði sem verður haldin á Selfossi um næstu helgi.

... söngvakeppni hinna mörgu tungumála, sem haldin verður í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins í umsjá Alþjóðahússins á Björtum dögum í Hafnarfirði.

... Menningarhátíð Seltjarnarness, sem sett verður á morgun og stendur yfir helgina. Meðal annars opna fjölmargir listamenn vinnustofur sínar.

# menning

menning@frettabladid.is

## BJARTIR DAGAR

Í HAFNARFIRÐI

**Í dag ...**

**FIMMTUDAGUR 9. júní**

**14-17 SKEMMTIDAGSKRÁ ELÐRI BORGARA** í Hraunseli, Flatahrauni 3. Kvennatrió syngur og jóðlar, karlakvartett tekur lagið og flutt verða gamanmál. Guðmundur Steingrímsson og félagar leika fyrir dansi. Kaffiveitingar.

**19:30 FUNKKVÖLD Í GAMLA BÓKASAFNINU** við Mjósund. Sammi úr Jagúar flytur fyrirlestur um funktónlist þar sem blandað er inn lífandi tónlist. Spilabandið Runólfur flytur funk. Aðgangur ókeypis.

**20:00 LJÓÐAKVÖLD** í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50. Ung ljóðskáld úr Hafnarfirði lesa upp ljóð sín. Valur Grettisson, Haukur Ingvarsson, Ólafur Kolbeinn Guðmundsson, Nóri Kristinsson og Hildur Lillendahl. Aðgangur ókeypis.

**Bjartir dagar**

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 • Sími 585 5500 • www.hafnarfjordur.is

spb

Ferðamálaráð Íslands

## Messías á Mývatni

Margverðlaunaður kór frá Tallin í Eistlandi syngur á kórastefnu við Mývatn um helgina, sem nú er haldin í þriðja sinn.

Ekki er gott að segja hvort gengið verður á Mývatni um helgina, en víst er að Messías verður á staðnum. Rúmlega 200 manna kór ætla á sunnudaginn að flytja órarótíuna Messías eftir Händel ásamt fimm einsöngvurum við undirleik Sinfóníuljómssveitar Norðurlands.

Þessir tónleikar verða haldnir í íþróttahúsinu í Reykjavíki og eru þeir hápunkturinn á hinni árlegu kórastefnu við Mývatn, sem hefst í dag og stendur fram á sunnudag.

Alls taka fjórir kórar auk fimmtíu söngvara úr öðrum kórnum þátt í kórastefnunni, sem líklega verður fjölmennasta tónlistarhátíð sumarsins.

„Við tvöföldum nærri því íbúafjöldann á staðnum,“ segir Margrét Bóasdóttir, listrænn stjórnandi kórastefnunnar, sem nú er í þriðja sinn haldin við Mývatn. Samtals eru þátttakendurnir um 240 talsins, en meðal þeirra er nú í fyrsta sinn erlendir kór, Noorus kórinn, sem kemur frá Tallin í Eistlandi.

„Þessi kór frá Tallin er margverðlaunaður úr virtum kóraköppnum og hátíðum. Hann hefur fengið held ég milli átta og tíu alþjóðleg verðlaun,“ segir Margrét.

„Ég er búin að marka kórastefnunni þá braut að verða alþjóðleg kórahátíð, en svo er ég líka að bjóða þessum eistneska kór í virðingarskyni við það tónlistarstarf sem eistneskir tónlistarmenn hafa verið að vinna hér á Norðausturlandi. Þeir hafa lagt mikið af mörkum til samfélagsins hérna og kennslunnar.“

Kórastefnan hefst í kvöld með opnunartónleikum í félagsheimilinu Skjólbrekku þar sem Noorus



MARGRÉT BÓASDÓTTIR Hefur skipulagt tónlistarhátíð við Mývatn um næstu helgi þar sem fjórir kórar koma saman.

kórinn kemur fram undir stjórn Raul Talmar. Í kjölfarið munu þátttakendur fjölmenna í Jarðböðin þar sem við tekur miðnætursöngur.

Annað kvöld verða síðan aftur tónleikar í Skjólbrekku þar sem fram koma Árnesingakórinn í Reykjavík, undir stjórn Gunnars Ben, Kór Dalvíkurkirkju, undir stjórn Hlínar Torfadóttur og Noorus kórinn, undir stjórn Raul Talmar.

Þá tekur við hlöðuball í ferðamannafjósini í Vogum þar sem eistneska þjóðlagahljómssveitin Folkmill leikur tónlist frá heimalandi sínu auk írskrar og nor-

rænnar sveitatónlistar.

Aðaltónleikar hátíðarinnar verða síðan haldnir á sunnudaginn í íþróttahúsinu í Reykjavíki þar sem flutt verður óratorían Messías eftir G. F. Händel.

Kórastefnan þróaðist upphaflega út frá röð sumartónleika við Mývatn, sem haldnir hafa verið undanfarin 18 ár að frumkvæði Margrétar. Árið 2002 fjármagnaði Menningarborgarsjóður sumartónleika með Sinfóníuljómssveit Norðurlands. Þetta hlóð utan á sig varð á endanum að tónleikum með kór og hljómssveit. Þar fæddist hugmyndin alþjóðlegri kórastefnu. ■

• Komdu og sjáðu • Komdu og kjóstu • Komdu og dansaðu •

# 25 tímar

dansleikhús / samkeppni 2005  
LR og íd í samstarfi við SPRON

Höfundar:

Alfrún Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson

Bryndís Einarsdóttir

Eva Rún Þorgeirsdóttir og Halla Ólafsdóttir

Halldóra Geirharðsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Elma Lís Gunnarsdóttir

Ingvar E. Sigurðsson

Peter Anderson

Tinna Lind Gunnarsdóttir

Valgerður Rúnarsdóttir og Vignir Rafn Valþórsson

Vatnadansmevjafélagið: Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Halla Margrét Jóhannsdóttir, Katrín Þorkelsdóttir, Margrét Vilhjálmisdóttir og Sigrún Sól Ólafsdóttir

Einstakur viðburður

• Dómnefnd veitir þrenn verðlaun - Áhorfendur veita ein verðlaun  
• Dansað í forsal á eftir

Fimmtudagskvöldið 9. júní - klukkan 20:00

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Rík. Miðsala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

í samstarfi við spron

## Taktu þátt... **visir**

í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is og þú gætir farið frítt í leikhús - 20 miðar og 2 árskort í boði!

# GRÍMAN

ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við:

BAUGUR GROUP | actavis | DAGUR group

Ráðstefna

## Hvað með náttúruna?

„Hvert ætlum við okkur með náttúruna? Hvað ætlar náttúran sér með okkur?“

Þessar spurningar verða ræddar á ráðstefnunni „Náttúran í ríki markmiðanna“, sem haldin verður á Selfossi núna um helgina.

Meðal fyrirlesara eru heimspekingarnir Mikael Karlsson, Páll Skúlason, Holmes Rolston, Roger Pouvet og Emily Brady ásamt listamönnum Ósk Vilhjálmisdóttur og Mariele Neudecker. Ólafur Ragnar Grímsson forseti setur ráðstefnuna á laugardaginn, en Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, slítur henni á sunnudagskvöld. ■



# Sænskur nýsirkus og þorp fíflanna

Einn stærsti leiklistarviðburður ársins verður á Akureyri dagana 22.-26. júní þegar önnur alþjóðleg leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga verður haldin.

Ellefu sýningar verða á hátíðinni, þar af tvær erlendir, en leikhópar víðs vegar að af landinu taka þátt. Að auki verða í boði leiksmíður þar sem listafólk í fremstu röð á sviði leikbrúðugerðar, stomps og sviðslagsmála leiðbeinir hátíðargestum.

Einnig mun klúbbur hátíðarinnar starfa á kvöldin og þar má gera ráð fyrir uppákomum af ýmsu tagi. Það

verður því stanslaus leiklist frá morgni til kvölds.

Fjölbreytni einkennir dagskrá hátíðarinnar og sú mikla nýsköpun og gróska sem hefur verið aðalmerki íslensks áhugaleikhúss undanfarin ár setur sterkan svip á hana. Í boði verða ný íslensk verk, nútíma-klassík úr leikbókmenntum heimsins, rómuð íslensk verk frá fyrri árum og nýstárleg tilraunaverk unnin í hópvinnu undir leiðsögn leiðbeinanda.

Erlendis frá kemur sænski nýsirkushópurinn Cirkity Gravikus

sem hefur aðsetur í Gautaborg en er fjölþjóðlegur hópur sem hefur vakið mikla athygli fyrir frumlegar og óvenjulegar sýningar þar sem blandað er saman þöggu leikhúsi, tónlist og dansi og klassískum sirkusbrögðum.

Frá Litháen kemur síðan leikhópur frá bænum Jonava með sýninguna „Bobos“, konur, sem byggð er á þjóðsagnasafni sem gengur undir nafninu Þorp fíflanna. Jonavaleikhúsið er eitt öflugasta leikfélag landsins og hefur oft verið fulltrúi Litháen á alþjóðlegum hátíðum. ■



CIRKITY GRAVIKUS Sænskur nýsirkus tekur þátt í alþjóðlegri leiklistarhátíð áhugamanna sem haldin verður síðar í mánuðinum á Akureyri



SVERRIR GUÐJÓNSSON Sönghópurinn Voces Thules tekur þátt í Mandela tónleikunum í Noregi.

## Syngja með í Tromsø

Sverrir Guðjónsson og félagar hans í sönghópnum Voces Thules taka þátt í styrktartónleikum Nelsons Mandela, sem haldnir verða í Noregi á laugardaginn.

Astæðan er sú að þeir sungu inn á plötuna Earth Affair með Gunnlaugi Briem, sem var boðið að taka þátt í þessum tónleikum þar sem platan hefur greinilega vakið athygli.

„Við syngjum með Gulla á tónleikunum,“ segir Sverrir Guðjónsson, „en jafnframt ætlum við að syngja eitt númer úr Þorlákstíðum, þannig að dýrlingurinn verði með í för.“

Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum í Tromsø eru Brian May gítarleikari Queen, Peter Gabriel, Annie Lennox og Robert Plant.

Nóg er að gera hjá sönghópnum þessa dagana, því í dag syngja þeir á norrænni ráðstefnu meina-tækna í Háskólabíói. Þar flytja þeir tónlist við kvikmyndina Fimmta árstíðin, sem var gerð eftir handriti Friðriks Erlingssonar og sýnd í sjónvarpinu í vetur.

„Ég sá þessa mynd og langaði þá að prófa að setja við hana okkar músík, sem er alveg frá fornu til samtíma og stilla þá músíkina inn á dramatíska framvindu í myndinni.“ ■

## Hátíð í Borgarfirði

Borgfirðingahátíð er að ganga í garð í björtu og verður með örlítið breyttu sniði í ár þótt fastir liðir séu margir hverjir á sínum stað.

Hátíðin hefst á föstudag og stendur fram á sunnudagskvöld. Á föstudaginn verður meðal annars baðstofukvöld með Álftagerðisbræðrum í hlöðunni á Indriðastöðum í Skorradal. Síðar um kvöldið verða djass- og blústonleikar á Búðarkletti og miðnætursund verður í Hreppslaug í Skorradal.

Á laugardaginn verður síðan efnt til útihátíðar við Borgarbrautina í Borgarnesi og um kvöldið verður hinn hefðbundni Ullarsokkur í Fossatúni, þar sem verður brekkusöngur og íslensk stuðsveifla á árbakkanum. ■

# SUMMAR TILBOÐ!

Allar nýjar og vinsælar geislaplötur á sumartilboði í verslunum Skífunnar



1.999 kr.

Goldplay - X&Y



1.999 kr.

System Of A Down - Mezmerize



1.999 kr.

Gorillaz - Demon Days



1.999 kr.

Duran Duran - Astronaut



1.999 kr.

Duran Duran - Greatest



1.999 kr.

Barbie Summer Hits




1.999 kr.

Gavin DeGraw - Chariot



1.999 kr.

Il Divo - Il Divo



1.999 kr.

Mariza

Í NÆSTU VIKU...



Bubbi - Ást



Bubbi - ...í 6 skrefa...



Foo Fighters - In Your...



...skemmtir þér ; )

**SÍÐASTA SÝNING Í VOR!**  
Fös. 10/6 nokkur sæti laus

**RAMBÓ**  
...ertu með?

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**AVAXTAKARFAN**  
I AUSTURBÆ

**Selma**  
Eva Appelstova

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurst flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

SPARISJÓÐURINN IsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Síðasta sýning fyrir sumarfrí Laugardagur 11. Júní kl: 13:30 www.midi.is

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**DÍNAMÍT**  
4 TILNEFNINGAR TIL GRÍMUNNAR!

■ Stóra sviðið kl. 20.00  
**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur  
Fös. 10/6 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.

■ DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson  
10. sýn. lau. 11/6 nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00  
**RAMBÓ 7** - Jón Atli Jónasson  
Fös. 10/6 nokkur sæti laus. Síðasta sýning í vor.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is  
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN**

**KALLI Á ÞAKINU**  
e. Astrid Lindgren  
Í samstarfi við Á þakinu  
Su 12/6 kl 14 **UPPS**, Su 12/6 kl 17 **UPPS**,  
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS**,  
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,  
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

**STÓRA SVIÐ**  
**99% UNKNOWN - Sirkussýning**  
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍPJOÐ  
Þri 14/6 kl 20,  
Mi 15/6 kl 20,  
Fi 16/6 kl 20,  
Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

**25 TÍMAR**  
Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON. Í kvöld kl 20 - Uppselt  
**Einstakur viðburður**

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN**  
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Í kvöld kl 20 - **UPPS**, Fö 10/6 kl 20  
Lau 11/6 kl 20, Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20,  
Lau 18/6 kl 20, Su 19/6 kl 20  
**Síðustu sýningar**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**

Miðasölusími 568 8000 midasala@borgarleikhus.is  
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is  
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:  
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudag

## DANSLEIKHÚS

## Nýtt listform ryður sér til rúms á Íslandi

Í kvöld standa Íslenski dansflokkurinn og Leikfélag Reykjavíkur fyrir dansleikhúsi á stóra sviði Borgarleikhússins. Um er að ræða eina sýningu þar sem níu höfundar etja kappi um besta dansverkið. Guðrún Vilmundardóttir er leiklistarráðunautur (dramatúrg) Borgarleikhússins og var í undirbúningsnefnd samkeppinnar. Guðrún segir að dansleikhús sé sjaldséð listform á Íslandi en vinsælt erlendis. „Þetta er alveg viðurkennt form og hefur verið að verið að ryðja sér til rúms úti í heimi,“ segir hún. „Dansleikhúsið er mjög modern, og bæði í dansflokknum og á leiksýningum sér maður dansleikhústakta. En hér á landi er þessi samkeppni eina sýningin þar sem listformið er alveg hreint og klárt.“

Þetta er í þriðja sinn sem samkeppnin er haldin og hafa undirtektir verið góðar, en á fjórða tug hugmynda að verkum bærust fyrir jól þegar keppnin var auglýst. Rjóminn af þeim var valinn til frekari útfærslu og nú hafa níu verk verið æfð til sýningar í kvöld. Höfundarnir fengu 25 tíma til að æfa verkið með dönsurum og leikurum, sem þeir völdu sjálfir, og því fékk sýningin nafnið 25 TÍMAR. Höfundar verkanna, sem og leikarar og dansarar, eru flestir menntaðir í leiklist eða dansi en nokkrir áhugamenn taka einnig þátt. Þrenn verðlaun eru veitt af fimm manna dómnefnd en að auki munu áhorfendur kjósa um besta verkið. Formaður dómnefndarinnar, Sean Feldman, er þekktur í listaheiminum en hann hefur komið



**INTEGRATE EFTIR INGVAR SIGURÐSSON** „Íslenski dansflokkurinn er mjög modern og er svoltið að róa á þessi mið,“ segir leiklistarráðunautur Borgarleikhússins. Dansleikhúsið felur í sér meiri leik en í nútímadansi og texti er oftast notaður.

fram með fjölda virtra dansflokka.

Að mati Guðrúnar hentar dansleikhúsið Borgarleikhúsinu vel því það gefur leikurum leikfélagsins og dönsurum í Íslenska dansflokknum sem hefur aðsetur í leikhúsinu tækifæri til að vinna mjög náið saman. „Það gefur nýja vídd í bæði formin, dans og leikhús,“ segir Guðrún. „Þetta er eiginlega hátíð, hápunktur leikhússins á árinu,“ segir hún enda er sköpunarkrafturinn mikill þegar níu ólíkir höfundar koma við sögu.

Sýningin 25 TÍMAR – dansleikhús/samkeppni hefst klukkan átta á stóra sviði leikhússins. „Þetta er keppni og eðli málsins samkvæmt er hún ekki endurtekin,“ segir Guðrún. Hún bendir á að verkin eigi sér mörg framhaldslíf en verðlaunaverk fyrri ára hafa verið útfærð frekar af Íslenska dansflokknum. Aðstandendur sýningarinnar stefna á frekari landvinninga og því má búast við að samkeppnin vaxi enn á næsta ári.

rosag@frettabladid.is

## BJARTIR DAGAR



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Lesið verður upp úr óútkominni bók hans á Björtum dögum í Hafnarfirði.

## Áfram bjart í Hafnarfirði

Bjartir dagar í Hafnarfirði fóru vel af stað í blíðskaparveðri og framundan er fjölbreytt dagskrá.

Í dag verður opíð hús í Hraunseli, Flatahrauni 3, þar sem eldri borgarar bjóða upp á kvennatrió sem syngur og jóðlar, karlakvartett og upplestur úr óútkominni bók Guðmundar Steingrímssonar trommuleikara og fleira.

Funkkvöld verður í Gamla bókasafninu við Mjósund þar sem Sammi úr Jagúar flytur fyrirlestur um funktónlist og blandar inn lifandi tónlist.

Þá verður ljóðakvöld í Hafnarfjarðarleikhúsinu, þar sem ljóðskáld úr Hafnarfirði lesa upp ljóð sín m.a. Valur Grettisson, Haukur Ingvarsson og Ólafur Kolbeinn Guðmundsson.

Á morgun verður Hipp-hopp kvöld í Gamla bókasafninu við Mjósund þar sem Einfarinn, Ramses, Hin heilaga þrenning og NBC rappa og Hermigervill spilar. Graffityhópurinn SMK sýnir listir sínar á veggjunum.

Um kvöldið verður síðan haldin Söngvakeppni hinna mörgu tungumála í umsjá Alþjóðahússins þar sem söngur, sviðsframkoma, búningar og undirtektir áhorfenda skipta máli til að fá sem flest stig. Dómarar eru þrjár landsþekktir hafnfirskir tónlistarmenn. Söngvakeppnin fer fram í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins. ■

**traffic**  
HAFNARGÖTU 30 - KEFLAVÍK

**LAUGARDAGUR:**  
**HOLLYWOOD**  
stemmning

Miðaverð kr. 1.000  
glaðningur fylgir miða

**Gunni Gunn**  
rifjar upp alla gömlu góðu taktana af skemmtistaðnum **Hollywood**

**25 ára**  
aldurstakmark

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

**IT'S MILLER TIME.**

■ TÓNLEIKAR

# Latíndjass í Apótekinu

„Þetta var tekið upp lifandi af lifandi mönnum,“ segir Óskar Guðnason um nýja diskinn sinn, Bossa Nova Hot Spring, sem hann er að senda frá sér.

Á disknum flytja nokkrir djassleikarar í fremstu röð lög eftir Óskar, sem hafa verið færð í ljúfan latíndjassaðan búning.

„Þetta eru snillingar,“ segir Óskar um nafna sinn og frænda, Óskar Guðjónsson saxófónleikara og hljómsveitina Bakland sem er skipuð Ómari Guðjónssyni á gítar, Jóhanni Ásmundssyni á bassa og Helga Svavari Helgasyni á trommur.



**BAKLANDIÐ** Hljómsveitin Bakland flytur latíndjössuð lög Óskars Guðnasonar í Apótekinu í kvöld.

Diskurinn var tekinn upp í þremur aföngum í hljóðveri Magnúsar Kjartanssonar og áherslan var lögð á að leyfa leikgleði hljóðfæraleikaranna að njóta sín.

„Dagskipunin var bara að gera þetta fallegt, og mér finnst það hafa tekist mjög vel hjá þeim.“

Óskar er gítarleikari og lagasmiður og hefur áður sent frá sér plötur með eigin lögum, þar á

meðal Lífsins línudans sem kom úr árið 2001. Á þeirri plötu var meðal annars lagið Gamall draumur sem Bubbi Morthens söng og hafði komið út áður á kasettu.

Í kvöld verða útgáfutónleikar haldnir í Apótekinu í Austurstræti, þar sem hljómsveitin Bakland leikur ásamt Óskari Guðjónssyni saxófónleikara. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og standa til miðnættis. ■

**KRINGLUKRÁIN**

Geirmundur Valtýsson með dansleik um helgina

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 588 0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**Leikskrá**

Alveg brílljant

**SÍÐUSTU SÝNINGAR!!!**

Aðeins 2 sýningarhelgar eftir

Missið ekki af einleik Eddu Björgvins í Borgarleikhúsinu • Sími 588 8000

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

6	7	8	9	10	11	12
---	---	---	---	----	----	----

Fimmtudagur

■ TÓNLEIKAR

- 20.00 **Kvennakór Garðabæjar** heldur seinni vortónleika sína í Há-sölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Meðleikarar kórsins eru þær **Helga Laufey Finnbogadóttir** pianóleikari og **Marion Herrera** hörpuleikari. Kórstjóri er **Ingibjörg Guðjónsdóttir**.
- 20.00 **Selkórinn** flytur meðal annars óperettutónlist frá Vín á tónleikum í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi er **Jón Karl Einarsson**, pianóleikari **Arndís Inga Sverrisdóttir**, en sérstakur gestur verður **Auður Hafsteinsdóttir** fiðluleikari.
- 20.00 Hljómsveitin **Skátar** heldur sína fyrstu sumartónleika á Sirkus ásamt vinum sínum í hljómsveitinni **Reykjavík!**
- 20.30 **Noorus** kórinn frá Tallinn í Eistlandi syngur undir stjórn Rauls Talmar á opnunartónleikum **Kórastefnu** í Mývatnssveit, sem haldnir verða í félagsheimilinu Skjólbrekku. Á efnið eru ítalskir og enskir mardrög og eistnesk kórtónlist.
- 22.00 Sænska surfrókhljómsveitin **Langhorns** verður með tónleika á Grand Rokk.
- 22.00 **Óskar Guðjónsson** saxófónleikari spilar ásamt hljómsveitinni **Bakland** á útgáfutónleikum diskisins **Bossanova - Hot Spring**.
- 22.30 **B3 tríó** leikur djass á Pravda.
- Á Gauki á Stöng verður underground trúbadorskvöld með **Pétri Ben** ásamt vel völdum félögum.

■ ÚTIVIST

- 20.00 **Arni Hjartarson** jarðfræðingur fjallar um hraun, gjár, jarðskorpuhreyfingar og fleira sem við kemur jarðfræði Þingvallasvæðisins í fyrstu **Þingvallagöngu** sumarsins, sem hefst við fræðslumiðstöðina við Hakið.

■ FUNDIR

- 20.00 Kynning á tveimur **Afríkuferðum**, sem farnar verða í haust, verður haldin í húsi Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6.

■ BJARTIR DAGAR

- 14.00 **Skemmtidagskrá eldri borgara** verður í Hraunseli, Flatahrauni 3. Kvennatrió syngur og jóðlar, karlakvartett tekur lagið, lesið verður upp úr útkominni bók **Guðmundar Steingrímssonar** og flutt verða gamanmál. Síðan verður rekstrasjón þar sem Guðmundur Steingrímsson og félagar leika fyrir dansi.
- 19.30 **Funkkvöld** í Gamla bókasafninu við Mjósund. **Sammi** úr Jagúar flytur fyrirlestur um funktónlist þar sem blandað er inn lifandi tónlist. **Spilabandið Runólfur** flytur funk. Aðgangur ókeypis.
- 20.00 **Valur Grettiðsson, Haukur Ingvarsson, Ólafur Kolbeinn Guðmundsson** og fleiri ung ljóðskáld úr Hafnarfirði lesa upp á **ljóðakvöldi** í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



## Er þitt heimili öruggt? Leyfðu okkur að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöð Íslands fyrir 30. júlí og þú getur valið á milli tveggja glæsilegra kaupauka. Vertu áhyggjulaus í fríinu, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili á meðan.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:



Verndaðu heimili þitt fyrir óboðnum gestum!

- Innbrotaviðvörðun.
- Nætgæslu.
- Brunaviðvörðun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Uppsetning á kerfi.
- Fjarstýringu.



**KAUPAUKI 1.**



**KAUPAUKI 2.**

öryggi í bílinn

**Hringdu núna!**  
Við erum ávallt á vaktinni  
**530 2400**

Einnig gefst núverandi viðskiptavinum kostur á að kaupa verðmætaskápinn og slökkvitækið ásamt öryggisþúðunum á sérstöku tilboði. Hafið samband við sölufulltrúa okkar í síma 530-2400.



ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • Sími 530 2400 • Fax 530 2401 • [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)

Öryggis- og aðgangsstýringu • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður



## VEITINGASTAÐURINN

## LA PRIMAVERA

AUSTURSTRÆTI 9, 101 REYKJAVÍK



## Ítölsk matargerð úr íslensku hráefni

**Hvernig er stemningin:** La Primavera er flottur staður með glæsilegt útlit en engu að síður er þar létt og óformleg stemning. Þar er boðið upp á norður-ítalskan mat og létt djasstónlist gerir andrúmsloftið þægilegt. Bæði er boðið upp á fjölbreyttan hádegismatseðil og spennandi kvöldverð. Staðurinn státar einnig af einstöku úrvali ítalskra vína.

**Matseðillinn:** Fjölbreytni er lykil-orðið og breytist kvöldverðarmatseðillinn að meðaltali á eins og hálfis mánaðar fresti. Meðal þess sem finna má á matseðlinum er ekta

ítalskt góðgæti eins og ferskt heimalagað pasta, risotto og gnocchi. Einnig er boðið upp á fisk, fugl og villibráð og fer úrvalið eftir því ferskasta hverju sinni.

**Vinsælast:** Grillaður skötuselur með parmesan risotto, vorlauk, stökku beikoni og rauðvinsjus er vinsælasti réttur staðarins í dag.

**Réttur dagsins:** Í hádeginu er boðið upp á súpu dagsins og fisk dagsins. Á kvöldin er fimm rétta valmatseðill matreiðslumeistarans og breytist innihald hans frá degi til dags.



VALENTÍNA getur gleymt sér tímum saman við að finna upp nýja rétti og eldar ávallt með ást og umhyggju.

## Hjartað slær í eldhúsinu

Uppáhalds uppskrift Valentínu Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Móður náttúru, er suðrænn silungur með góðu meðlæti. „Það er samt árstíðabundið hvað er í uppáhaldi hjá mér. Nú er silungaveiðitíminn og þá er svo gaman að elda hann,“ segir Valentína. Móðir náttúra er fyrirtæki sem framleiðir grænmetisrétti sem seldir eru í matvöruverslunum, á spítölum og leikskólum. Hvatinn að stofnun fyrirtækisins var einfaldlega sá að Valentínu finnst svo óskaplega gaman að gefa fólki að borða. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á matargerð og byrjaði að elda aðeins tíu ára gömul. „Matargerð er sköpun og ég fæ ákveðna útrás fyrir sköpunarþörfina í eldhúsinu,“ segir Valentína. Henni finnst gaman að gera mat úr því sem til er, því það mikilvægasta sé að leggja alúð við matseldina. Til að eldamennskan heppnist vel finnst henni skipta mestu máli að eiga vandað hráefni í ísskápnunum; gott grænmeti og góða piparkvörn. Einnig finnst henni gaman að leika sér með ýmsar tegundir olíu og ediks út á salat. „Ég borða mikið salat og það er hægt að gera salat á svo margan hátt, allt eftir hráefni-

inu og dressingunni.“ Valentína segir að þótt hún sé með silung í uppskriftinni þá passi meðlætið einnig mjög vel með kjúklingi eða grænmetisbuffum. Hún segir að grænt salat eigi líka mjög vel með réttinum.

**SUÐRÆNN SILUNGUR MEÐ GÓÐU MEÐLÆTI**  
Silungsflök  
Olía  
Hvítlaukur (magn fer eftir smekk)  
Sítróna  
Grófmulinn svartur pipar  
Salt

Berið olíu á silunginn, setjið grófsaxaðan hvítlaukinn, svartan pipar og sítrónusafa yfir og látið marinerast í 30 mínútur. Sjóðhitið olíu á pönnu og steikið fiskinn fyrst með roðliðina upp.

Saltið eftir á og kreistið sítrónusafa yfir.

**TÓMAT OG PAPRIKUSÓSA ÆTTUÐ FRÁ MIÐJARÐARHAFINU**  
Olía  
1 vænn laukur sneiddur  
6-7 tómatar skornir í bita

1 rauð paprika sneidd  
1 græn paprika sneidd  
1 lúka steinselja salt  
svartur pipar

Hitið olíu í potti, setjið laukinn út í og steikið hann í 5 mínútur, hrærið í af og til. Bætið restinni af grænmetinu út í pottinn og látið malla saman í ca. 30 mínútur með lokið á pottinum. Hrærið í með ást og umhyggju. Salt og pipar eftir smekk.

**SELLERÍMÚS**  
Fyrir ca. 4  
1 Selleryrót  
Mjólk  
Smjörklípa  
Smá hvítur pipar  
Salt

Afhýðið sellerírótina, skerið hana í litla bita og setjið í pott. Bætið mjólkinni út í svo rétt fljóti yfir. Látið sjóða á lágum hita í um það bil 30-40 mínútur. Þegar sellerírótin er orðin mjúk er þetta stappað saman. Svo er smjörinu bætt við, saltað og piprað eftir smekk. Það er best að mauka þetta saman í matvinnsluvél.



## Grillað spergilkál og blómekál

400 g spergilkál  
400 g blómekál (nota má eingöngu aðra tegundina) salt  
4 msk. ólífuolía  
1 hvítlaugsgeiri, pressaður  
2 tsk. ferskt rósmarín eða 1/2 tsk. þurrkað nýmalaður pipar

Spergilkálið og blómekálið snyrt og skipt í kvisti. Soðið í saltvatni í 3-4 mínútur og síðan látið renna vel af því. Olía, hvítlaukur, rósmarín, pipar og salt sett í skál og hrært saman. Spergilkálið og blómekálið sett í skálina og blandað vel. Látið standa nokkra stund og hrært öðru hverju. Grillið hitað. Kálið sett í wok-pönnu fyrir grill (með götum), í virgrind eða á grillbakka úr áli og grillað við góðan hita í nokkrar mínútur, eða þar til það er farið að brúnast og komið grillbragð af því. Hrært eða snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram heitt með grilluðu kjöti, kjúklingi eða fiski.



## MATGÆÐINGURINN HALLDÓRA RUT BJARNADÓTTIR DAGSKRÁRGERÐAKONA

## Elskaði grænar baunir sem barn

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**  
Ég nota rauðlauk og svartan pipar mikið til bragðbætingar. En án ostis gæti ég ekki verið. Osturinn er lúmskur og þá er ég að tala um allar gerðir af ostum alveg frá kotasælu og í vel geymdan þroskaðan ost. Það er hægt að nota hann í matargerð af öllu tagi til að gefa bragð.

**Fyrsta minningin um mat?** Þegar ég var lítil þá elskaði ég grænar baunir og ég man eftir því að hafa fundist nautatunga góð.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Ég hugsa að allur matur sé lostæti sé hann eldaður rétt en það sem skiptir höfuðmáli að mínu mati er stemningin. Þaraffleiðandi eru það hátíðir með fjölskyldu og vinum sem gera matinn sérstakan og minnisverðan.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Amma kenndi mér að

smakka áður en ég dæmi. Ég elska að smakka nýjan mat og finnst í rauninni voða fátt vont. En ég á mjög erfitt með að borða mat þar sem ég sé andlítið á dýrinu eins og svið. En mér finnst kjötið virkilega gott og sviðasulta lostæti.

**Leyndarmál úr eldhússkápnunum?** Töfrataekið mitt er án efa kekkjutyllir.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ég geri sérstakan snakkrett með alls konar sósum, ostum og kryddi. Svo geri ég heimatilbúinn bragðaref með fullt af súkkulaði og lostæti.

**Hvað áttu alltaf í ískápnunum?** Ég vil alltaf eiga nóg af ávöxtum og er einmitt þessa dag-

ana að prufa mig áfram í hinum ýmstu tegundum ávaxta.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?**

Ég tæki rétt sem Adda mamma væri búin að fylla af sinni fongulegu piparostasveppa-allskonarsósu.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**

Það var án efa þegar ég var í Kína. Þar þykir mikil óvirkning að bragða ekki á því sem manni er boðið. Ég hafði ekki hugmynd um hvað það var sem ég setti upp í mig, en það var virkilega furðulegt í laginu og mjög undarlegt á bragðið. En eins og ég lærði af ömmu gömlu þá á maður víst að smakka áður en maður dæmir.



## NORTON: Vín mánaðarins í Gestgjafanum

Nýverið valdi Þorri Hringsson argentínska rauðvínið Norton Cabernet Sauvignon Reserva 2002 vín mánaðarins í Gestgjafanum. „Annar mánuðinn í röð er argentínskt rauðvín vín mánaðarins hjá mér og ef það segir ykkur ekkert um þá möguleika sem ég tel Argentínu búa yfir þá hafið þið ekki verið að fylgjast með!“ segir Þorri. Í um-sögn sinni segir hann að Norton sé „mjúkt og sérlega vel gert vín sem er á einstaklega góðu verði miðað við gæðin“.

Bodega Norton í Argentínu á sér langa sögu sem eitt af helstu víngerðarhúsum Argentínu. Húsið er þekkt fyrir að framleiða gæðavín á einkar hagstæðu verði. Víngerðin var stofnuð árið 1895 af Englendingnum Edmund Norton en hann hafði komið til Argentínu til að gera járnbraut sem

tengir Mendoza-svæðið við Chile. Árið 1989 var svo fyrirtækið keypt af Austurríkismanninum Gernot Langes-Swarovski sem hefur rekið það síðan og aukið framleiðsluna og gæðin jafnt og þétt.

Norton Cabernet Sauvignon Reserva 2002 fæst í Heiðrónu og Kringlunni og kostar 1.390 kr.

Í flestum Vínbúðum er svo á boðstólum Norton Cabernet Sauvignon 2004 sem er einstaklega aðgengilegt vín, flauelsmjúkt og hentar vel með góðu lambakjöti. Fékk einkunnina 17/20 hjá Steingrími Sigurgeirssyni, vínrýni Morgunblaðsins, og var auk þess útnefnt „Bestu kaupin“ hjá Þorra Hringssyni í Gestgjafanum.

Verð í Vínbúðum 990 kr.



## NUVIANA: Brakandi ferskt frá Spáni

Nuviana Chardonnay er að mörgum talið vera eitt helsta sumarvínið í ár og var til að mynda valið bestu kaupin í Vínbúðunum í síðasta tölublaði Gestgjafans. Nuviana Chardonnay er vín sem óhætt er að mæla með einu og sér en er einnig frábært með léttum mat s.s. salati, fiskmeti af ýmsu tagi og smellpassar með kjúklingi og öðru ljósu kjöti. Chardonnay eins og það gerist best frá Spáni.

Nuviana Cabernet Sauvignon/Merlot er blanda af tveimur þekktustu þrúgum vínheimsins sem tvinnast ákaflega vel saman og er útkoman þægilegt vín sem óhætt er að mæla með. Einstakt vín með grilluðum mat af ýmsu tagi, þó sérstaklega gott með lambakjöti.

Nuviana Chardonnay og Nuviana Cabernet Sauvignon/Merlot eru á reynslu í Vínbúðunum og fást þar af leiðandi ein-göngu í Heiðrónu og Kringlunni.

Verð í Vínbúðum 990 kr.



# Kastaradagar

Úrval kastara á frábæru verði! **Allt að 70% afsláttur**

<b>TRIUMPH</b> Tilboðsverð: <b>7.960-</b>	<b>CUBIX</b> Tilboðsverð: <b>13.475-</b>	<b>RAP</b> Tilboðsverð: <b>4.930-</b>	<b>RAP</b> Tilboðsverð: <b>3.930-</b>
<b>LIDO</b> Tilboðsverð: <b>1.390-</b>	<b>KOS</b> Tilboðsverð: <b>1.764-</b>	<b>KOS</b> Tilboðsverð: <b>4.490-</b>	<b>KOS</b> Tilboðsverð: <b>4.490-</b>
<b>LYON</b> Tilboðsverð: <b>590-</b>	<b>MINI</b> Tilboðsverð: <b>6.790-</b>	<b>MINI</b> Tilboðsverð: <b>4.985-</b>	<b>MINI</b> Tilboðsverð: <b>1.960-</b>
<b>MYSTIC</b> Tilboðsverð: <b>9.950-</b>	<b>MYSTIC</b> Tilboðsverð: <b>4.980-</b>	<b>MYSTIC</b> Tilboðsverð: <b>2.966-</b>	<b>SNAP</b> Tilboðsverð: <b>4.985-</b>

**Síðustu dagar**

**Rafkaup**  
ÓPÍÐ LAUGARDAGA: 11 - 16  
Ármúla 24 • S: 585 2800

### ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



**Talstöðin**  
FM 90,9

### ÚTSÖLUSTAÐIR

LJÓSIN Í BÆNUM, Suðurverí / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI**, Hafnarfirði / **BYMOS**, Mosfellsbæ / **RAFBÚÐ RÓ**, Keflavík / **BLÓMSTURVELLIR**, Hellissandi / **PRISTUR**, Ísafirði  
**KAUPF. HVAMMSTANGA** / **KRÁKUR**, Blönduósi / **RAFSJÁ**, Sauðárkrók / **RAFLAMPAR**, Akureyri / **ÖRYGGI**, Húsavík / **SVEINN GUÐMUNDSSON**, Egilsstöðum / **RAFALDA**, Neskaupstað / **HS RAF**, Eskifirði / **KLÖRUBÚÐ**, Djúpvaggi / **LÓNID**, Höfn / **KLAKKUR**, Vík / **GEISLI**, Vestmannaeyjum



„Mrs. Robinson, you're trying to seduce me.“

Hinn saklaus Benjamin veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar hin kynþokkafulla móðir kærustu hans, frú Robinson, fer á fjórurmar við hann. Ógleymanlegt atriði sem er klassískt í kvikmyndasögunni. Anne Bancroft heitin og Dustin Hoffman í fantaformi og ekki má gleyma lagi Simon & Garfunkel, Mrs. Robinson.

## bíó

bio@frettabladid.is

## Ekki bara sæti strákurinn

Brad Pitt er ekki búinn að vera lengi að í kvikmyndum. Hann var orðinn 24 ára þegar hann birtist fyrst sem þjónn í myndinni No Man's Land. Þá var aðalstjarnan í myndinni Charlie Sheen og nafn Pitt kom ekki fram á leikaralistanum.

Það var ekki fyrr en 1991 þegar Brad Pitt fékk hlutverk í kvikmyndinni Thelma & Louise sem hann vakti fyrst athygli, þá 28 ára gamall. Hlutverkið var ekki stórt en það var eitthvað við þennan dreng frá Springfield, Oklahoma. Hans næsta stóra hlutverk var í veiðimyndinni A River Runs Through it. Hann lék síðan fjöldamorðingja í Kalifornia og stelpur víða um heim skræktu þegar hann var ber að ofan í gallabuxum að grafa skurð. Kvikmyndaspékúlarar spáðu þessum sykursæta dreng ekki langlífi í kvikmyndum en þeir þurftu heldur betur að éta

allt ofan í sig. Pitt hefur verið duglegur að nýta sér ekki útlitið heldur leyft hæfileikum sínum að blómstra. Hann lék blóðsuguna du Lac í Interview with a Vampire. Hann varð loks ein stærsta kvikmyndastjarna Hollywood þegar hann lék lögreglumanninn David Mills í Seven og kynntist þar sinni fyrstu eiginkonu, Gwyneth Paltrow. Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í Terry Gilliam myndinni Twelve Monkeys og gerði Tyler Durden ódauðleg skil í Fight Club.

Það væri hreinlega of langt mál að telja upp allar þær myndir sem hafa gert það gott í miðasölu og Brad Pitt leikið í. Hvort ástæðan sé sú að hann hefur reynt að velja góð handrit og leiki bara í góðum myndum skal ósagt látið. Brad Pitt sjálfur er nefnilega nokkuð góð ástæða fyrir velgengni kvikmynda.



BRAD PITT Er án nokkurs vafa orðinn að gullkálfi í Hollywood og myndir hans ganga oftast mjög vel í miðasölu.

## MÆLUM MEÐ Á DVD...

... kvikmyndinni Closer sem kom út í gær. Natalie Portman, Julia Roberts, Clive Owen og Jude Law eru öll stórgóð í þessari mynd eftir Mike Nichols. Ekki skemmir tónlistin fyrir en meðal laga í myndinni er The Blower's Daughter með Damien Rice. Bæði Clive Owen og Natalie Portman voru tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni og þar að auki fengu þau bæði Golden Globe-verðlaunin. Þá var Owen tilnefndur til bresku BAFTA-verðlaunanna.



## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



### MR & MRS. SMITH

Internet Movie Database  
Rottentomatoes.com 65% / fersk  
Metacritic.com 6,2 / 10



### INSIDE DEEP THROAT

Internet Movie Database 6,7 / 10  
Rottentomatoes.com 79% / fersk  
Metacritic.com 8,5 / 10

## Þar til dauðinn aðskilur þau

Á yfirborðinu eru herra og frú Smith bara venjuleg úthverfahjón. Lifa átakalaus lífi sem líður áfram eins og straumlaust fljót. Ekki er þó allt sem sýnist því bæði eru þau einhverjir bestu leigumorðingjar sem sögur fara af og hvorugt veit af hinu. Það á þó fljótlega eftir að breytast. Í næsta verkefni eiga þau nefnilega að drepa hvort annað og þá fer gamanið heldur betur að kárna. Þau gera sér þó fljótlega grein fyrir því að það er maður í mysunni og ef þau ætla að bjarga hjónabandinu verða þau að standa saman.


Kvikmyndin Mr. & Mrs. Smith verður heimsfrumsýnd í kvöld. Myndin hefur verið á milli tannanna á fólki síðan tókur hófust. Ekki þó fyrir þær sakir að málefni myndarinnar sé eldfimt heldur fóru fljótlega sögur á kreik um að aðalleikararnir væru að stinga saman nefjum. Þau Brad Pitt og Angelina Jolie hafa þráfallega neitað þeim orðrómi.

Það eru miklar væntingar gerðar til Mr. & Mrs. Smith. Hún skartar enda tveimur af skærustu stjörnum Hollywood. Í leikstjórasætinu situr Doug

Liman sem gerði kvikmyndina Bourne Identity en Pitt valdi hann til þess að leikstýra myndinni. Nokkrir þekktir leikarar koma við sögu í myndinni sem aukapersónur. Má þar fyrstan nefna gamanleikarann Vince Vaughn sem leikur hálfgerðan vin John's, Eddie og þá kemur Adam Brody, stjarnan úr OC þáttunum einnig við sögu.

Angelina Jolie er ein vinsælasta leikkona heimsins í dag. Hún vakti fyrst athygli í sjónvarpsmyndinni Gia, þar sem hún lék samnefnda fyrirsætu sem drap sjálfa sig á eiturfylfjaneyslu. Næst á eftir fylgdi myndin Girl, Interrupted þar sem Jolie fór hamföllum og vann Óskarsverðlaun fyrir leik sinn. Síðan þá hefur hún gert Lauru Croft góð skil auk þess sem hún ferðast um heiminn sem sérstakur sendiherra Sameinuðu þjóðanna. ■

JOLIE OG PITT Það er óhætt að lofa því að myndin sé kynþokkafull því bæði Jolie og Pitt hafa verið ofarlega á listum yfir fallegasta fólk heims.



## Óskarsverðlaunamyndir koma út á myndbandi

Þeir sem ekki stunda kvikmynda-húsin af neinu viti bera oft fyrir sig að þeir bíði eftir myndunum á myndböndum. Það verður því háttíð í bæ hjá þeim í júnímánuði því fjöldi gæðamynda mun líta dagsins ljós hjá myndbandaleigunum.

Fyrsta ber að nefna Napoleon Dynamite sem kitlar hláturtaugarnar svo um munar en hún kom út sjötta júní. Þann sextánda júní er svo komið að stórmýndinni Aviator eftir Martin Scorsese sem flestir spáðu að myndi sópa að sér Óskarsverðlaunum. Þrátt fyrir að svo hafi ekki orðið þá er myndin veisla fyrir augu og eyru. Tutt-

ugusta júní er komið að franska meistarastykkinu Les Choristes og skömmu eftir það kemur svo Ray þar sem Jamie Foxx fer hamföllum í hlutverki hins blinda Ray Charles en hún kemur út 23. júní. Þann 27. júní kemur svo loks Million Dollar Baby eftir Clint Eastwood, en myndin fékk öll helstu Óskarsverðlaunin í ár. Meðal annarra mynda sem koma út í þessum mánuði má nefna mynd Pedro Almódvar, La mala educacion, House of Flying Daggers og Mean Creek en þær voru allar sýndar á IIFF kvikmyndahátíðinni. ■



DICAPRIO OG BLANCHETT Það kom mörgum á óvart að mynd Scorsese skyldi ekki fá Óskarinn í ár. Aviator kemur á leigurnar 20. júní



## ÚTSALA ÚTSALA

40 – 60 % afsláttur  
Ótrúlega lágt verð

Dæmi um verð:	Áður	Núna
Hettupeysa	6.500.-	3.900.-
Jakkapeysa	6.100.-	3.700.-
Peysu sett	8.600.-	4.900.-
Peysa m/v-háls	6.900.-	3.900.-
Ermalaus toppur	3.800.-	2.300.-
Síffonbolur m/perlum	6.600.-	3.300.-
Blündutoppur	2.600.-	1.600.-
Vafinn toppur	2.500.-	1.500.-
Röndóttur bolur	3.300.-	2.000.-
Stutterma skyrta	3.300.-	2.000.-
Síð skyrta	6.200.-	3.800.-
Teinóttur jakki	6.200.-	2.900.-
Kjöll m/blöndu	7.100.-	3.900.-
Pils	3.500.-	1.900.-
Dörmubuxur	5.200.-	2.900.-
Gallabuxur	4.800.-	2.900.-
Kvartbuxur	5.700.-	2.900.-

Og margt margt fleira

Opíð 10:00 - 18:00 og 10:00 - 16:00 laugardag

www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13  
Sími 568-2870



**DEEP THROAT** Kvikmyndin varð ótrúlega vinsæl þrátt fyrir að vera klámmynd og gerði Lindu Lovelace að stjörnu, sem hún síðar kærði sig ekki um.

## Klámmynd afhjúpuð

Í Inside Deep Throat er skyggst bak við tjöldin á hinni umdeildu mynd Deep Throat sem olli því líkri hneykslan og byltingu að heimurinn hafði ekki séð annað eins. Í henni eru viðtöl við þá sem tóku þátt í gerð myndarinnar og ætluðu sér bara að búa til „saklausu“ ljósbláa mynd. Sögumaður í myndinni er Dennis Hopper en framleiðandi myndarinnar er hinn þekkti Brian Grazer og leikstjórar eru þeir Fenton Bailey og Randy Barbato. Myndin verður frumsýnd á föstudaginn í Háskólabíói.

Deep Throat kvikmyndin fjallaði um konu sem hafði snúning í hálsinum. Þetta var klámmynd sem varð að kult mynd, kult mynd sem varð táknræn fyrir nýja kynslóð sem stundaði frjálst kynlíf.

Linda Lovelace varð stórstjarna á einni nóttu en hún helgaði síðar líf sitt baráttu gegn klámi allt til dauðadags. Hún lést fyrir þremur árum. Linda hélt því alltaf fram að henni hefði verið nauðgað í myndinni.

Deep Throat myndin kostaði á sínum tíma 25 þúsund bandaríkjadala en skilaði 600 milljónum dollara í gróða þrátt fyrir að hafa verið bönnuð í 22 ríkjum Bandaríkjaanna. Ein af ástæðum þess að myndin varð svona gríðarlega vinsæl var sú að á þessum árum var bandarískt þjóðfélag að taka stökkbreytingum. Gömlu gildin að falla úr gildi og í staðinn voru ný og róttækari gildi að taka við. Deep Throat var eitt merki um það. ■

## Kynning á tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar á Garðatorgi



Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016 verður kynnt í göngugötunni á Garðatorgi dagana 9. - 22. júní nk. auk þess sem hægt verður að fá upplýsingar um tillöguna á heimasíðu Garðabæjar <http://www.gardabaer.is>.

### Tillagan er á vinnslustigi.

Garðbæingar og aðrir eru hvattir til að kynna sér tillöguna á vinnslustigi, skila inn hugmyndum og ábendingum og taka þannig þátt í að móta endanlega tillögu.

Skipulagsráðgjafar, starfsmenn og bæjarfulltrúar verða á staðnum dagana 9., 10., og 16. júní kl. 16-18, og veita upplýsingar og svara fyrirspurnum.

Hægt er að senda athugasemdir, ábendingar og hugmyndir með því að velja Samráð á vefsvæðinu Minn Garðabær eða skila þeim bréflaga á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og merkja þær skipulagsfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar



FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## Pláss fyrir fleiri ævintýri



### COROLLA WAGON. Fjölskyldubíll með ferðaprá.

Corolla Wagon er freistandi kostur fyrir fólk sem langar bæði til að njóta lífsins í borginni og ferðast á eigin vegum. Hönnunin er stílhrein og gleður augað en ekkert er gefið eftir þegar kemur að notagildi. Innanrými er sérstaklega vel skipulagt með þægindi og nýtingu í huga og gefur mögu-

